
Dauid Pfau
Dresdnianer
Societ. Jesu

Ex editione Rafniana
Hafniæ 1833. H. Eiríksson

142.2
Jón

Sio Sende-Bref JEsu Christi, Til Safnadaña i Asia.

Med stuttre

Utskijringu,

i hvorre minnst er af

Sio Astgiafer H. Anda.

Samantekenne

Peim til andlegs Fródleiks og sáluhiálplegra Nota, er yfirvega vilia,

af Sr.

Gudmunde Högnasyne

Sooknar-Preste ad

Westmannaeyum.

Seliast Innbunden, 10. Fiskum.

Hrappsey, 1784.

Prentud i Þvi konunglega privilegerada Bókpryckerie,

Af Gudmunde Jons Syne.

PSALM. CXLIII.

DRottenn, kenn þu mier ad giöra epter þinum Vilia, þviad þu ert minn Gud, þinn goodur Ande leide mig á sliettum Vege.

Liwfe Lesare!

Pad sem mier hefur genged til ad samanntaka þessa litlu Utskiringu yfir þau Sio Sende-Bref JEsu Christi, til Safnadaña i Asia, er þad: 1. Ad Guds Æra þvi meir wtbreiddest. 2. Ad hanns Christne uppbyggdest. 3. Ad hiner Ofroodu i nockru uppfræddust. 4. Ad hiner Froodu upprfuduſt, til ad giora Utskijring yfir adrar vandskildar Greiner H. Ritningar, og til ad

lagfæra þad i þessare er ábootavandt, sem margt kann ad vera af minne Hælfu. 5. Ad mijn Mædu-Dægur stythust med þvilijkra Hluta Umþenkingu. 6. Ad eg á medan fryadest frá þvngum og hiegoomlegum Paun kum. Og 7. Ad eg þenkte mier mundi (sem odrum) þykia of-fátt Gott af mier verkad, þegar ecke yrde lengur verkad; Þvi gyrnest eg þetta litla Verk verde til goodra Nota, ollum sem þad sia og heyra Vilie nockur tilgeta mier hafi til þess annad genged, sá vare sig ad hann ecke med þvi syndge. Vird vel, nioot vel, og lif vel!

Þess Oskar

Þinn

Westmannaeyum
Þañ 20. *Octobr.*
1768.

Þenare

GUDMUNDUR HÖGNASON.

Ingangurenn.

Vitskan byggde sier Hws, og hiop sio Stoolpa, Prov. 9. An Efa er hier med meint til ad byggia sitt Hws yfer þaa somu; Fyrer þessa Vitsku, verdur rettelega og veniulega skilen, sw onnur Persona Guddoomsens JEsus Christus Guds Sonur, sem er sw eilijfa, verulega, guddoomlega Speke, fyrer hvorn aller Hluter eru i Upphafi giorder, Prov. 8. Joh. 1. Col. 1. En þar fyrer eiga ecke hinar Guddoomsens Personur, þar fra ad wtelykiast, helldur eiga Menn ad vita, ad eins er sw eilijfa, verulega, guddoomlega Speke, Guds Fodurs og H. Anda verulegur Eigennlegleike, sem Sonarens, lijka sem

aller adrer Guddoomsens Eigennlegleikar, eru ollum Personunum sameigennleger, þar fyrer ei fyrer þessa Vitsku ad skiliast, sa alleina vijse, Rom. 16. þijeine Gud, af hvorium allur sannur Vijsdoomur hefur sinn Uppruna; Hwsid sem sa alvijse og alleina volldugue Gud, 1 Tim. 6. hefur byggt, er ecke einasta sa af honum skapade synelege Heimur, helldur einnig þar inne sw almennelega, christelega Kyrkia, hanns andlega Sauda-Hws, Joh 10. sem hann vidhelldur, þar til hann flytur hana loksins til sinna himnesku Hwsa. Stoolparner sio, yfir hvoria þetta Hws er byggt, eru ecki ert annad enn Guds kroptuga Ord, fyrer hvort aller Hluter eru giorder, standast og vidhalldast; Þvi jafnvel þo þeir H. Postular Christi hafi fyrer Stoolpa calitner vered i Christneñe, Gal. 2. hafa þeir samt ecke annad vered eñ Verka-Meñ, sem byggt hafa sinn Lærdoom ei Guds Orde alleina. Af þvi þesser Stoolpar eru sio i Tale, mei framar siei, ad þesse Bygging er ecke grundud ei mannlegre Vitsku, helldur gudlegre, þvi ecke er oss kunnugt ad Menn hafi Hws byggt ei þann Hætt, enn þad vitum vier, ad sa almættuge Gud hefur morg sijn guddoomlegu Verk og Stoormerke med þessu Tale fullkomnad, so sem, Verk Skopunarennar, Endurlausnarennar og Helgunarennar, Upplysingarennar, Vidhalldsins i Trwnne, og so frañveges: Og med þvi oll Guds Verk eru fullkomenn, þa hef-

hefur honum þocknast ad lata oss þeckia Sio i Tale, edur Siounden̄a, fyrer Fullkommunar Tal, til ad vidhiælpa vorum veikum Skilninge, sem ei fœum gripeð þad diupsett er og þwngt ad skilia; Þær hellstu Guds Verka Siounder i hanns Orde auglioosar, eru þessar:

1, Siounden, eru sio Dagar Skopunar Verksens, a hverium Gud DRottenn byggde Himen og Jord fyrer sitt Ord, og alla Hlute sem i þeim eru, Geu. 1. 2. Og a þvi sama grundvallade hann Heimenn, ad hann stadfastur yrde uñ Alldur og Æfe, þvi þo hañ hvijlldest þann siounda Dagenn, ecke þad hañ þreyttur være, nie þyrfte ad hvijlast, þvi DRottenn sa eilijfe Gud, verdur ecke þreyttur, Es. 40. helldur þad hann hætte, edur liete af ad skapa framar, samt skapade hann þann sama Dag lijka sem hina fyrre, helgade hann til sinnar Dyrdkunar og Þioonustu, so sem hann ætlade hina sex, Monnum til lijkamlegs Erfides, epter hverre Nidur-radan allar Vikur hafa sijdann halldnar vered; fullkommade a honum Skopunar Verked, og took til ad stioorna og vidhallda allre Skiepnu, lijka sem hann henne enn nu stioornar og vidhelldur, viliande ecke, vier sieum a þeim Dege helldur Þiulausser, sem hann hefur til sinnar Þioonustu blessad og helgad, helldur ad vor Hvijlld fra lijkamlegu Erfide, sem jafnann þreytumst og þurfum Hvijlldar vid, upporfe oss til meire Arveknes og Kostgiæfnes i hañs Þioonustu.

2. Sidunden, eru sio Ord JEsu Christi a hanns H. Krosse, Matth. 27. Luc. 23. Joh. 19 a hvorium hanns christeleg Kyrkia er byggd, og bygger alla sijna Huggun og Trwar Fullvissu, uñ Fullkomnan þess stoora Endurlausnar Verks, og Afrekan eilijfs Frelses fyrer hann.

3. Sidunden, eru sio Teikn og Furdu-Verk skied vid JEsu Dauda, sem Gudspialla-Mennerner hafa uppteiknad i somu Stodum og hanns Ord a Krossenum, til Uppbyggingar hanns Kyrkiu, ad Menn gete ei gleymt hanns Pijnu og Dauda, helldur jafnann i Miñe hafe, til Guds Myskunar og Kiærleika Peckingar, til hanns Vijsdooms Hroosunar, og hanns Lofgiordar, til Trwarennar Styrkingar, og heñar Hlydnes Eflingar, so ad Orded af Christi Krosse sie kroptuglega verkande.

4. Sidunden, eru sio Bæner i Drottenlegre Bæn, Matth. 6. Luc. 11. hvoria JEsus hefur sialfur samsett, til Uppbyggingar sinnar Christne i Helgunenne, ad hun i Guds Sannleika helgud, tilbidie Gud i Anda og Sannleika, Joh. 4. I hanns Orda Lioose vijs uñ Bænheyrsluna, enn ecke forgefens i Myrkre sinnar holldlegrar Skinseme.

5. Sidunden, eru sio Ord þeirrar H. Meyar Mariu Guds Modur, Luc. 1. 2. Joh. 2. med hvorium H. Ande syner, ad hann einnig uppbygger Christnena fyrer sijna Heilaga, jafnvel þa sem ecke eru i henne til Lærefedra kallader

er, so aller hennar Limer þecke sijna Skylldu med Christo samann ad safna.

6. Siøunden, eru sio Sende-Bref JEsu Christi til Safnadanna i Austurhaalfunne, Apoc. 2. 3. vid hver hann med heilsusamlegum Kienningum uppbygger og styrker sijna christelega Kyrkiu, ad hun vidhaldest og stodug blijfe allt til Heimsens Enda.

7. Siøunden, eru sio Astgiafer og Verkaner H. Anda, Es. 11. hvar med hann byggęr og styrker Guds Kyrkiu um allañ Heimenn, ą ollum hanns Olldum, ad alltijd sieu til i henne, af honum upplyster Menn, til hennar Uppbyggingar.

Yfer allar þessar Siøunder, hofum vier gudrækelegar Utskijringar i voru Moodurmaale, fyrer utann tvær þær sijdustu, hvors vegna eg hefe Gyrnd og Epterlaangan til ad fa þa siottu, einfalldlega i stuttu Maale Utskijrda, og þar siøundu, þar med sem vidteingda, ad Guds Naad med mier tilkalladre, til Uppbyggingar hanns H: Hwse; So þad verde þess helldur skilmerkelega giort, helld eg nytsamlegt epterfilgiande Greiner fyrst yfervegist, ad Efned verde lioosara, þess Skilningur audvelldare, og þad hann kann ad hindra takest wr Vege.

1. Hvor Hofundur sie þessara sio Sende-Brefa still Safnadanna i Asia. Ecke er þad Johannes sem þaug skrifad hefur, einasta epter

Bode sijns HErra, sem hanns Þienare, Verkfære, edur Skrif-Fiodur, Ps. 45. og þessare Fiodur, hefur H. Ande styrt sem Guds Fijngur, fyrerleggiande honum sierhvort Ord er hañ skrifa skyllde, helldur er það JEsus Christus Guds Sonur, Apoc. 2. sem so wtmælast med Guds Anda Ordum, og þeirre dyrdarlegu Mynd, i hvorre hann synde sig Johanne, Apoc. 1. ad þvilijkt kann til einkis annars, enn hanns alleina heimfæraſt, þar hann heiter: Sa sem er, sa sem var, og sa sem kemur, fyrer hvors Stoole sio Andar eru, JEsus Christus, trwr Vottur, Frumgietningur Framlidenna, og Hofdinge Jardarennar Konga; Hvor ofs hefur elskad og þveged af Syndunum i sijnu Bloode, og giort til Konga og Kiennemanna, fyrer Gude og sijnum Fodur; Hann, hvorium er Dyrd og Valld, frem Eilijfd til Eilijfdar, AMEN! Hann sem kemur med Skyunum, og oll Augu munu sia, og þeir ed hann igiegnumstwnged hafa, þa allar Kynkvijsler Jardarennar munu kvcina; Hann sem er *A* og *O* Upphaf og Ender, sa sem er, sa sem var, og sa sem kemur, hinn Almattuge, Fyrstur og Sijdastur; Hann sem er lijkur Mañsens Syne, og gengur midt i millum þeirra sio gullegu Liosastiaka, klæddur sijdum Kirtle ofann ad Fotum, og spentur uñ Brynguna gullegu Bellte, hvors Hofudhar voru hvijt sem Ull, lijka sem Snioor, og hanns Augu sem

Ellds-

Elldsloga, og hanns Fætur sem Lattun er alooar i Ofne, og hanns Rodd sem mikell Vatns Nidur; Hann sem hafde sio Stiornur i sinne hægre Hende, og wt af hanns Munne geck hvast tvijeggiad Sverd, og hanns Andlit skein sem klara Sool; Hann sem er sa Lifande, sem var daudur og er lifande fra Eilijfd til Eilijfdar, AMEN, og hefur Lykla Helvijtes og Dauds anns; Hier wtmaalast JEsus Sonur Guds af sinne Veru, Personu, Naaturum, Stande, Embættum, Eigennlegleikum, Vilia, Verkum. og Velgiorningum, hvar a neckvd verdur minst i sierhvoriu pessara Sende-Brefa ad framanverdu, og peirra stoore Myndugleike a af ad metast; Lattum oss koma i Hug, christnar Saler, nær vier med Gaumgiæfne Jhugum, hvad vier ættum sem optast ad giora, pad i pessum Ordum segest og byrtest um dyrdarsamlega Hattign vors DRottenns og Frelsara JEsu Christi, med hvad mikelle Blygdan og Ottaseme, Audmykt og Elsku, vier eigum hanns Raustu hlijduger ad vera, og alvarlega pess ydrast, ad vier hofum par hellst oflijted umhirdt. Johannes, sem hann sierdeiles elskade medal sinna Postula, og adur hafde sied hanns Dyrd a fiamt Petro og Jacobo, pa hann um-myndadest a Fiallenu Helga, Matth. 17. fiell nidur fyrer Fætur so sem Daudur, nær hann heyrde pesse Ord, og sa pessa Dyrdar-Sioon, hversu mikla framar skylldum vier ecke slijkt Jhugande,

sem

sem til einkis annars unned hofum, enn hann sie oss reidur, þennañ Tignar-skiæraſta Herra, nidur ad Jord fallner, i diupuſtu Audmykt uñ Naad bidia ?

II. Hvorium þesse Sende-Bref sien tilskrifud. Ad sonnu eru þaug skrifud til Safnadaña i Asia, enn ecke einvonges fyrer þau, helldur til þess, ad þeir sem þau voru velþeckianleger og miked bar ad i Christnenne, skylldu þeckter og ædlitner vera sem Fyrirmynd og Spegell, allra þeirra er uppreisaſt mundu, hvar af þeir feinge Lagfæring er hennar vidþyrftu; Þvi i þessum Sende-Brefum verda fyrer Siooner setter allrahanda Safnader Christnennar, med ymeslegu Asigkomulage, so sem: Gooder og Trwlynder i Medallage, og Blandader, Hræsnesfuller og Ogudleger, sem einasta ad Nafnenu eru christner; So maa merkia: Þad fyrsta, þridia og fioorda heyre þeim til sem ad sonnu trwader eru, enn hafa þo nockra Breste, og eru i einu og odru straffanleger; Þad annad og siotta, þeim sem heilaglega lifa, og eru fyrer Heimenum Ostraffanleger; Og þad fiñta og siounda þeim Hræsnarar eru, og lijted skeita uñ ad þeirra Trw og Framferde sambioode christelegu Nafne; Þar fyrer eru þesse Sende-Bref alleina almennelega tilskrifud allre þeirre synelegu, christelegu Kyrkiu, og ollum Sofnudum i henne, og ollum Saalum yfir Hofud til almennelegrar Nytsemdar,

ar, og þannig er Safnadanna Siotal einnig Fullkomnunar-Tal, og eingenn sw Samkunda nie Sæl er til i heñe sem ecke nockud i þeim tilheyre, so þad ad hier heima sem Christur seger: Marc. 13. Hvad eg sege ydur, þad sege eg ollum; Fyrer utañ þad, þau sierdeilislega hier ad auk tilheyra hvorium Sofnude fyrer sig, og hverre Sæl i honum fyrer sig, sem af nu sogdu er audsied, hafa nockrer lærder Menn funded, nu ad þessum Heims-Alldre, hvort þeirra fyrer sig, være hverre Tijd epter adra tilheyrande, og þeirra Tijda Christne, og hafa þad raded af þeirra Samanburde vid christelegrar Kyrkiu Asigkomulag, epter hennar Sagna-Bookum ad umlidnum Tijdum, hvad vel kann standast, þvi Openberingar Booken, i hverre þau skrifud standa, er Spadooms Book, til ad giora kunnugt hvad epter ad skie skyllde, Apoc. 1. og Engellenn sem synde Johanne þad i henne er opennberad, bydur honum ad innsigla ecke, þad er ad læta ecke hulenn og Oskilianleg vera Ord Spadoomsens i henne, þvi Tijmenn sie naalægur, þad er sa Tijme, ad hvorium þad skule framkoma, sem i henne er fyrerspad, Apoc. 22. Af þessu sioum vier og eigum ad ihuga Elskufulla Forsioon og Umhyggiu vors Frelsara JEsu fyrer sinne dyrkeyptu Brwdur, christelegre Kyrkiu, og hverre einnre trwadre Sælu, hvoria hann hefur ecke einasta til Enda sijns Lijfs, hier i Heime, Joh. 13. helldur einn-

ig epter sijna Himnafor elskad, og synt, ad hañ elskar hana enn þa, og so leinge sem hun er til hier i Heime strijdande, uppa þad hun uñ sijder, a Himnum Sigre hroosande, fae hañs Elsku eilijflega ad nioota, þar syrer lætum oss hann elska, þvi hann hefur elskad oss syrre, 1. Joh. 4. elskar oss enn, og elskar alla sijna Elskendur allt til Enda, og uñ alla Eilijfd; Og lætum þessa hanns Elsku, koma oss til ad medtaka hanns Ord, sem oss er til Handa sendt, vegna vorrar Saaluhiælpar.

III. Hvort Efne og Innehalld sie þessara Sende-Brefa. Þad eru Spadoomar og Syrersagner uñ þad, hvornig til munu ganga i Christnenner Sofnudum uñ allann Heimenn, so lenge sem hann stendur; Avijtaner og Straffaner syrer þeirra Breste, Avirdingar og Synder, hvoriar syndar verda sem þeirra andleger Siwkdoomar, og Aminningar til sannrar Ydrunar og Yferbootar, asamt hrædelegar Hootaner þeim sendar, sem ecke vilia Yferboot giora, sem Lækninga Medol vid þeirra andleguum Meinum; Hroosaner þeirra Erwar og Dygda, og fogur Naadar Fyrerheit þeim lofud sem i Erwinne og goodum Verkum stoduger blijfa allt til Enda, sem ogiæt Laun Dygdanna þeim til Glede og Huggunar i þeirra Hormungum, og ollu því þeir eiga ad lijda i Heimenum, og adrar þvilijkar heilnæmar Kienningar, so sem þesse Sende-

de-Bref eru af hanum Guddoomlegum Myndugleika, og Oendanlegum Kiærleika JEsu Christi, so eru þaug einnig af hanns Ogrijpanlegum Vijsdoome samsett, og ollum odrum hanns volldugu Kenningum samhlioodande, hvar med hann lockar og ladar Mennena, til sijns eilijfa Dyrdar Rijkes. Hvad ætte hann meira ad giora vid sinn Vijngard, sem hann hefur ecke giort, Es. 5? Hvornenn kunna þeir, sem hanns Ordum ecke giegna, verda odruvijs enn Oafsakanlegir, Rom. 2. at Dege Doomsens? Sannarlega lætur hann Mennena, eingenn moguleg Medol vanta til þeirra Sæluhiælpar, sannarlega vill hann ecke Dauda hinna Syndugu, helldur ad aller Menn verde Sæluholpner, og komest til Sannleiksens Vidurkenningar, 1. Tim. 2. Bidium því jafnann af Hiarta ad þesse hanns Vilie verde.

IV. Hver Ord þesse Sende-Bref hafe hvort med odru sameigenleg; Þaug Ord eru sierdeiles i þeirra Upphafe og Nidurlage, og þeim nælægt, hvar eg þess vegna strax vil adgiæta, ad þeirra Utskijring ecke ad þarflausu aptur þraasamlega upptakest, sem eru þesse: **Og Englenum Samkundunnar skrifa þú.** Englum skrifar Johannes til so sem honum er boded; Ecke eru þad himneskir Englar, helldur Englar Safnadanna, jardneskir Menn, Biskupar, Lærefedur, og Forstiooarar i Christnenne

nenne, sem einnig i Guds Orde Englar kallast, so sem Mal. 2. Varer Kiennemannsens skulu vardveita Lærdoomenn, þvi hann er DRotteenns Zebaoths Engell; Orded Engell, þyder Sendeboda, enn Paulus seger um sig og adra Guds Ords Þienara, 2. Cor. 5. Vier erum Sendebodar i Christi Stad, þvi ad Gud aminner fyrer oss; Johannes heiter, Apoc. 1. ad skrifa til Samkundunum i Asia, sem honum er skipad; Hvar fyrer mun hann þa þeirra Forngium tilskrifa? Þvi þad er honum lijka skipad, ecke aun Ordsaka, helldur er þar med synt, ad þeir eiga ecke yfir þeim tiltrwudu Guds Orde ad þeaia, helldur framfæra þad og wtleggia fyrer Sofnudunum, og hvor Biskup er yppasste Limur þess Safnadar hann er yfirsettur, þo ei sie hañ Safnadarens Hofud, hvort Christur alleina er, Eph. 1. Col. 1. Og lijka sem Magenn meddeiler ollum Lijkamanns Limum fyrer Fæduna, nætturlega Upphelldes Krapta, so meddeila Kiennemennerner, ollum Safnadarens Limum, fyrer þa andlegu Fædu Guds Orda, þess andlega Lijfs-Krapta; Þvi nærst, er þad þeim til Aminningar, ad þeir gæte sijns Embættes, og þess, ad þeir eiga þeim ædsta Doomara Reikningskap ad giora, ecke einasta fyrer sialfa sig, helldur ansamt fyrer sina Tilheyrenda Sæler, ef nockur af þeim, fyrer þeirra Forsoomun tapast, Ezech. 3. Ebr. 13. Johannes skrifar þetta, ecke

Oskip-

Oskipad, ei helldur annad enn þad, hañs HErra JEsus skipar honum, so eiga Kiennefedurner ecke Okallader til þess opennberlega Kiennslngar Embættes, i Sofnudunum ad hlaupa, því þar af er ecke Blessunar Von, ei helldur eiga þeir annad, enn hreint og Omeingad Guds Ord ad kienna; Þar uñ seger Petur: Ef nockur talar, hann tale þad so sem Guds Ord, so ad i ollum Hlutum verde Gud dyrdkadur fyrer JEsum Christum, 1 Pet. 4. Stoor er Virding Kiennendanna i Guds Christne, ad verda Guds Englar kallader, stoor er einnig þeirra Embættes Þyngse og Vande, bidium því Gud af Alvoru, kiærer Brædur! Fyrer þeim, hvers Paulus bidur sijna Tilheyrendur, Eph. 6. Col. 4. og optlega i sijnum Sende-Brefum, ad hann gefe þeim Nad og Krapt sijns Anda, til ad sia trwlega og kroptuglega framfylgt sijnu Embætte, til Uppbyggingar Christi Kyrkiu, so ad þeir verde med oss, og vier verdum med þeim eilijflega Saluhoolpner.

Þetta seger sá. Þad er, sem Johannes vilie segia: Þetta seger, ecke eg Johañes, helldur Sonur Guds Jesus Christus, sa sem adur er wtmaladur, og nu er aptur ad nockru Leite endurnyad, so hann sie ollum þeckianlegur, sa sem alleina Vallð hefur til ad biooda hvad honum þocknast, sa sem oss hefur elskad, og þveged af Syndunum i sijnu Bloode, med hvorin hann hefur endurleyst oss fra voru Hie-

gooma Athæfi, 1 Pet. 1. Af honum kemur allur þessara Sende-Brefa Myndugleike, til Trwarennar Hlijdnes, Guds Orda Virdingar og Samuleikans Stadfestingar. Saul Kongur sagde fordum til Davids: Minn Son! Er þad ecke þijn Rodd? 1 Sam. 26. Vier vilium segia: Minn HErra JEsu, þetta er þijn Rodd, þetta eru þijn Ord, þar er Rodd mijns Vinar, Cant. 2. Lat mig heyra þijna Rodd, ei sem forgleymnamnlegann Heyrara, helldur sem Giorningsens Giorara, þann hiælplegur verdur i sijnu Verke, Jac. 1.

Eg veit þin Verk. Guds Sonur JEsus veit og þecker ecke einasta allar Mannaña innvortes og wtvortes Athafner, Gyrnder og Hugsaner, æsamt Ordum og Verkum, þvi vier vitum hann veit alla Hlute, Joh. 16. sem sannur Gud, helldur er einnig þetta allt fyrer honum nærverande, eins og hann horfi þar æ, so þad sem skie mun, og enn þæ er Oskied sem þad skied hefur, og þad nu daglega framkemur æ nærverande Tijd, og allt er þad Ohuled fyrer hanns alskignu Augum; Med þessu verdur einnig sagt hann skipte sier af þvi og hyrde um þad, hann gefi grandvarlega Giætur ad þvi og athuge þad, hann sie reidubwenn til, og hafi hiæ sier nidurskamtad ad straffa þad Vonda, og launa af Næd þad Gooda epter sinne Velþocknan; Þetta kienner oss ecke ad vera mille Vonar og Otta, helldur ad lifa bæde i Von og

Otta

Otta, i Otta fyrer ad styggia vorn DRott-enn med voru illu Athæfi, sem a thad horfir, ad thvi gieter og straffar thad, i hvørs Hendur hrædelegt er ad falla, Ebr. 10. Enn i stodugre Von uñ thad hann mune sijn Ord hallda, og theim goodum Launum wtskipta, sem hañs Vilia gisra, epter sijnum Naadar Fyrerheitum, og kieppast thar fyrer epter theirra niootande ad verda, Luc. 13.

Hvør yfervinnur. Theim sem yfirvinnur er i thessum Sende-Brefum miklu Goodu heited. Eingenn yfirvinnur, edur fær Sigur, utann hann hafi adur bareft og i Strijde staded. Eingann afyser Fridar-Hofdingenn JEsus, Es. 9. til ad heya lijkamlega Bardaga vid Meñena sijna Brædur, heldur rædur hann thar fra, Rom. 12. Enn thad vill hann, ad hañs Born skule andleger Strijds-Menn vera, og vid theirra andlega Saalar Ovine beriast, og fa thau yferunned; hañ hefur ad sonnu sialfur fyrer thaug bareft, og yferunned theirra Ovine, enn theim Sigurenn giefed, 1. Cor. 15. samt vill hann vera theirra Hershofdinge, og leata thaug beriast under sijnum Merkium, so leinge sem thaug lifa hier i Heime, thar til hann gefur theim lokssens, fullkomlega a Himnum, eilijfum Sigre ad hroosa. Thessa sijna Strijds-Menn, hvorium hann med soddann Hætte vill Sigurenn tileigna, eins og their hefde hann sialfer unned, vill hann ecke Vopna-

lausa beriast lœtaſ, helldur wtbwna med þeim andlegu Her-Vopnum Guds Herſkrwda, Eph. 6. sem hann þeim i Hendur fær og meddeiler, sem eru Bellte Sannleikans, Brynia Riettlæteſens JEſu Christi Vidurkenningar, Skiolldur Trwarennar, Hialmur Hiælprædes Vongrennar, og Sverd Andans, Guds Ord; Ovinerner sem þeir eiga ad yfervinna, eru Diofullenn, med ollum hanns Svikum og Freistingum, Heimurenn med ollum hanns Tælingum, Hootunum, Offsooknum og Hueiflunum, Holldeð med ollum þeſs Tilteigingum, Gyrndum sem til Ills eru, og Hiegooma Epterlaungunum, Daudenn og Helvijte med þeirra Skelfingum, og Synden med vondre Samvitſku, vondum Vana og goodra Dygda Forſoomun, og auk þeſſa, eiga þeir ad yfirvinna allt Mootlæte med Þolennmædenne i Trwarennar Styrkleika, fyrer hvoria þetta allt verdur yfirunned, 1. Joh. 5. og ei kallaſt þeir yfirvinne, utan þeir stande stoduger i þeſſu Strijde, og med Paulo berieſt goodre Baraattu, 2. Tim. 4. allt til Æfi loka, þvi ei hefur sœa Strijdsmadur yfirunned þo hann hafi karlmannlega bareſt, sem sigradur verdur adur enn Strijdenu er loked, og ei fær Sigur yfir sijnum Ovinum, enn þeſſer Oviner verda ecke til fulls yfirunner, þo þeirra Maattur dvijne, fyrr enn Menn hiedann wr Heime fyrer tijmannlegann Dauda burtkallaſt, enn þœ miſſa þeir allann Maatt, og geta sijdann Guds Bornum

num einga Mootstodu veitt, helldur eru fullkomlega yferunner, og þaug hroosa yfer þeim Sigre; Þetta Strijd heiter ad mootstanda Diofle-num, Jac. 4. yfervinna Heimem, 1. Joh. 5. afneita siælfum sier og vera JEsu Læresveinn, Luc. 14. og lœta ecke Syndena drottna i sijnum daudlegum Lijkama, til ad vera henne hlyduger i hennar Gyrndum, Rom. 6. Nockrer kenna, ad i þessum sio Sende-Brefum, sie sierdeileslega talad um þa sio Hofud-Leste, er so kallast almennelega, sem yfervinnast eiga, so sem i þvi Fyrsta, um Ohoofsemena, i Odru, um Ofundena, i Pridia, um Reidena, i Fioorda um Letena, i Fimta, um Lostasemena, i Siotta, um Agyrndena, og i Siounda, um Drambsemena; Og ad vijsu elga Menn vid þa ad beriast, og þa ad yfervinna, enn þegar moote Syndenne er bareft, eru þeir aller þar med skillder, þvi kann sw Kienning ei miked til annars ad stoda, enn ef være þeim til Uppvakningar, sem sierdeileslega til hvors þeirra, eru hellst hneigder, nær þeirra Andstygd fyrer þeim wtmœlast; Allt þetta er oss til Upporfunar, ad vier hraustlega strijdum vid alla þessa Ovine, og i þvi Strijde ann Aflaats med Kappe afram holldum, þar til vier lokfins faum þa sigrad, og nœd Strijds-Launum, og þvi uppsetta Hnosse, 1. Cor. 9. hvar med Himnarijke þole Ofurefle, og þeir sem Ofurefled giora, hreme þad til sijn, Matth. 11. Drekenn bardest og

hanns Englar yfirunnu ecke, þeirra Stadur vard og einnig ei framar meir fundenn a Himne, Apoc. 12. Lætum oss so vid þetta beriast, ad vier þa saum yfirunned fyrer Lambsins Blood, og orded i eilijfre Glede Innbyggendur a Himne.

Hvor Eyru hefur, sá heyre hvad Andenn seger Samkundunum. Þesse Ord eru audpeckt Orda-Tiltæke JEsu Christi, so sem hann adur sagde, þegar hann talade uñ Johannem Skijrara, Matth. 11. og framűfærde Epterlijkingena uñ Sæded, sem være Guds Ord: Matth. 13. Luc. 8. Hvor Eyru hefur ad heyra, hann heyre. Þesse Ord talar JEsus, þegar hann vill opennbera sierdeileslega Leyndadooma Guds Rijkes, hvar med hañ aminner ad Menn heyre þa ecke gaíauslega, helldur med Gaumgiæfne og goodre Eptertekt, og læta þa sier ecke vr Minne falla, so sem Menn eiga oll JEsu og hanns H. Anda Ord med þeim Hætte ad heyra, þvi til þess hefur hann giefed oss heyrande Eyru, ad vier brwkum þaua framar til ad heyra hanns Ord oss til Sælnhialpar, enn til ad heyra þad hiegoomlegt er og syndsamlegt, oss til Sælartopunar; Lofsie vorum Frelsara, sem ei lætur oss vera sem daud Skwrgod, þau ed hafa Eyru, enn heyra þo ecke, Ps. 115. Ei helldur hafa soddann Eyru, sem eru aheyrande, enn skilia þo ecke hvad i Guds Orde sagt er, Luc. 8. helldur uñ-

er

er oss ad heyra, læra og skilia sitt Ord, i hvoriu oss er Vegurenn vijsadur til Sæluhiælparennar; Kiennemadurenn Eli kiende Samuel, þegar DRottenn kallade hann, þa skylde hañ segia: Tala þu DRottenn, þvi þinn Þienare heyrer þad, 1. Sam. 3. Hid sama skulum vier segia, þegar Gud talar til vor i sijnu H. Orde, med Hiartans Gyrnd og Epterlæangan, epter þvi ad taka til Styrkingar vorre sæluhiælplegre Trw, sem af þess Heyrn alleina kemur, Rom. 10.

V. Hvar fyrer sagt sie i Nidurlage þessare Sende-Bresa, Anden sege þad Samkundunum, sem upphaflega i þeim er sagt, Guds Sonur sege; Til ad skilia þetta, þarf ecke þa Meining, sem Arcthas Biskup i Cæsarea i Cappadocia, med odrum fleirum, hefur þar uñ haft, fyrer þennann Anda skilest Guddoomur JEsu Christi, med þvi Gud er einn Ande, Joh. 4. þvi hier med skilst H. Ande, sw þridia Persona Guddoomsens, sem framgengur og sendest af Fodurnum og Synenum, og hanns Ord eru JEsu Ord, sem hann uñ hann seger, Joh. 14. Hann mun kienna ydur alla Hlute, og minna ydur a allt þad eg sagde ydur, og Joh. 16. af mijnu mun hann þad taka og kunngiora ydur. Epter sijnum Manndoome, er JEsus smurdur med Oleo Fagnadarens, þad er, med Heilsgum Anda og Krapte ann Mælingar, framñ

yfer sijna Hlut-takendur, Ps. 45. Ebr. 1. Act. 10. Joh. 3. Þennann sinn H. Anda, wtsendir hann til ad kienna sijn Ord, og leida sijna Þenara i allann Sannleika; Sa same wtskiptir þeim sijnum himnesku Gaafum, sem margháttadar eru, epter þvi sem hann vill, 1. Cor. 12. Og af honum, sem H. er, hafa þeir Smurningena og þeckia allt, 1. Joh. 2. Þad þeim er naudsynlegt, þo hann sie þeim ad Skamte giefenn, og a þann Hatt hyijle yfer þeim; Um þessa Smurning JEsu Christi talar so Spæmadurenn Esajas i 11. Cap.

Þar mun einn Vøndur upprenna af Kyne Jesse, og einn Kvistur af hanns Rót mun Avøxt færa, yfir hvørium þad hvíla mun Ande DRottenns, Ande Vitskunnar og Skilningsins, Ande Rádsins og Styrkleiksins, Ande Þekkingarennar og Otta DRottenns, og hanns Jlmur mun verda i Otta DRottenns.

I þessum Ordum framsetiast Sio Astgiafir og Verkaner H. Anda, Guds Syne JEsu Christo meddeildar, þær meddeilast einnig hanns trwlyndum Bornum og sonnum Læresveinum i christelegre Kyrkiu; Til þeirra bendir Johannes, er hann Oskar Monnum Nadar

og

og Fridar af þeim sio Andum sem eru fyrer Guds Sonar Stoole, Apoc. 1. hvar med H. Ande wtmaalast sem Siofalldur, af hanns sio fullkomnu Verkunum, og samt er hann talar uñ sio brennande Lampa fyrer Stoole Guds, Apoc. 4. og uñ þess slattrada Lambsins sio Horn og sio Augu, Apoc. 5. sem eru sio Andar Guds, lijka sem sio Augu Steinsins er lagdur var fyrer Kennemanna Hofdingiann Josuam, Zach. 3. Þau sio Augu Guds, er reisa gegnum þad heila Land, Zach. 4. Þvi þessar Gæfur hefur Guds Sonur epter sijnum Manndoome odlast Monnunum til Handa, Psalm. 68.

Og med þvi i þessum sio Sende-Brefum verda sioſiñum uppteken þesse Ord: Hvor Eyru hefur, sá heyre, hvad Andenn seger Samkundunum, synest mier ecke Otilhlijdelegt ad minnast a þessar sio Astgiafir heilags Anda, i þeirra Utskijringu, sem þar vid kunna samann ad koma; Enn þo eg setie þesse Ord sijdarst i Utskijringu hvors Sende-Bressins fyrer sig, sem nockud fyrr standa i þremur þeim fyrstu, giore eg þad eingannvegenn til þess eg vilie a nockurn Hatt rugla Nidur-radan H. Anda, sem þau hefur so nidursett, ecke an vissra Ordsaka, og

medal annars, til þess hann synde Kostgiæfne hinna fyrre Safnadanna fram yfir þa seinne, i því, ad strijda goodviliuglega i sannre Trwarennar Hlijdne, fyrr enn þeir lite a Launen, helldur giore eg þad vegna mijns veika Skilnings Vanmattar, bidiande jafn-framt vorn gooda Gud, Myskunsemdanna Fodur, med sannarlegre Audmykt, hvad eg vil asamt allar christnar Saler giore, ad gefa oss Anda Vitsku og Skilnings, til hanns Sannleika Þeckingar og Vidurkenningar, og hanns Son vorn Frelsara JEsum Christum, ad laata sinn gooda H. Anda, blijfa alla Tijma hia oss, og leida oss a rettum Vege, og þann sanna Gud H. Anda, ad auka og margfallda sijnar Gaafur med oss, og hialpa vid voru Mattleyse, fyrer vorn DRottenn JEsum Christum,

A M E N.

I.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

Ì

EPHESO.

APOC. Cap. II. v. 1 - 7.

Og Englenum Samkunduñar i Ephesо skrifa bu: Petta seger sa, sem heldur peim sio Stiornum i sinne hægre Hende, sa sem gengur midt a mille peirra sio gullegra Liosastikanna.

Eg

Eg veit þijn Verk, og þitt Erfide, og þijna Polenmæde, og þad þu kañt ecke hina Vondu ad umlijda, og freistader þeirra sem segia sig Postula vera, og eru þo eige, og þu fannst þa Liwgara. Og leidst, og Polenmæde hefur, og þu erfidader fyrer mijns Nafns Saker, og þreyttest ecke. Enn þad hefe eg a moote þier, ad þu þinn fyrsta Kiærleika yfergafst. Minnstu a hvar frа þu ert fallenn, og gior Adran, og gior hin fyrre Verken, enn ef ei, mun eg til þijn snarlega koma, og þinne Lioosastiku burthrynda wr sijnum Stad, ef þu ecke giorer Adran. Enn þad hefur þu, ad þu hatar Verk þeirra Nicolaitarum, hvor eg einnig hata. Hvor Eyru hefur, hann heyre, hvad Andeñ segir

er Samkundunum. Hver hañ yfirvinnur, þeim mun eg gefa ad eta af Lijfs-Trenu, sem midt i Guds Paradijs er.

Utskijringen.

Og Englenum Samkundunnar i *Epheso* skrifa þú: Ephesus var Hofud-Borg i Landenu Jonia i hinne minne Asia, hafande Nafned epter þeim Manne sem hana fyrst byggde, þad segia nockrer dreiged af þvi Orde, sem þyder Fyrerkall fyrer hærra Niett. adrer, ad þad merke nockud gyrnelegt, so sem gyrnelega Borg; Hvertveggia kemur vel samann vid þeirra Tijda Christne, sem fleira annad i þessu Sende-Brefe, er þeim fyrstu Tijdum Christnennar, um̃ Postulanna og þeirra Læresveina Daga, kann vel til ad heyra, þo ecke sie hvorre Tijd, sem Spaadoomur sier hvors þessara Sende-Brefa, er hvad epter annad tileinkadur, vijs Ara-Tala tillogd og afmorkud epter Christi Ordum: Act. 1. Ydur ber ei ad vita Tijma nie Stunder, sem Faderenn sette i sialfs sijus Vallde, þvi ai þeirre Tijd hafde Christneñ ecke Hæle nie Forsvar hiia þeim veralldlegu Stioornendum, so sem hun var Fælidud og i litlu Alite, mætte helldur framar af þeim Ofsoekn-

sooknum og Underþryckingu mæta, og skioota ollum sijnum Mælefnum til hins hærsta Doomara Adgiorda, samt var hun kiær sijnum HErra JEsu Christo og gyrneleg fyrer hanns Augum, sem henne vidhiellt, og liet hana bloomgast og aukast midt i hennar Anstreyme; Slijkum Sofnude, sem þa var frægur i Christnenne, og sia ma af Sende-Brefe Pauli Postula til þeirra i Epheso, hanns Biskupe, sem sagt er, vered hafe Onesimus Ste. Pauli Læresveinn, þar Biskup næst epter Ste. Timotheum, og so ansigkomnum Saalum er þetta fyrsta Sende-Bref tilskrifad; Þar fyrer reyne hvor einn og rannsake sialfann sig, i hvorju hann getur funded hvad sem i þessu, og hinum odrum Sende-Brefunum, honum vidkomande vera kann, og leitast vid ad haga sier þar epter, ad hann af því saaluhialpleg Not og Huggun hafe.

Þetta seger sá sem helldur þeim sio Stiornum i sinne hægre Hende, sá sem gengur midt á mille þeirra sio gullegra Liósastikna. Til ad skilia þesse Ord, þarf ecke vid Utleggingar Auaustini, sem fyrer þessar sio Stiornur skilur christelega Kyrkiu, hvorrar Born verda uñi sijder sett vid JEsu hægre Hond, Matth. 25. því JEsus seger sialfur, Apoc. 1. ad þær sio Stiornur i hanns hægre Hende, sieu sio Englar Samkundanna, þad er sio Biskupar, og þær sio gullegu Liosastikur sieu

sieu sio Samkundur, hvar med epter þessu fullkomnunar Tale, skiliast aller Christnennar Sofnuder, og aller þeirra Lærefedur; Stiornur kallast Lærefedurner, af því þeir eiga ad frambera Lioos himneskra Kienninga, til ad lysa Monnum a Veg Riettlæteséns, og lata Lioos Osleckads Lifnadar lysa fyrer þeim, og vera þannig Lioos Veralldarennar, Dan. 12. Matth. 5. Þessum Stiornum segest JEsus Christus hallda i sinne hægre Hende, það er, stioorna þeim med sijnu Almætte, fyrer hvort hann stioornar ollum Hlutum, og vernda sijna Þienara fyrer ollu mootrijsande Vallde, so eckert Hær falle af þeirra Hofde, Luc. 21. því hiellde hann þeim ecke i sinne Hende, mundu þeir hrapa sem adrar hrapadar Stiornur, og villast sem adrar Villustiornur, Jud. V. 13 Og hanns Kyrkiu Stioornan er alleina i hanns Vallde, og i hanns hægre Hende, sem upphafenn er og bijhelldur Sigrenum, Ps. 118. Lioosastikur kallast Samkundurnar sio fyrer allar, epter Guds Hvijlldardags Tale, sem i hiæ þeim vill hafa sijna Hvijlld, hvad Helgedoomsens Lioosastika med sio Lompum fyrermyndade, Ex. 37. því ad i þeim lyser það sanna Heimsens Lioos, JEsus, Joh. 12 og hans H. Ord, sem er Lioos a vorum Vegum, Ps. 119. Og þess vegna kallar Paulus Guds Hws og hanns Sofnud Stolpa og Grundvoll Sannleikans, 1. Tim. 3. Gullegar kallast þær, því Guds Christne er

langt-

læangtum dyrmætare enn forgengelegt Gull, vegna þess allra dyrasta Lausnargiallds Guds Sonar Bloods, med hvoriu hun er endurleyst, vegna hennar Trwar, 1. Pet. 1. og vegna heñar Hreinleika og Oforgengelegleika, so hun er Drottningen, Brwduren, sem stendur til hægre Handar-Kongenum sijnum Brwdguma skrydd einunges kostulegu Gulle, Ps. 45. Midt i millum þessara Liosastikna segest Guds Sonur gænga, þvi hañ er ei fiarlægur siñe Christne, helldur alla Daga nælægur, epter sijnu Fyrerheite, Matth. 28. Ei helldur er hañ ydiulaus i henne, helldur vel adgiætande, hvad þar er inne adhafst, þar fyrer seger hann: Eg vil gænga æ medal ydar, og eg vil vera ydar Gud, Levit. 26. Eg vil bwa medal þeirra, Ezech. 34. Synduger Hwsbændur hafa Adgiætne i sijnu Hwse, til að lagfæra það þar inne æbootavant giorest, munde ei sæ Heilage Guds Sonur giora so i sijnu Hwse, uppæ hvort hann hefur sijnu H. Bloode kostad; Ei skulum vier þo meina hann umgængest sitt Heimafoolk med sama Hætte og holldlegger Menn giora, helldur so ad hann heimsæker Hiortu Trwadra med Vitian sinnar Naadar, framkvæmer i þeim ymsar Verkaner, og venur þæ til ad fæ bæde Medlæte og Mootlæte riettelega i moote teked; I þessum Ordum wtnæmast Guds-Sonur af hanns Veru, Personu og Nættum, sierdeiles þeirre Guddoomlegu,

doomlegu, af hanns Eigennlegleikum og Embættum, sierdeiles þvi Spæmannlega og Konglega; Af hanns Kiærleika, Verkum og Umsorgun fyrer sinne Christne, hvad med morgum Ordum mæa syna til Stadfestingar þessa Brefs Myndugleika. Mættugur er sæa Herra sem sijna Brwdur forsvarar, hvor vill dyrfast hana ad offækia, edur ad slijta hanns Saude wr hanns Hende? Joh. 10. Sæaum af þessu, hvorsu misg vier eigum ad Ottast so mættugann og nælægann HErra, og hvorsu misg vier eigum ad elska so giædskurijkañ og fyrer oss umhygaiusamann HErra, ad vier lautum oss þad kiæraſt vera, ad halda oss trwlega i Kyrdum innañ hañs Hwss Takmarka.

Eg veit þin Verk, og þitt Erfide, og þina Þolennmæde. JEsus Sonur Guds, hvors Augu eru sem Elldsloge, Apoc. 1. og skiærare enn Soolen, þvi skyllde hann ecke sia? Hann sier, veit, þecker og adgiæter, ei einasta Mannanna Vondsku Athafner, ad hann þær straffe, þegar ecke er Boot æa uñeñ, heldur eiñig þær goodu, bæde ytre og innre, ad hann þær laune, og þeim hroose, so sem hann gierer i þessum Stad; Sem eru, Verken i Trwnne, Erfided i Kiærleikanum, og Þoleñmæden i Voneñe, 1 Tess. 1. Kiærleikureñ kostar Erfide, og verdur ecke

ann

can þess synndur. Erfide er ad beriast vid Diofulenn og Offooknar-Mennena, sem kostar Poleñmæde, eñ Poleñmæden er andleg Dyggd af Gude iñgefen, og þeir sem heñe eru giædder, vita þad, hann er trwr og lætur ei sijn Born freistast yfir Megn framñ, helldur giefur þeirra Freistinaum þann Enda, ad þaug geta stadest, 1 Cor. 10.

Og þad þu kannt ecke hina Vondu ad uñlída, og freistader þeirra sem segia sig Postula vera og eru þo eige, og þu fannst þá Liwgara. Þvi er af Christo hroosad ad þeir Vondu sieu ecke uñlidner, med Smiadre, Þogn edur Hræsne, helldur vill hañ þeim sie med H. Vandlæte alvarlega mootstaded, og þeir sieu med Sverde Guds Ords yfirbugader, og til Baka rekner, hvorra Lærdoomur er Afvega-Leidsla fra Gude, og Lifnadur, Hneixlan fyrer Monnum, hvar med ei meinast þeir Breisku i Trwnne, hvsria hann bijdur ad annast, Rom. 14. So vill hann þeirra sie freistad, og þeir sieu reynder sem segia sig Postula vera og eru þo eige, helldur Fals-Postular og svikfamleger Erfides-Menn sem giora sig ad Christi Postulum, 2 Cor. 11. sem eru, aller Villu-Menn og Fals-Kennendur, hvilijker a þeim Tijdum voru i Asia: Simon Galldra-Madur, Marcion, Ebion og Cerinthus; Epter Guds Anda Bode, 1 Joh. 4. reyned Andana, hvort

hvort þeir eru af Gude, hvad med þeim Hætte gioreſt, ad þeirra Lærdoomur ſie viturlega og grandvarlega vid Guds Ord ſamannborenn, og þeir ſieu lætner af þvi ſannarleg Rok til hanns færa, og annars Mootſagner þola, hvar med einnig þeirra Verk rannſakeſt ſem Frelſarenn ſeger: Matth. 7. Af þeirra Avøxtum mege þier kenna þa. Nær þetta er giort finnaſt þeir Liwgarar vera, ſem vonlegt er, þvi þeir hafa Sathan, ſem er Ovinur alls Sannleika, fyrer Fodur, ſo þeirra Fyſiſka verdur auglioos hvorium Manne, 2 Tim. 3.

Og leidſt, og Polennmæde hefur, og þu erfidader fyrer mins Nafns ſaker, og þreyttest ecke. Framar er af Chriſto hroos-ad ſoddañ gudlegu Pollyndes-Siñe, ſem ecke einaſta vel uñlijdur Oſſookner og ynneſlegt Mootlæte, helldur einnig vonda Menn i Sofnudenum, ad þeim ſie ei alldeiles burtſkwfad, helldur ſieu þeir lidner i hanns Samfielage og Samneyte, ſem H. Guds Menn hafa optlega giordt, og an ſinnar eigenn og Safnadarenns Saurgunar gisra kunnad, þo þeir hafi þeirra raungum Lærdoome og Lifnade Mootſtodu veitt; So leid JEſus ſiælfur Judam medal Poſtulanna, ſem þo var Diofull og Þioofur, ad hanns ſiælfs og hanns Anda Vitnan, og þetta er ſoddann Polennmæde uñ hvoria hann ſeger: Luc. 21. Eigneſt ydar Sæler med Polennmæde; J

henne trwlega ad erfida i miklum Krossburde og Piaaningum, i Sannleikanns Bodan og Vidurkienningu, enn Otta fyrer Mannanna Hootunum og Ofrijke, er einnig hroosad, nær ßad gioreſt fyrer Chriſti Nafns saker, epter hañs Bode og honum til Dyrdar, enn ei fyrer eigenn Gagnsmuna og Abata saker, og Menn ßreytaſt ecke nie aflaata, helldur kostgiæfilega fram halda slijku Erfide, vitande ßad, ad ßeirra Erfide er ecke forgefins i DRottne, 1 Cor. 15. og sa sem stodugur i ßvi stendur allt til Enda, hann mun hoolpenn verda, Matth. 10. Hvorsu marger erfida ßo framar vegna sijns eigenn Gagns, enn vegna Guds Dyrdar? Hvorsu marger ßreytaſt ßo og uppgefaſt, sem vel hafa sitt Erfide byriad? Hvad hryggelegt er ad vita og umßenkia? Hvor skyllde ecke keppaſt epter ad naa soddañ Hroose af Gude, sem ecke er eins og ßad aavaxtarlausa, saafeingelega Hroos af Monnum, helldur fylgia ßvi good og stoor Laun ad epter? Hvorsu gott og vegsamlegt er ad eiga Gud ad fyrer sinna Dyggda Uthroopara, sem heidrar ßa hann heidra? 1 Sam. 2.

Enn ßad hef eg á móte ßier, ad ßu ßinn fyrſta Kiærleik yfergafſt, minnſtu á hvar frá ßu ert fallenn, og giør Ydran, og giør hin fyrre Verken; Eñ ef ei, mun eg til ßin snarlega koma, og ßinne Liósastiku

ſtiku burthrynda wr ſinum Stad, ef þu ecke giører Ydran. So ſem Guds Sonur ſetur Mønum fyrer Siooner þad ſem lofsverdt er i þeirra Fare, ſo lijka þad laſtverda, ſynande þad hann finnur og adgiæter þeirra Breſte, lijka þo þeir ſieu i þeim Sofnude ſem hann elſkar og aſhelldur, og hañs Kyrkiu Limer, og þad þeir ſkule ei ofmiog treyſta uppa ſiñ Heilagleika, heldur alltijd vera varer uñ ſig, og ſioa til ad þeir falle eige, 1 Cor. 10. Ad hann telie þad ecke fyrer lijtenn Breſt ad hafa yfirgefid ſinn fyrſta Kiærleika, er audſied af þvi hann kallar þad Fall, af hanns alvarlegre Aminningu til ad giora Ydran, og af hañs hardre Hootun ſie ecke Ydran giord, heldur telur hann þad fyrer ſtoora Hroſun, hvar af Menn ſkulu þeckia ad ollum Heilogum er vid Falle hætt; Sa brennheite Kiærleike ſem ſumer fa i ſitt Hiarta til Guds og hanns Sannleika, og til þeirra Naunga epter hanns Bode, þegar þeir fyrſt uñvendaſt til hanns, og af Alvoru inngaanga i hanns Þioonkan, er miog hætt vid ad koolne ſmaauſamann þar epter, Matth. 24. þar fyrer miſſeſt Lioos þeſs himneſka Sannleika edur miked af þeſs Skine, med þvi lijtell Gaumur er ad þvi gefenn, hvors vegna þeſſe Aminning er naudſynleg; Laat þier þetta ſagt vera, hvor ſem þad kann til heyra; Minnſt a, hvar fra þu ert fallenn, ſem er, fra þijnum fyrſta Kiær-

leika, minnst á þá fyrre Tijdena, Devt. 32. Þann Dag þu vtgeckst af Ægyptalande, frá Þessa Heims Þienustu, frá þijnum vondum Vilia, og aptur inngeckst i Guds Þioonustu, og fiekst þar til goodan Vilia, hvorsu þu varst þá Alvoru gefenn, og heitur i þinne Gudrækne, Þann Dag þu varst stadfestur i þinne Skijrnar Náad, Þann Dag, þu fyrst medtookst Guds Sonar Kvolldmáltijd, og varst þar til vel underbwenn, Þann Dag, þijn Gudrækne i þier uppkveikt fyrer H Anda var allra heitust, og kappkosta, hafer þu falled frá, aptur eins ad verda, og því alltijd sijdann ad hallda; Sv sem einn helgur Lærefader, svarade þeim hann spurde: Hvornig hann skyllde lifa? Epter þad hann hafde gefed sig til ad þioona Gude, segiande: Umhugsink hvornig þu varst fyrsta Dagenn, og lif so alltijd. Vier erum seker og af Syndenne halldner, ei einasta þá vier giorum þad vondt er, helldur einnig þá vier forsoomum, og lætum af ad giora þad gott er, því sá sem veit gott ad giora, og giorer þad ecke, honum er þad Synd, Jac. 4. Og sá sem ecke samanusafnar med Christo, hann sundurdreyfer, Luc. 11. Moote þessu er Ydranen hid besta Medal, sem sijn Upptok hlytur ad hafa á Þeckingu Syndarennar, hvar frá Madur sie fallenn, skule hun rietteleg vera, og til Bevijsingar ad hun sie sonn, hlijtur Madur ad giora hin fyrre goodu Verken, henne verduga Avexte, ann-

annars er hun ecke saunarleg. Sie soddann Aminningu ecke hlydt, kemur ca epter Hootanen, so þeir Hardhnockudu skilie, ad þeir giøre eckert annad med þvi ad bæta Synd ca Synd ofann, enn ad safna sier sialfum Reide ca Reidennar Dag, og Opennberingar Guds Riettlætes Dooms, Rom. 2. Hootanen er sw, ad DRottenn segest mune snarlega koma til hins Ydrunarlausa, heimsækia hann i sinne Reide, þegar hann varer sem minnst, og burthrynda hanns Liosastiku wr sijnum Stad, þad er, svipta fra honum sinne Kyrkiu, sinne Guds-Þioonustu, sijnu H. Orde og Evangelii Liose, sinne Verndan og Nad; Sie þad einn fyrer sig, er honum hootad Embætes-Misser, sem Kiennemannsens Eli Epterkomendur skiede, 1. Sam. 2. So miste einnig Sauls Hws Rikesstioornena. Sie þad heill Sofnudur, er honum hootad Guds Orda Sannleika Misser og Eydeleggingu, sem Gydingana skiede, epter Ordum Christi, ad Guds Rike munde fra þeim takast, og Heidingium gefed verda, Matth. 21. og Pauli, er snere sier fra þeim med Kieñing Evangelii, til heidenna Þiooda, Act. 13. So hafa lika Sofnuderner i Asia, eins i Epheso, sem annars Stadar, og vijda uñ Heimeñ fyrer laungu mist þann hreina Lærdoom Evangelii, og hliota enn i Dag under Tyrkians Vallde, i Villunnar Myrkrum sinnar Liosastiku ad sakna, þeinkium þvi alldrei lijted edur eckert verde

af Guds Hootunum, christner Menn, helldur hlydum hanns Aminningum, og giorum sanna Ydran, ædur enn þær fram vid oss koma!

Enn þad hefur þu, ad þu hatar Verk þeirra Nicolaitarum, hvør eg einnig hata. Strax sem JEsus hefur æminnt Sofnudeñ, og honum hørdu-hootad, helldur hann aptur af honum í nockru lofsverdu sem hann hafe til ad bera, ad hann hate Verk þeirra Nicolaitarum epter sinne Villd, uppá þad hann ecke upperteſt edur forherdeſt, ei helldur orvingleſt edur sneipeſt fyrer odrum, þar vid helldur huggeſt, og trwe sig samt standa i Mædenne, þecke þad lijka uytsamlegt til Eflingar Trunne, ad hafa þvilijka vid ad beriaſt; Enn Nicolaitar voru einslags Villuflockur á þeirre fyrſtu Tijd, so sem Irenæus, Epiphanius og Evſebius hafa skrifad; Er kiendu og hielldt med skammarlegum og Ogudlegum Hætte þad Kvenufoolk mætte hafa sameigennlega sem adra Fiemune, og Hoordoomur og Frillulifnadur være ecke Synd, þeſſer tooku sier Nafn af Nicolao, sem var einn af þeim sio heilsogu Forſtioorum, er Poſtularner hafdu sett til ad sia fyrer almennelegre Lijfsnæringar Biorg Safnadarenns i Jerusalem, medal hvørra sá fyrſte Pijslarvottur Stephanus var hinu hellſte, Act. 6. Og til ad fegra sijna Villu, bæru þeir fyrer sig ad hinn H. Nicolaus hefde so kennt, med þvi þá honum hefde

hefde brugded vered uñ þad hann vandlætte ofrekt uñ sijna frijda Konu, hefde hann þad ei vel þolad, helldur leidt hana frañ i midiann Sofnudeñ, og sagt: Hvør mætte haþa hana sem villde þyrer sier; Hvad þo satt hefde vered, sem Oviist er, hefur ecke þesse Guds Madur þad giort til ad keña soddañ Villu, helldur til ad frya sig Amæle, og jafnvel til ad reyna añara Hiartans Hreinleika og Stoduglynde; A þessum og þvilijkum Villudoome hefur Gud Andstygd, og vill hann skule ei lijdast i sijnum Sofnude, eñ þo hañ sie fyrer laungu aflagdur, stefner þesse spadoomlega Kenning nockud dypra, so fyrer þessa Villu maa skiliast a þeim sijdare Christnemar Tijdum, sw Ogudlega Kenning i Antachristsins Rijke, ad ollu Andlegrar Stiettar Foolke var Hioonabanded fyrerboded, eñ allskonar Saurlijfi epterlaated, asamt med þeim andlegu Hoordoomum, ymeslegre Afgudadyrdkan, og a þeim sijdurstu Tijdum hennar, þvilijker andleger Hoordoomar, þegar allskyns Trwarbrogd eru hofd i jofnu Gylde, og halden fyrer jafngood, hvoriu Nafne sem heita, medal þeirra er Christner kallast, sem ei er sijdur Andstygd fyrer Gude.

Hvør hann yfirvinnur, þeim mun eg gefa ad eta af Lifs-Treenu, sem midt i Guds Paradis er. Loksens fyrerheiter vor Frelsare þeim fogrum Launum, er lijka sem

hanns goodur Strijds-Madur yfirvinnur Heimenn; og allt þad Vonda, fyrer hanns Krapt, epter hanns Bode og Vilia. Lijfsens-Tred sem hann gefur þeim af ad eta, er sialfur Messias, vor DRottenn JEsus Christus, hvorn Lijfsins-Tred, sem stood midt i Alldingarde himnar jardneſku Paradijsar, fyrermyndade, Gen. 2. midt i hanns andlegu Paradijs, hanns Kyrkiu hier i Heime stendur þad, so aller mege til þeſs nœ, hvad hann œvijsade med þvi, ad vera optlega i Mided, medann hann hier uñgeckst. Midt i Guds Paradijs er þad, þvi hann, sem Mid-Persona Guddoomsins i Rijke sinnar Dyrdar, sitiande midt a Stoole sinnar Hœtignar, Apoc 7. er einnsamann Medalgaungare mille Guds og Manna, 1. Tim. 2. fyrer hvors Forþenan alleina, þeir aller sem yfirviña fyrer hañs Blood, hiœlpast til hanns himneſka Rijkes, 2. Tim. 4. Ad eta af þeſſu Tre, hvors Laufblod duga til Heilſubootar Heidingiunum, Apoc. 22. er ad fœra sier i Nyt alla hanns Forþenuſtu Averte og Velgiorninga, og þeirra fullkomlega ad niota, fyrſt hier i Heime, sem er hanns andlega ad neyta, Joh. 6. og sijdann annars Heims i eikijfre Dyrd, sem er ad neyta hanns gudlega Sœtleika i Alldingarde himneſkrar Vellyſtar, i Fodurlande hinna eilijflega Sœluhoolpnu, i hanns Sigre-hroosande Kyrkiu, hvar hañ mun vera allt i ollum, og hanns Heilager mettader af Nœgdar-Giœdum hanns Hwſs, og dryckiader

er

er med Vellyst, so sem med Vatnsstraume, Ps. 36. munu rijkia fra Eilijfd til Eilijfdar, Apoc. 22. Fordum var bannadur Vegurenn fra Daudanns Tre til Lijfsins Tres, Gen. 3 Enn nu er lofadur Vegur fra Christi Dauda Kross-Tre, til þessa Lijfsins Tres, og framboded hverium sem vill hann ad ganga, lijka eiñeñ Næningianum, Luc. 23. O! ein æskeleg Umskipte; Gledeleat er þetta ad heyra, yndessamlegt er epter þessu ad stunda, og Owtsegianlega Fagnadar-fullt er þessa Fyrerheites eilijflega ad njóta.

Hvor Eyru hefur, hann heyre hvad Andenn seger Samkundunum. I þessu Sende-Brefe virdest mier tala Virskunnar Ande JEsu Christi, so sem hann kallast hia Es. i 11. Cap. hvar ed sio H. Anda Astgiafer adgreinast, sem hann trwudum Christi Limum meddeiler, til Fullkomnunar sijnu Helgunar Verke. Fyrsta Astgiof H. Anda, sem um er talad i þessum Stad, er Virskan; Ecke er þad þessa Heims Vitska, sem i Heimenum er Speke kollud, hvoria Gud gisrer ad Heimsku, 1 Cor. 1. og innefalen er i sannvijslegre Eptergrenslan, þeirra Hluta sem Gud hefur ei vilad openbera, i flooknum, Onytsamleguu Spurningum, i Orda-Prætum og Kapp-Deilum fals-frægrar Lystar, i Oandlegu, fæfeingelegu Tale og Laga-Deilum, og odru þesshattar, sem Guds Ande bijdur Menn skule flya og fordast, 1 Tim. 6. Tit.

Tit. 3. Helldur er þad sw Vitska sem ad ofan kemur, Jac. 3. sw hulda Speke Guds, sem fyrer Heimenum hefur allvijdast hulen vered, hvoria Gud hefur skickad fyrer Veralldareñar Upphaf, til vorrar Dyrdar, sem af Guds Anda er, uñ hvoria nattúrlegur Madur eckert skiniar, og honum er Heimska, 1. Cor. 2. hverrar Dypt er Oransakanleg, Rom. 11. Þesse Vitskunnar Ande lætur Menn vita alla Leyndadooma Guds Rijkes, sem naudsynleger eru til Saluhiælpar; Lijka er su Speke hanns Gæfa sem af Guds Orde læreſt til goodra Sidboota, Guds Dyrdar Eſtingar, og Næungans Gagnsemda, hvorrar Upphaf er Otte DRottenns, Prov. 1. Hann kenner hier Kennendunum i Christnenne, þæ sonnu Vitsku og rettu Adferd, til ad vijsa Monnum Veg Saluhiælparennar, og bæde þeim og Tilheyrendum til ad gænga þann sama, so sem hann einnig i ollu Guds Orde gisrer, tilleggiande sinn guddoomlega Krapt ad hanns Verk i oss framkvæmeſt.

O HErra JEsu Christe! Gef oss Krapt þins Vitsku Anda, ad fá Synd, Dauda, Diofsul, Helvíte, Hollds og Heim, i Trúarennar Styrkleik yfirunned, og oss vid þinn Sannleika i allre Neyd hallded, ad vier Avaxta Lífsins Trés midr i Guds Paradís, hinneſkrar Máltídar og gudlegrar Náttúru, eilíflega Hlut-takande verdum, AMEN.

II.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

Í

SMYRNA.

Apoc. Cap. II. v. 8-11.

Og þeim Engle Samkundunnar í Smyrna skrifa þu: Þetta segir Hinn Fyrste og Síðarste, sá daudur var, og er lifande ordenn; Eg veit þijn Verk, og þijna Hormwng

wng og Fatækt, enn þu ert Auðugur, og Lastan þeirra, sem sig segia Gydinga vera, og eru þo ecke, heldur eru þeir Sathans Sofnudur. Hrædstu eckert af því sem þu lijda munt, sia, Diofullen mun nockrum af ydur kasta i Dyblissu, uppa þad þier freistader verded; Og þier munud Hormwng hafa i tiju Daga. Vertu trwr allt til Daudanns, og mun eg gefa þier Koronu Lifsins. Hver Eyru hefur, sa heyre hvad Andenn seger Samkundunum! Hvor hellst yfirvinnur, þeim skal eckert Illt skie af þeim ødrum Dauda.

Utskijringen.

Og þeim Engle Samkundunnar i *Smyrna* skrifa þú: Smyrna var Borg i Landenu Jonia i hinne minne Asia, sem enn-i Dag stendur, og er Nafnfræg af stoorre

re Kauphondlan sem i henne er framen i Tyrkians Uñdæme; Heñar Nafn wtleggst, Myrra, ecke Olijkt komed af i hennar Landeign vaxande Myrrutriaan, hvort Nafn heimfæraſt kañ til þeirrar annarar Tijdar Christnennar, sem næſt epter þaa fyrſtu fylgde, þvi ſo sem Myrran er beiſk, bæde ad Smeck, sem þeckia maa af þeim Myrrublandada Kvaladryck er Gydingar meingudu handa Christo, og til ad giora saara Tilfinningu, þegar hun er i Saar lattenn, sierdeilges sw sem ver i Austurlondum; So maatte Christnen aa þessare Tijd, þola mikla Beiſkiu Hormunganna sem i þessu Brefe maa heyra, og þo hun være hardlega og Otilheyrelega plagud aa þeirre fyrſtu Tijdenne, af Heidingianna Tyrannaſkap, i þeim ſtooru tiju Ofſooknum, under Vallde þeirra heidnu Romverſku Keyſara, hvad hinn H. Polycarpus, sem var Læreſveinn Johannis Gudſpiallamanns, og fyrſtur Biſkup i Smyrna, maatte med morgum odrum Guds Monnum reyna, þaa hann var i Elle Æfe sinnar aa Baale brendur, under Keyſaranum Antonio Philoſopho, samt var henne ei ſijdur hard-þiakad aa nærſt epterkomande Tijd, þegar mikelsvirdter Villumenn i henne uppriſu, og droou ſo vel Christna Koonga og Keyſara sem Fiolldа annars Folks, til sinna Villudooma, þar med þad avinnande, ad þeir Niettrwudu hlutu miog adþreyngder ad verda, hvad þvi beiſkara var ad lijda, sem þeir

ſiaalf-

sialfer er Christner þoottust og kolluduſt, voru Ordsok þar til. Enn fyrer þetta skyllde eingeñ Saal forsooma, sier i Nyt ad færa, þad sem henne kann i þessu Sende-Brefe til ad heyra, hvert skrifad er, lijka sem oll hinn onnur til almennelegrar Nytsemdar.

Þetta seger hinn Fyrste og Sídarste, sá daudur var, og er lifande ordenn. Med þessum Ordum Sende-Bressens er upphaflega standa i því, uppreyser þes stoore Hofundur þes þeckiannlegann Myndugleika, ásamt med Von hanns þvijngudu Christne, sem hætt er vid ad veikleſt i Hormungunum, skielfande jafnframt Vallð hennar Ovina, þar fyrer seger hann: Apoc. 1. Jeg er A og O Upphaf og Ender, sá sem er, sá sem var, og sá sem kemur, hinn Almáttuge; Því so sem þesser Bookstafer eru Upphaf og Ender, sá Fyrste og Sijdaste i því Griska Tvngumaale, er allt annad sem i því talast kynne sijn i millum innelyka, so er lijka sá Eingietne Sonur Guds hinn Fyrste, þad verulega eilijflega Ord Fodursens, fyrer hvorn aller Hluter eru skapader, Joh. 1. og hiñ Sijdarste, sem blijfur ad Eilijfu, epter þad aller hañs Ovinер eru af Dogum ræddner, sá sem alltijd er nærverande, vár þo fyrer allt Upphaf Skiepnunnar, og er apturkomande synelega til ad dæma Heimenn, hinn Almáttuge, hvorium allt Vallð er gefed á Hiinne og Jordu, Matth.

11. Sa daudur var, og er lifande ordeñ og lifer fra Eilijfd til Eilijfdar, Apoc. 1. Sa fem daenn er fyrer vorar Synder a Krossenum, og uppriſenn af Dauda, fyrer vors Riettlæres Saker, og deyr ecke meir, Rom. 4. 6. uppa ſad hann giorde ſinna Barna Dauda fyrer ſinn Dauda, ſeim ad Abata, og fyrer hann tæke Magtena fra ſeim, ſem Daudans Makt hafde, ſad er Diofflenum, og endurleyſte ha ſem fyrer Ogn Daudans, hlutu uñ alla Æfe i Prælkan ad vera, Hebr. 2. enn liete ſijna Endurleyſta, fra Daudanum aptur upprijſa, og med ſier eilijflega lifa, hvorra Frumburdur hann er ordenn fyrer ſijna Inngaungu i Himenenn; Med ſeſſum Hætte wtmaalaſt vor Frelſare, af baadum ſijnum Naatturum, ſeirre Guddoomlegu og Manndoomlegu, og af ſijnu tvsfallda Stande, Nidurlægingarennar og Upphafningarennar, hvar med hann ſyner ſig ſijnum Doinum hrædelegann, er hann kemur med Skyunum, og oll Augu munu ſia hann, og ſeir ed hann giegnumſtwnged hafa, og allar Kynkvijſler Jardar munu kveina, Apoc. 1. Eñ ſijnum Vinum elſkulegann til Glede og Huggunar ollum ſeim, ſem hanns Tilkomu elſka, 2. Tim. 4.

Eg veit ſín Verk, og ſína Hørmúng og Fátækt, enn ſú ert audugur. Huggunarſamlegt er ſad fyrer ſierhvorn ſann ſem und-

erþrycktur og freistadur er, ad vor Frelsare JEsus segest vita, þeckia og adgiæta allt þad hann gisrer og lijdur; Gisrder sinna Retttrwadra sier hann ad eru hræsneslausar, epter hanns Bode, Matth. 6. Þvi alijtur hañ þær i Nød, og ætlar sier þær ad launa, hann adgiæter lijka so hvad þeir lijda, og sier allann þeirra Mootgaang, og Adþreyngingar af Villumonnum og Tyronnum, af þeirra Mootstendurum og rangsnwnu Foolke, einnig af þeirra Osynelegu andlegu Ovinum, og sier þad vera þeim stoorar Hornwngar, hann sier einnig þeirra lijkamlega Fatækt, hvorsu þeir hafa sijna Aleigu vegna Fatækra Naudþurftar wtgefed, og hvorsu þeir hafa þvi þeir attu, af Vantrwudum rænter vered, þo þeim synest sem hann adgiæte þad ecke uñ Stundar Saker, og þeir fa þad sijdar meir sied, so sem sia ma i þessum Stad; Hann sier a samt þeir eru riettelega andlega Fatæker, Matth. 5. so sem volader, enn þo marga auduga gisrande, so sem þeir ed eckert hafa, enn hafa þo alla Hlute, 2. Cor. 6. Þvi kallar hann þa samt auduga, þvi hann sier þeir eru rijker i andlegum Audæfum, rijker i Gude, Luc. 12. i Trwñe, i Ordenu, i Skilningenum, i allre Kostgiæfne, i Kiærleikanum, 2 Cor. 8. i goodum Verkum, 1 Tim. 6. og af himneskum Fiarsioodum, þvi þeir hafi sier fyrer Sioonum Von Lioossens i Myrkrenu, og Von Lifssens i Daudanum, hvors vegna þeir eru midt i Mootlætenu sæler. Og

Og Lastan þeirra sem sig segia Gydinga vera, og eru þó ecke, heldur eru þeir Sathans Sofnudur. Lijka veit JEsus og heyrer Lastan þeirra, sem bæde hann og hañs Sofnud lasta, og hvad hanns Heilager mega af þeim þola; Þesser segia sig Gydinga vera, þad er, Abrahams Syne, Guds Foolk, sanna Guds Dyrdkendur og Jaatendur, sanna Israelita, i hvorium eingenn Svik eru, so sem Christur sagde um Nathanael, Joh. 1. Fyrer hvoria skiliast eiga, ad þeim seinne Tijdum, retttrwader, sañchristner Menn, þvi so sem ad Gamla Testamentesens Tijdum var eingenn onnur Þiood Guds Foolk enn Gydingarner, so eru einger adrer Guds Menn, ad Tijdum hins Nya Testamentes, enn retttrwader Menn, sem christner kallast, og eru, þad segia þesser Lastarar sig vera, og eru þo ecke, þeir eru ecke Abrahams Syner i Trwnne epter Andanum, þo einhvorier þeirra kynnu þad epter Holldenu ad vera, so sem Ogudleger, villter Gydingar, þeir eru ecke christner, og ecke sanner Guds Dyrdkendur, þo þeir kalle sig so og þykest so vera, helldur eru þeir Sathans Sofnudur, sem JEsus best þecker; Þvilijker ad þeim Tijdum voru þeir stooru Villu-Menn, Arius, Macedonius, Nestorius, Eutyches og þeirra Lijkar, sem þoottust veltrwader, voru i stooru Alite, og feingu mikenn Fiollda Christeña Mana, leidt til Fylges vid sig, og til ad fylgia og framfylg-

ia sijnum Villum, hvad ecke jook all-lijtlar Hormwngar, nie giorde all-lijted Skard i þeirre sonnu Guds Christne, sem þa var misg tekenn til ad vaxa og bloomgast vijda um̃ Heimsbyggdena, hvar af sest ad Sathan hefur tijdum sinn Sofnud medal Guds Safnada, og sijnar Verkaner i Bornum Vantrwarenmar, Eph. 2. so sem vijdar maa sia i H. Ritningu, enn allar Ordsaker, vegna hvorra Gud lijde þad, kann eg ecke ad segia, þvi þær eru hanns hullder Doomar, og ei utann þær hann hefur opennberad, so sem, ad hanns Barna freistad verde, sem sagt er i næst epterfylgiande Grein, og ad Sathans Born endurvitkud verde wr hanns Snoru, af hvorre þaug faungud eru til hañs Vilia, 2. Tim. 2.

Hrædstu eckert af þvi sem þu líða munt, sjá! Djøfullenn mun nockrum af ydur kasta i Dyblissu, uppá þad þier freistader verded, og þier munud Hørmúng hafa i tíu Daga. I þessum Ordum hughreyster JEsus sijns Safnadar Lime, lijka sem hann adur hafde giort vid sijna Læresveina, Matth. 10. segiande: Hrædest eige þa sem Lijkaman aflijfa, og Saalena geta ei Lijflaated, helldur hrædest þañ framar sem Saalu og Lijfe, getur tortijnt i Helvijte, og fyrerseger þeim þad hann vel fyrersier hvad þeir mune lijda, sem sijnum Læresveinum, Joh. 16. þier munud graata og syrgia. Nockrum af

þeim

þeim, seger hann, Diofullenn munu kasta i Dyblyssu, þo ecke ollum, þvi ecke verda aller fyrer jofnu Mootlæte, helldur so sem Gud wtskipter þvi hvorium fyrer sig. Af þessu er openbert, sem vijdar i þessum Sende-Brefum, ad ecke eru þau Biskupe Safnadarenns einasta tilskrifud, helldur æsamt heilum Sofnudenum og sierhverium hanns Lim fyrer sig. I Dyblissu edur Fængelse, var morgum goodum Lærefodur og Guds Manne kastad a þeirre Tijd i Christneenne, margur var þar settur af sijnu Embætte, sviptur sijnu Gotze, rekenn i Utlegd, og sumer lijflatner fyrer JEsu Nafns og hans Sañleika Saker, epter þvi sem Kyrkiu-Sagna-Skrifararner hafa fræsagt, þvilijkt hefur optlega fyrer komed, og mun þess i millum vidvara so lenge sem hun er hier a Jordunne strijdande. Þo Diofullenn kome þessu i Verk, hvor skyllde hrædast þar fyrer, þvi hann tilfærer ecke Hormwngarnar fyrer sig sialfann, nie fyrer vonda Menn, sijna Erinds-Reka, sem hann til þess upphvetur, odruvijsi enn Bodull, sa er wtfærer Guds Dooma yfir syndugu Mannkyne, hañ getur ecke giort þær stærre nie margbreyttare med sijnum Illskum og Vielabrogdum, eñ Gud hefur tilætlad og epterlæted, sem honum Takmark setur, yfir hvort hañ kemst ecke, Job. 1. Enn þetta leyfir Gud honum uppa þad hiner Heilogu verde freistader og reynder i Þrwarennar og Þolenmædennar Stoduglynde; Sæler eru þeir,

sem Freistingena lijda, þvi epter þad þeir eru reynder odlast þeir Lijfsins Koronu, hvorre Gud hefur heited þeim sem hann elska, Jac. 1. Fyrer þa tiju Daga, a hvorium fyrer spad er þeir Retttrwudu i þessum Sofnude mune Hormiwng hafa, meina eg eingvañvegenn skiliest þær tiju, bloodugu Ofsookner, a hinne fyrstu Christnenniar Tijd, ei heldur tiju Daga Ofsookner under Siornan Keisaranns Trajani, i Borgenne Smyrna, sem nockrer smijda sier, og eige nockur viss Daga, Ara nie Tijma Tala, heldur eige fyrer þa ad skiliast, stoorar og margar, laungvarande og margvijslegar Hormwngar Guds Safnadar, epter Ritningarennar Ordа Tiltæke uñ Tiju i Tale, so sem Jacob sagde uñ Laban, ad hañ hefde skipt uñ sitt Verk-kaup tijusiñum, Gen. 31. Gud sialfur uñ Gydingana, ad þeir hefde freistad sijn tijusinnum, Num. 14. Og Job uñ sijna Vine, ad þeir hefdu spottad sig tijusinnum, Job. 19. hvad sierhvad so skilst, sem þad hafi optlega og margvijslega giort vered; Uñ Postulann Paulum sagde vor Frelsare: Eg vil syna honum hvorsu miked hañ skal lijda fyrer mijns Nafns Saker, Act. 9. og Paulus keñer sialfur, ad oss byrie fyrer miklar Hrellingar inn ad gaanga i Guds Rijke, Act. 14. Laatum oss þvi, kiærer Br. ecke þykia þesse Keñing sem nockud faaheyrt, helldur gledium oss þad vier med Chrjsto lijdum, uppa þad vier a Openberingar Tijma hanns Dyrdar, mættum glediast og fagna,

na, 1. Pet. 4. og giætum þess ad Gud er trwr, sa ei lijdur þad, ad vor verde freistad yfir vort Megn fram, helldur gisrer hann þa Ending a Freistingunne, ad vier getum þolad, 1. Cor. 10.

Vertu trúr allt til Daudanns, og mun eg gefa þier Koronu Lifsins. Med mikelle Hoogværd Aminner JEsus sijna Trwada, til Þolenmæde og Stoduglyndes, ad þeir sieu trwer i Verke DRottenns og hanns Þioonustu, allt til Daudanns, og miklu goodu lofar hann þeim sem so stoduger standa, sem er, ad gefa þeim Koronu Lijfsens, hvorier ecke einasta eru stoduger i Bæna Akallenu, Col. 4. helldur einnig vaka, og standa i Trwnne, 1. Cor. 16. Þa deya þo lijka þeir Trwudu, kynne einhvor ad segia, enn Ritningenn seger: Sa Riettlæte life af sinne Trw, Hab. 2. Hevrum hvorju Paulus um þad svarar: 1. Cor. 15. Af hvorium marger enn þa lifa til, enn nockrer eru sofnader, og JEsus: Joh. 11. Lazarus Vinur vor sefur, enn eg fer ad vekia hann, nefnande natturlegann Dauda sinna Barna, ei odruvijs enn sætann Svefn, þvi hann siaalfur, sem hann seger i sama Stad, er Upprisan og Lijfed, hvor a hann trwer, sa mun lifa þott hann deye, og hvor hann lifer og trwer a han, sa skal aldrei deya; Af þessu vitannlegt er, ad gudhrædder Menn og Trwader deya, lære hiner Vantrwudu og Ogudlegu, og umþeinke

hvad fyrer þeim mune liggia, þvi ecke er þetta forgefens skrifad; Ef sa Riettlæte hlytur ad þola a Jordunne, hvad miklu meir sa Ogudrækne og Synduge, Prov. 11. Ef sa Riettlæte verdur varla forvaradur, hvar mun þa hinn Ogudlege og Synduge byrtast, 1. Pet. 4. Og vor Frelsare sagde: Ef Menn giora so vid hid bloomgada Tred, hvad mun þa skie vid hid þurra, Luc. 23. Penke þvi einaenn, hann mune sa hica þeim fyrsta Dauda komest, sem er sa naatturlege, vondum og goodum Monnum sameigennlegur, lijka Dyrunum, i hvorium Adskilnadur verdur Saalar og Lijkama, Astundum helldur ad fa Naad Riettlæteſens og Lijfſens Koronu, 2. Tim. 4. Jac. 1. sem er Korona þeſs Konunglega Kiennemanns-Skapar, epter þann tijmannlega Dauda, þeim Trwudu gefenn af Christo, epter hanns Fyrerheite, sa henne kryndur er, hann mun sem allra Hluta Sigrare med sijnum Brwdguma i Dyrdenne, eilijflega rijkia, og sijfelldre himneskrar Sælu Unadsemd i Odaudleikanum umgirdtur, i Saal og Lijkama sagna.

Hvor hellst yfirvinnur, þeim skal ekkert Illt skie af þeim odrum Dauda. Þeim sem yfirvinur, allt þad Saaluhialpene er mootstædelegt og Gude Opocknanlegt, er miklu Goodu heited, af vorum Frelsara JEsu Christo, ad honum skule eckert Mein verda ad þeim odrum

Dauda,

Dauda, hvor Daude er Astand hiña frœa Gude eilijflega burtſkwfudu, Ogudlegu, fordœmdu Manna, þœa þeir, epter þad þeirra Sœler eru i Uppriſu Framlidenna, Lijkamanum œa ny ſamteingdar, bolvader œa Sœlu og Lijkama, ſvipter ollu gudlegu Lijfi, og allre gudlegre Huggun, verda kaſtader œa Dege Doomſins i daudleg Helvijtis ytſtu Myrkur og eilijfann Elld, ſem fyrerbwenn er Diofflenum og hanns Englum, þar ed vera mun ſijfeldt Op og Tannagnijſtran, Matth. 8, 13, 25. Þeſſe Daude er Daſlœtannlegur og Odaudlegur, lijka ſem ſiœlfur Odaudleikeñ, þvi hann er eilijfra Kvala og Eymda ſtrœngaſta Lijdan; Annar, kallaſt hann, ſeger Auguſtinus, þvi hann kemur epter þann Fyrſta, ſem er Adſkilnadur Sœlarennar og Lijkamañs, og er Adſkilnadur Sœlarennar og Guds, ſœa Fyrſte rekur Sœlena nauduga burt wr Lijkamanum, ſœa Annar helldur heñe naudugre i honum, uñ hañ er ſagt, Ap. 20. Og Daude og Helvijte urdu kaſtud i Elldſins Dijke, þad er ſœa annar Daude, hann er eilijfur, og þeſs vegna hinn verſte og ſtœrſte Daude, þvi eingenn Daude er ſtœrre nie verre enn ſœa ſem alldrei deyr, og alltijd er deydande. Gud giœfi vier opt og Oſialldañ hefdum i alvarlegre Uñþenkingu hanns allra beiſkuſtu eilijfu Beiſkiu, ſo vorar Tilhnegingar mœtte þar fyrer dragaſt frœa ollum ſkadlegum Gyrndum og Lyſtingum ſem hann forþena. Fœlunſt vier þañ tijmannlega Dauda, ſem ecke varer nema uñ

litla Stund, hversu miklu helldur skylldum vier þau ecke þañ eilijfa hrædast, og hvornig munum vier hañ mega geta þolad? Sumar Barna-Mædur venia sijn Born af Briooste med þvi, ad rijda nockru a Briosteñn sem hefur beiskañ Smeck; Breytum epter þeim a vidlijkañ Hætt, og lætum vora Hiartans Þanka finna nockurn Smeck helvijtskrar Reñu, so vier veniumst af Briooste Veralldareñar, lætum af ad iñdrecka Miolk heñar banvænu Vellystinga, og verdum þar fyrer alldrei meidder af þessum versta Dauda.

Hvør Eyrn hefur sá heyre, hvad Andenn seger Samkundunum. I þessu Sende-Brefi, þyker mier sem tale Skilningsens Ande JEsu Christi, sem kallast Ande Nædarennar, Zach. 12. og fyrer sagt er, ad Gud mune ausa ut yfir Davids Hws, og Jerusalems Borgar Menn, þad er, þann andlega Israel edur sijna Christne. Sumir Astgisf. H. Anda er þau Skilningurenn. Þad er, soddann Skilningur a Guds Orde, i hvorium Menn eru ecke leingur Born, helldur skiliande hvor ad sie Vilie DRottenns, Eph. 5. Hvar med þeir odlast Guds Nad, og Krapta til ad giora Guds Vilia, epter Christi Ordum: Joh. 7. Ef nockur er sa sem giora vill hanns Vilia, þad er, þess himneska Fodursens, hann reyner hvort þesse Lærdoomur er af Gude. Þetta er Skilningur Saluhiælparennar i Fyrergefningu Syndanna, sem

sem ecke er ovaxtarlaus, heldur sa, fyrer hvorn Menn komast til ad þioona Gude i Heilagleika og Rettlæte, alla þeirra Lijsdaga, Luc. 1. og vita þeim er þar til Nad gefen, epter Mæling Giafar Christi, hvar fyrer Guds Ande seger: Hann er i Hædena uppfarenn, og hefur Herleidingena ad Herfange teked, og Monnum Gaefur gefed, Eph. 4. Pf. 68. Um þessa Nad talar Petur so: Vaxed i Nadenne og Vidurkenningu vors DRottenns, og Lausnaranns JEsu Christi, 2 Pet. 3. og heñar Oskar Paulus Sofnudunum, i ollum sijnum Brefum; Þesse Nad fæst ecke med holldlegum Skilninge, heldur med þeim sem af Guds Anda er gefinn, og þvilijkur Skilningur hefur þeim Sofnude gefinn vered, sem þetta Sende-Bref er tilskrifad, sem sia maa af hanns Stoduglynde i Guds Þioonustu, hvad stoorum Hormvngum sem hann hefur hloted ad mæta, hvors vegna vier skylldum alldrei forsooma, ad bidia Gud um þennann Skilningsens og Nadarennar Anda, til Eflingar vorre Saluhiælp.

O HErra JEsu Christe! Þu sem hefur Lykla Helvítes og Daudanns, vardveit oss fyrer Anda þinar Nádar frá þeim ódrum Dauda, sem er eilífur Adskilnadur frá Gude, þeim sem er Líf Salarennar, líka sem hún er Líkamanns, A M E N.

III.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

I

PERGAMO.

APOC. Cap. II. v. 12 - 17.

Og þeim Engle Samkundunnar i Pergamo skrifa þu: Þetta segir sá sem hefur hid hvassa tvieggiada Sverded. Eg veit þijn Verk, og hvar þu býr, hvar ad er Andskotanns Sæte,

Sæte, og þu helldur vid mitt Nafn, og afneitader ecke mijna Trw; eiñig a þeim Dogum er Antipas minn trwr Vottur, var hiæ ydur i Hel slegenn, hvar ed Sathan bygger; Eñ eg hefi fætt eitt æ moote þier, þad þu hefur þæ þar sem vid Lærdoom Balaams halda, sæ sem keñde fyrer Balach upp ad setia Hneixle fyrer Israels Born, til ad eta af þvi Skúrgodum offradest, og Hóraner ad drygia. Líka hefur þu þá, sem halda Keñingar Nicolaitarum, hvad ed eg hata. Giór Yfirboot, enn ef ei, þæ mun eg snarlega koma til þín, og strida vid þa med Sverde mijns Munns. Hvor Eyru hefur, sæ heyre, hvad Andenn seger Samkundunum. Hvor hann yfirvinnur, þeim vil eg gefa ad eta af þvi foolgna Manna, og eg vil gefa hon-

honum goodann Vitnesburd, og ad Vitnesburdenum nytt Nafn skrifad þad eingeñ þecker, utañ sa þad medtekur.

Utskijringen.

Og þeim Engle Samkundunnar i *Pergamo* skrifa þu. Pergamum var adalæt Borg i Landenu Mysia i hinne minne Asia, og fordum Daga Setur Kongaña af þeirre Attaliskv Ætt; I þeirre Borg var fyrst uppfunded ad tilbwa þa Hlute, ad hvoria Meñ kunnu ad skrifa varanlegar Skrifter, sem þess vegna kallast enn i Dag Pergament, epter hennar Nafne til hennar Virdingar, þvi soddañ Uppasinning hefur vered i Heimenum til stoorra Gagnsemda; Hennar Nafn þyder, Hæd edur hæfann Stad; hvad ecke Olijklega samannkemur vid Astand Christnennar ad hennar þridiu Tijd, sem hinne annare epterfylgde, þvi þa took hun til ad vera metenn i hærra Gylde fyrer Mønnum, enn ad þeim fyrre Tijdum, þo ei være þad so fyrer Gude, med þeim Hætte ad nockrer hennar Forstioorar, tooku til ad upphefia sig yfer adra, sem ei hafde adur vered, og þar fyrer ad brwka veralldlegt Vald, asamt þvi andlega, sem var hid fyrsta Upphaf til Anta-Christsens Rijkes, er uñ þær Tijder hoofst,

og

og sijdann smæmsamann jookst og styrkteſt, allt eins þo Tyrkians Yfergangur um̃ somu Tijder, tæke til ad giora miked Skard i henne, hvad af þessu Brefe er vijda audveldt ad raada. Med þvi af so vondum Upphofum, er hellst ofmiklar Dreggiar ad finna i Verolldenne, vegna hvorra morg Sæl stendur i stoorum Hæska, þa er miog naudsynlegt ad sier hvor ein̄ yfervege hvad henne kann i þessu Sende-Brefe tilheyra, til þess hun fæe stodug staded i Samleiksens Vidurkenningu, hvorsu sem hun kynne af Ofsooknum og raungum Lærdoomum areytt ad verda.

Þetta seger sá sem hefur hid hvassa tvieggiada Sverded. Sverded þad sem Guds Sonur hefur, og af hanns Munne wtgengur, Apoc. 1. er hanns krøptuga Ord, hvort hann ber ecke forgefens, Rom. 13. helldur brwkar þad sem volldugur Yfer-Doomare til Verndar og Forsvars sinne Christne, enn til Mooistodu og Eydeleggingar hennar Ovinum, med þeim stræanga Urskurde, ad þad skule fordæma þa ai efsta Dege, Joh. 12. so sem um̃ hann er fyrer-spad, Es 11. ad hann mune slæa Jordena med Vende sijns Munns, og deyda þa Ogudlegu med Anda sinna Vara, hvar ed þetta Sverd verdur so kallad, med hveriu hann eiñig deyder hinn gamla Mannenn i þeim Gudhræddu, so sem Nye life, fræsnydande þeim þad allt sem

glepia

glepia vill fyrer Augu þeirra andlegu Sioonar i fræa Barnæsku, og hindra þaug frai ad epter-ſkignaſt þeim til Sæluhiælpar naudſynlegum gudlegum og himneſkum Hlutum. Hvaſt er þetta Sverded, þvi þad er lifande og kroptugt, og hvoriu tvijeggiudu Sverde hvaſſara, og þreinget ſier igegnum, allt þar til þad i ſundurſkilur Sælena og Andañ, og Merg og Bein, og er Doomare Hugrenninganna, og Hiartañs Hugarlundar, Hebr. 4. So ſundurſkilur þad Hollded fræa Andanum, og Mannanna Rædd fræa Guds Rædum, og flyter ſier þeim til Hegningar ſem Guds Bodum eru Ohlyduger; Þetta Sverd er þad ſem Chriſtus ſegeſt vera komenn til ad ſenda æa Jordena, Matth. 10. ſo Agreining verde millum Fodur og Sonar, Moodur og Doottur, Sonar-Konu, og Moodur Mañs hennar, og Mannſens Hiw verde hanns Ovinner, hvad allt ſked hefur fyrer Guds Ords Sakir, ſo alltijd verde einhvorier hiælpleger; Tvijeggiad kallaſt þetta Sverd, þvi Guds Ord æa æa Manngreinar Alits ad bodaſt, eins vel Kongum og Hofdingum ſem Almwga Foolke, og i bædum Teſtamentunum, ſo þvi gamla ſem nya afſnydur þad Leſtena, hvetur Hugſkoted til andlegra Dygda, ſmygur inn i Hiartans innſtu Fylſne, ſlær ſo til æa bædar Sijdur, og deyder Sælena fræa veralldlegum Hlutum og holdlegum Gyrndum, ſo annur Eggenn ſlær til Ydrunar, enn annur til Streſſunar; Med þeſſu

wt-

wtmœlast vor Frelsare, sierdeiles af hañs spœmannlega Embætte, sem alla Heimsens Lyd varer, og af hanns Upphafningar Stande, sem fullkomnast med hanns Doome yfer Lifendum og Daudum, þessu Brefe til stoors Myndugleika, til þess Menn Ottest hanns Vallds, og hlydnest hanns Kenningum, hvad hvor einn af oss lœte sier sagt vera.

Eg veit þín Verk, og hvar þu byr, hvar ad er Andskotanns Sœte, og þu heldur vid mitt Nafn, og afneitader ekke mína Trú. Ecke einasta veit og þecker JEsus þan sem hanns eru, heldur hroosar hann jafnframt þeirra Stoduglynde, sierdeiles sem bwa midt œ medal hinnar vondu og raungsnwnu Kynsloodar, er Diosienum þioonar, medal hvorrar hann hefur Sœte og Bwstad, því vor Frelsare veit það er torvelldara, ad lifa rettvijslega og gudlega medal hinna Ogudlegu, enn hinna Gudhrœddu, og fa Trwnne halded so Menn ei falle fra Christi Rijke, under Diofulsens Stiornan, og til hanns Þioonustu; Enn Andskotans Sœte er, hvar sem Sannleikur Guds Orda fær ecke stadar numed, hvar ei leyfest Christi Lœrdoom opennberlega ad vidurkenna, hanns Ord ad lesa, honum Lof ad syngia, og hañs Vilia ad giora; Hvar þeir þetta giora hafa ei annars ad vœnta, enn ad verda rœnter Fie og Fride, kastader i Fangelse, og med ymsum Kvslum lijflœtter,

hvar Afgudadyrdkaner og allskyns Skaũer rijkia, enn allskyns gudlegar Athafner og Dyggder eru a Flootta reknar, hvar Lesterner eru ei einasta latner Ohegnder, heldur i Athalde hafder, med Fie og Virdingum launader, alijkt sem þeir Stader hvar Nisarner biugau fyrer Floded, Gen. 6. sem Sodoma, Gen. 19. sem Spaamennerner wtmæla Jerusalem, og David, Ps. 55. og Johañes Babylon, Apoc. 18. I þvilijkum Bwstad seger vor Frelsare sijner trwlynder Þioonar hallde þo vid sitt Nafn, þad er, medkenne þad einardlega fyrer Monnunum, og lifi sem christnu Nafne soomer, so hañ medkenne þa fyrer sijnum himneska Fodur, og þeir hafi ecke afneitad sinne Trw, hvorke med Hiarta, Munne nie Verkum, hvoria Trw hann kallar sijna, ecke einasta vegna þess, hun er a honum grundvollud, helldur einnig til ad syna hun sie Guds Gafa, og af honum gefinn, so hann afneite þeim ecke fyrer sijnum Fodur, Matth. 10. Være slijka Bwstade ecke ad finna, utañ i Heidingiaña og Tyrkiaña Rijkium, þa være Guds Bornum ecke so jafnlega hætt vid Falle og Afvegaleidslu, sem, þvi midur, er, af þvi þeir finnast hardtnær allstadar þar sem kallad er ad christed Foolk bwe, og ef ecke þeckiañlega fyrer Mońum i sierhvorium Sofnude, þa samt i einhvors Hiarta þar inne; Verum þar fyrer varer uñ os, kiærer Brædur, og verkum vora Sæluhiælp med Ugg og Otta, þvi Gud er hann, sem i os verk-

verkar bæde Viliann og Giorningenn epter sine Þocknan, Phil. 2. so vier mættum lokssins sæa Lossstyr af Gude.

Einnig á þeim Dögum er Antipas miñ trúr Vottur, var hiá ydur i Hel slegenn, hvar ed Sathan bygger. A Hroosum Safnadarenns eykur JEsus enn framar, med þvi ad tala uñ, hanns Trwader i honum hafi hanns Trw og Jaatningu halded, einnig þegar þeir hafi offsookter vered, setiande til Dæmes, þad sinn trwe Vottur Antipas hafi hiæa þeim lijflæatenn vered, sem er Merke til ad Sathan bye þar, hvar hanns rettlæater og saklauser Þioonar, er af honum trwlega vitna, eru af Lijfi tekner, þvi Sathan er Mordinge i fræa Upphafi, og stód ecke i Sannleikanum, Joh. 8. Enn þeir þar þvert æa moote, læate ecke Daudann, og eingañ Hlut sæa sig skiled vid Guds Kiærleika sem er i JEsu Christo, Rom 8. Ecke er kunnugt hvar og hvilijkur þesse Antipas hafi vered framar enn i þessare Book er fræasagt, þo þeir hafi fundest er sagt hafa hanns Pijslarvættes Historiu til vera, og hann hafi lided under Keysara Domitiano; Enn hanns Nafn mæa þydast: Sæa sem ollum er æa moote, edur, aller eru æa moote; So eru aller Guds trwlynder Vottar, ad þeir setia sig æa moote allra Ogudlegra Manna raungum Lærdoome og Lifnade, og mega þar fyrer af þeim aptur æa moot allskyns Mootgæang

þola, mega því fyrer hann merkiast aller trwer Guds Þenarar; Hvoriu er þetta lijkara enn Tyrkiañs Yfirgaunge, Ofrijke og Tyrannaskap, en þeirre Tijd hann took til ad eydeleggia Christnena i Austurhœlfunne? Því samt stoodu marger Guds Menn stoduger i Trwnne, lenge fram epter Tijdunum, til Lofs og Dyrdar Gude, og hvorium sem þad veit, til goods Epterdœmes.

Enn eg hefi fátt eitt á móte þier, þad þu hefur þá þar, sem vid Lærdóm Balaams halldа, sá sem kennde fyrer Balach upp ad setia Hneixle fyrer Jsraels Børn, til ad eta af því Skúrgodum offradest, og Hóraner ad drygia, líka hefur þu þá sem halldа Kiennингar Nicolaitarum, hvad ed eg hata. Alltijd þarf Sofnudureñ Uñvondumar vid til Uppbyggingar, því alltijd er misjafnt Foolk i hvoriu Sofnude, alltijd vex Illgresid medal Hveitesens i Guds Akre, Matth, 13. og aller briootum vier margfalldlega, Jac. 3. og med því Christi Ande er Sannleiksins Ande, sier hann ecke i gegnum Fijngur vid nockurn, heldur leider hann i Ljoos hvad sem hann finnur adfiñingarverdt; Fœtt eitt seger hann þad sie hiœ þessum Sofnude, því hann framfœrer þad i fœum Ordum, sem þo miked og margt i sier innebinda, sem er, ad i honum sieu þeir ed halldа Lærdoom Balaams og Nicolaitarum, og sieu þar lidner; Frœ Lærdoome Balaams er i

þess-

þessum Stad skijrlega sagt, lijka sem það er skrifad, Num. 31. Cap. og því er samhlioda það Josephi Sagna-Skrifare segir i Añala Book Gydinganna, ad Spamadureñ Balaam hafi kennt og radlagt Balach Madianita Konge, til ad fordiarfa Israel, hann skyllde lata Kvinnurnar i sijnu Lande bwa sig prijdelega, og ganga sijdann wt til Israels Herbwda, og locka Israels Menn til ad hooraſt med þeim, og fremia Afgudadyrdkan, hvor Hoordoomur alltijd hefur verid fyrer DRottne Svijvirding, 1 Cor. 6. 10. Ebr. 13. So hafa Villu-Mennerner i Christnenne sett Hneixle fyrer þau andlegu Israels Born, edur Guds Foolk, og kennt verallderlegum Hofdingium ad fordiarfa þaug, med því ad locka og draga þau fra hreinum Trwarenmar Lærdoome, til andlegra Hoordooma og Afgudadyrdkana, ei sijdur enn lijkamlegra, hvad eins er Svijvirding fyrer DRottne; So er það skied fyrer Anta-Christsens Villu-Lærdooma, i hanns Rijkes Upptokum og Framfor, því hvad er það annad enn ad kenna andlegar Hooraner ad drygia, og af Skwrgoda Foornum ad eta, þegar hann hefur kennt og framhallded, ecke an stoors Hneixles og langvarande Praattana medal Guds Safnada, það Menn skylldu helgra, daudra Manna Lijkneskiur tilbidia og þeim offra, til þess hanns Þienarar þar af vel lifdu, sem sijdann af því, ad Menn giæfi wt Penínga fyrer hanns Messur, Synda-Forlats-Bref, og

adrar margvijslegar, dærlegar Uppæfinningar, þvert á moote Guds Ordè, og margt annad þviumlijkt? Til þessa leggiast Kienningar Nicolaitarum, enn hvad eru þær annad enn þad, þegar hann hefur fyrerboded ollum Andlegrar Stiettar Monnum Hioonabanded ad innaanga, og i þvi ad lifa, og tilhalded miklum Fiollda Ynges Foolks Ogiftu i Klaustrum sier uppe ad hallda, enn med soddann Hætte lagt Hneixle i Vegenn fyrer þad, til ad fremia allskyns Saurlifnad og adra Stoorglæpe, og lated þetta allt sijdann Ostraffad vera? Þvi þetta er lijkast þeirra Kenningum og Verkum á hinum sijdare Christnennar Tijdum, sem lijted er aminnst i Utskijringu hins Fyrsta af þessum Sende-Brefum. Soddann Kenningar og Verk, segest JEsus hata, þvi hann hatar allt Ogudlegt Athæfi, enn ecke þau þar fyrer sem þad adhafast, þvi hann vill ad aller Menn verde Sæluhoolpner, og komest til Sannleiksins Vidurkenningar, 1. Tim. 2. og so vill hann einnig vier breytum.

Gidr Yfirbót, enn ef ei, þá mun eg snarlega koma til þín og strída vid þá med Sverde míns Munns. Fyrer þad aminner JEsus Sofnudenn til Yfirbootar ad hann hafi hiá sier þau Villúrnar kenna, mootstande þeim ecke af ollum Kroptum, nie reke til Baka þeirra Villur med Guds Orde, og inz

þeim

þeim Hætte sigre þau, so þeir laute af sijnum Villu Lærdoomum, lijka sem hann hroosar Sofnudenum i Epheso fyrer þad hann þetta gjore; Enn þo vor Frelsare sijnum Aminingum Hootaner til-legge, lætur hañ midt i þeim skijna sijna grunnlausu Hiarta-Giædsku; Þvi segir Tertullianus: Ei munde hann hoota þeim Ydrunarlausu, ætlade hann sier ecke ad fyrergefa þeim Ydran gjorer, hann og hanns Englar a Himnum fagna yfir Ydran syndugra Manna, Luc. 15. annars lætur hann sijnar Hootaner frañkoma, vitiande þeirra Ydrunarlausu þegar þau varer sem sijdst med sijnu Straffe, annadhvort fyrer Daudann, i Daudanum, edur epter Daudann, þo straffar hann ecke Syndarana fyrr enn hann hefur þau opt adur aminnt, enn þeir hafa Aminningarnar forsmad, epter þvi sem skrifad èr: Prov. 1. Af þvi eg kalla, og þier vilied ecke, eg wtrette mijna Hond, og eingenn gefur Gaum þar ad, og þier lated fara allt mitt Rad, og vilied ecke mijna Strøffun, þvi vil eg hlægia i ydar Afelle og spia ydur, þegar þad kemur sem þier Ottest. Hann hootar ad strijda vid þau Villtu med Sverde sijns Munns: So sem hañ med Anda sijns Muñs mun deyda hinn Ogudlega, 2. Thess. 2. þvi honum er þad ecke torsooktara ad sigra þau med sijnu Orde, enn sem hann bliese frau sier Andanum, Enn þetta Strijd vill hann lata

sijna Þenara hallda, og Þæa sem Oduganleger eru, vill hann assetia med hvorium Hætte sem honum Þocknast, og setia adra betre og dugleg-re i Þeirra Stad ad sijnum Tijma, sem brwke til Gagns Þau andlegu Hervopnen, einkum Sverd hanns Munns, Sverd Andans, hvort ad er Guds Ord, Eph 6. sem Þeir eiga ad le-sa og kunna, so Þeir sieu mattuger til ad a-minna og straffa Þa sem moote mæla, Tit. 1. Þvi Þad alleina er kroptugt til ad sannfæra og lagfæra Þa sem villt fara, hvors vegna Þeir giora aller favijslega, sem med odrum Rædum bera vid ad fa Samleikans Ovine sigrad.

Hvør hann yfirvinnur Þeim vil eg gefa ad eta af Þvi fólgna Manna, og eg vil gefa honum gódann Vitnisburd, og á Vitnesburdenum nytt Nafn skrifad, Þad eingenn Þecker, utann sá Þad medtekur. Þad ægiæta Fyrerheit Þeim gefed af vorum Frelsara JEsu Christo er yfervinna, sem hans herkner og gooder Strijds-Menn, 2. Tim. 2. Allt Þad honum misÞoocknast, og honum Þoock-nast Þeir yfervinne, er Þetta, ad hann vill gefa Þeim ad eta af Þvi foolgna Manna, edur hullda Himna-Braude, sem hann er sialfur, Þvi hann er Þad Lijfsens Braud, sem af Himnum ofann kom, og hvor af Þvi etur lifer eilijflega, Joh. 6. Þetta Braud verdur eted i Guds Rijke, Luc. 14. Þvi Menn fa i Þvi ad niota allrar

allrar hanns Forþienustu Velgiørninga, huled kallast þetta Braud fyrer Heimsens Bornum, þvi Heimurenn þecker hann eige, Joh 1. enn ei fyrer hanns Bornum, þvi hann þeckest af sijnum, Joh. 10. og fyrer þeim openberar hann sig, Joh 14. Hann var fyrermyndadur med Himna-Braudenu, sem Gud liet rigna til Fædslu Israels Folke, i þeirre Arabisku Eydemork, er þeir kolludu Man edur Manna, hvort ed hafde Smeck sem Hveite Salle blandadur med Hunange, Ex. 16. Uñ þad syngur David, Ps. 105. Enn uñ þetta, Ps. 34. seger hann: So smacked og siæed hvad DRottenn er liwfur! Med honum ættum vier under ad taka, og aller sem voina þeir munu fa ad smacka himneskann Sætleika JEsu Christi, af Ps. 36. segiande: Gud! Hvorsu dyrmæt er þijn Myskun, so Mannanna Born hafa Traust under Skugga þinna Vængia, þeir verda druckner af Nægdar-Giædum þijns Hws, og þu dryckiar þa med Vellystingu, so sem med Vatns-Straume, þvi hia þier er lifande Uppspretta, og i þijnu Liose sianum vier Liosed, og af Ps. 17: Eg vil skoda þitt Auglit i Riettlætenu, eg mun saddur verda, nær eg uppvakna epter þiñe Mynd. Auk þessa vill hann gefa þeim goodann Vitnesburd, og a honum nytt Nafn skrifad, þad eingenn þecker utann sa þad medtekur; I þeim Griska Hofud-Texta kallast þesse goode Vitnesburdur, Hvijtur Smasteinn, þvi þeir

gomlu Fornalldar-Menn, plogudu, nær þeir ælyktudu nockud um Meñ, ad gefa þeim hvijtann Stein, og hanns Nafn þar a skrifad, sem þeir villdu Saklausann hallda, og giora Æru og Virding, enn þeim Svartann, sem þeir villdu æfella og giora Vanæru, þar fyrer er þetta Ord, wtlagt goodur Vitnesburdur, og hvor ma betre Vitnesburdur vera, enn sa, þegar Guds Sonur vill einn Mann fra ollum Sokum frijkenna, og honum Virding giora; Það nya Nafn sem a hann er skrifad, og þeim gefed, er það, ad þeir skule Guds Born kallader verda, Matth. 5. hvert eingenn þecker sier sie gefed, af þeim sem Holldleger og Oendurfædder eru, þvi þeir skynia eckert það af Guds Anda er, 1. Cor. 2. Matth. 16. helldur þeir alleina sem það medtaka, sem eru Endurfædder, hvorra Ande, fyrer Endurfædingarennar Krapt, rannsakar einnig Dypt Guddoomsens, 1. Cor. 2. Og i hvorra Hiarta H. Ande vitnar ad þeir sieu Guds Born, Rom. 8. Hvor skylde ecke hlaupa sem mest hann ma, so hann fae þessar Hnosser hondlad, hvar med hañ odlast Oforgengelega Koronu, 1. Cor. 9.

Hvor Eyru hefur, sá heyre hvad Anden seger Samkundunum. I þessu Sende-Brefe lyst mier sem tale Rádsens Ande JEsu Christi. Þridia Astgiof H. Anda er Ráded, hvoria hann gefur JEsu Elskendum, sem allann

Hug-

Hug æleggia Gude ad þocknast, þvi þeim gefur hann ad fa ad komast, hvoriar Slægder Diofullenn vill hafa i fraſne, med hvorium hañ ſem Guds og Manna ſkiædaſte Ovinur, vill þaug fordiarfa, og ſijdann ad fa ſied vid þeim; Einnig gefur hann þeim Raad, til ad fa komeſt hiaa Heimſens Barna Slægdar-Raadum, ſem þaug brugga til þeſs þaug fare Guds Chriſtne eydelagt, og hanns trwlynda Pjenara af Dogum raaded, og illa wtleiked. Soddann Raad gaf hann þeim Guds Manne David Konge, fyrer hvor hann ecke einaſta fieck uñflwed allann Hanſka, ſem yfer honum hieck af Ofſooknum Sauls Kongs, helldur einnig þar med ſigrad þær Freiſtingar er fyrer hañ mattu koma til ad forgrijpa ſig a ſijnum Herra, enn ſetia Guds Bod til Sijdu, 1. Sam. 24. 26. Soddann Raad gaf hann honum til þeſs, ad hanns Vinur Huſai kynne fyrer Guds Hialp Achitophels Raad ad Onyta, eyn Konguremm þar fyrer afkiæmeſt, 2, Sam. 15. Soddann Raad gaf hann Spamannenum Daniel, til ad geta frelſad hina ſaklauſu Suſonnu, Dan. 13. Soddann Raad gaf hann Paulo til ad forſvara ſig fyrer Gydingum, Act. 24. Og ſoddann Raad gefur hann enn i Dag ollum Guds Bornum. Til þeſſara Hluta duga ecke mannleg Raad, ſo ſem kient er i þeſſu Sende-Brefe, ad alleina med Guds Orde verde Villu-Lærdoomenum mootſtaded, enn ecke med nock u

ödru sem Menn uppá finna; Bidium því jafnann Gud ad hanns Ráad sieu vor Ráad, og hann læte oss alltijd fylgia sijnum Ráadum og Vilia!

O HErra JESU Christe! Þu sem ödlast hefur Nafn það yfir öllum Nöfnum er, sem í þessare og ókomenne Öld nefnast, leid oss epter þíns Anda Ráde, ad vier af himnesku Lífsins Braude mettader, niótum þeirrar Nafnbótar sem þu gefur þínum Utvölldum,

AMEN.

IV.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

Í

THYATIRA.

APOC. Cap. II. v. 18 - 29.

Og þeim Engle Samkunduñar i Thyatira skrifa þu: Þetta segir Sonur Guds, sa Augu hefur sem Elldsloga, og hañs Fatur sem glóande Látun. Eg veit þín Verk, og þiñ Kiær-

Kiærleika og þína Þiónuſtu og Trú, og þína Þoleñmæde, og þín hin ſídare Verken, hinum fyrrum meire. Ẽn fátt eitt hefe eg á móte þier, þad þu latur þá Kvinnu Jezabel, sem ſeger ſig Spákonu vera, kenna, og villa mína Þióna, Hóraner ad dręgia, og Skúrgoda Fórner ad eta. Og eg hefe henne Tíma gefed, þad hun ſkyllde Ædran giora fyrer heñar Hóraner, og hun giorer ecke Ædran. Siá, eg kaſta heñe i Reckiu, og þeim, hvorier med heñe Hórdóm dręgt hafa i ſtórar Hórmúngar, nema þeir giore Ẽferbót fyrer ſín Verk. Og hennar Born vil eg deyda, og allar Samkundur ſkulu vidurkeña, þad eg er Nyrnanna og Hiartnaña Rannſakare, og eg mun geſa hvoríum ydar ſem einum epter ydar Verkum. Ẽnn ydur ſege eg, og hinum

odrum

ódrum sem eru i Thyatira, þeir þeñann Lærdóm ei hafa, og hvorier ecke þeckt hafa Dypt Andskotans, sem ad þeir segia, eige vil eg ódrum Púnga á ydur kasta, þó hvad þier hafed, þad hallded, þar til ad eg kem. Og hvór sem yfervinnur, og vardveiter min Verk allt til Enda, þeim mun eg Vallð gefa yfir hina Heidnu, og hann skal stiórna þeim medur Járnvende, og so sem Leyrgiorarans Kier skal hann i sundurmola þá, líka sem eg af mínum Fódur medteked hefi, og Morgunstiornuna mun eg gefa hónum. Hvór Eyru hefur, sá heyre hvad Andenn seger Samkundunum.

Utskijringen.

Og þeim Engle Samkundunnar i *Thyatira* skrifa þu. Thyatira var Borg i Landenu Lydia i hinne minne Asia.

J

Í þessare Borg var sw Kvinna merkeleg að Nafne Lydia, sem voof og selde Purpura, og christnadest fyrer Aminningu Postulans Pauli, Act. 16. Nafn þessarar Borgar wtleggst, Þvijngunar-Offur, edur það Offur sem giordt er mæðusamt og erfidt, hvad vel kann heimfæraast til hinnar fioordu Tijdar i Christneinne, sem henne tilheyrande, er þeirre þridiu epterfylgde, þoi þegar Anta-Christsens Stiooorn var i henne hætt komen, og faren að hafa Yfirhond, urdu Menn þvijngader til að þiona Gude med margh[æ]ttudum, Ondytum og Otilbærelegum Manna Setningum, er til einkes annars voru, enn að pijna og þvijnga bæde Lijkama og Sauvitskur Mannanna, so sem voru Pilagrijms Reisur, Peninga Utlæt, og ymeslegar Lijkamans Alogur, sem kenst var, ecke einasta være i jofnu Gylde vid Goodverken þaug Gud hefur boded, heldur einnig að Menn þar med forþienudu Syndanna Fyrergefning, fyrer hvoriar þo eckert Offur gylder, utann það eina sem siælfur Sonur Guds hefur wtlagt, og þvilijkrar Tijdar Hattalag ma framar þeckia i þessu Sende-Bresi, sem þeim Sofnude tilskrifad, er að sonnu bæde rietta Kenning og gott Framferde hefur til að bera, enn er þo samt ei noog oruggur til að mootstanda steckum, rijkiande Villudoomum, og þar fyrer asamt hvorium þvilijkum Manne, sem kann það margt i þvi finna, er han þecke sitt Mark a, og honum ma verda til Betrunar.

Þetta

Þetta seger Sonur Guds, sá Augu hefur sem Elldsloga, og hanns Fætur sem glóande Látún. Stoorann Myndugleika tilfærer þad þessu Sende-Bresi, ad þess stoore Hofundur nefner sig berlega Guds Son, so Menn þurfa ei um ad villast, hvor þad hefur lœtid skrifa, nie nein hin onnur. Hann segest hafa Augu sem Elldsloga, hvar med auvijsast hanns Augu sieu skiœrare enn Soolen, Syr. 23. og hann yfirsiœe alla Hlute; Fyrer þaug merkest hanns Alvitska, og hann siœe alla vora Vege, Ps. 139. og aller Hluter sieu nakter og Ohullder fyrer hanns alskignu Augum, Ebr. 4. hann sie reidubwenn ad upplysa þau Rettlœtu, med Ellde sinna Augna, burthreinsa allann Saurugleik sinnar Christne, og uppsvelgia þau Ogudlegu, med elldlegum Krapte Fordœmingarennar Dooms-Afelles; Hrœdest aller Ogudleger fyrer þessum elldlegu Augum, er alla Hlute siœa og rannsaka, so þeir dyrfist ecke ad segia edur þenkia: Hann sier ofs ecke, þvi hann sier vel allar þeirra Athafner, Ps. 10. og hans elldlegu Augu hafa Krapt til ad uppbrenna þau sem onnur Hœlmstrau. Fætur hefur hann sem glooande Lœtun, þad i Ellde glooar, og þurfa þvi ei Þvottar vid, med þeim syner hann sin glooande Kiœrleika til sinnar Brwdur Christnennar, ad hann bere hana sem Fæturner Lijkama sinn, med þeim flyter hann sier til Hiœlpar henne, i ollum hennar Hœskasemdum, og fyrer

þæa merkest hanns Almætte til ad foottroda alla sijna og hennar Ovine, Ps. 110. Rom. 16. Augustinus skilur fyrer hanns elldlegu Augu, merkest hanns glooande Logmæl til Mannaña, Devt. 33. og fyrer hanns glooande Fætur hanns Christne, sem er hanns andlegur Lijkame, Eph. 1. er þvi heldur skule reynast i Ellde Mootlætingaña, 1 Pet. 4. sem meir nalægest Doomsens-Tijme, hvor Lærdoomur ecke er moote Trwarennar Reglu, þannig wtmæalast Guds Sonur af hanns bædum Nætturum, hanns Eigennlegleikum, hanns dyrdarlegu Upphafningu, lijka sem hann synde i sine Forklæaran æa Fiallenu helga, þæa hañs Andlit skein sem Sool, Matth. 17. og af hanns-Velgiorningum vid sijna Christne, til hennar stærstu Glede og Huggunar, ad hun æa so dyrdlegann Forsvars-Mann, æa moote allra hennar Ovina Vallde og Ofrijke.

Eg veit þín Verk, og þinn Kiærleika, og þína Þiónustu og Trú, og þína Polenmæde, og þín hin sídare Verken hinum fyrrum meire. Miked Hroos til-leggur JEsus þeim Sofnude, sem hann vel veit og þecker þær stooru andlegu Dygder hafe til ad bera, so sem eru: Kiærleikurenn til Guds og Næungans, sem er mestur af þessum, 1. Cor. 13. Þioonustan i kostgiæfelegu Framhallde Guds Orda Kienningar, og i Goodgiordum vid þæa Naudstoddu; Trwen sem lifande er, og æavaxtar

arsom af goodum Verkum, og Polennmæden, sem i ollum Prautum stendur stodug, og med þeim Hætte vinnur þær, hvar vid bæteſt Vorture og Framfor i þvi Gooda, edur þaug sijdare Verken hinum fyrrum meire, so sem hann segier Matth. 25: Hvor hann hefur, honum mun gefed verda, og mun hann Nægd hafa, enn hvor eige hefur, frꝛa honum mun teked verda einnig þad hann hefur, og Joh. 15. hvorn þañ Kvist ꝛa mier sem Avoxt færer, mun minn Fader hreinsa so hann fære meire Avoxt, þvi ecke eiga þeir sem Gude þioona, ad standa vid i Stad, eda vera sem Paulus seger: 2. Tim. 3. Lærande jafnañ, enn geta þo alldrei til Sañleiksens Vidurkenningar komeſt, edur sem þeir ed alltijd verdur Mioolk ad gefa, enn ei megnann Mat, þvi þeir eru holldleger, 1. Cor. 3. Helldur ad lꝛta sier jafnann framfara i Gudræknenne, þvi þad ꝛa hvor Madur ad vita, ad hvorium sem ecke fer fram i henne, honum fer aptur epter JEsu Ordum, Luc. 11. er so hliooda: Hvor hann ecke samannsafnar med mier, sa sundurdreyfer; Ut af þessu proofe hvor einn af oss sialfann sig, kiærer Brædur! og yfervege, hvort hann ꝛa soddann Hroos Von hiꝛa Christo, eige hann hana, sem þeim er vijs er hañs Vilia og Skipan giora, epter hanns Orde, maꝛ hann gledias og fagna, eige hann hana ecke, maꝛ hann Ottaſt og epterleita ad hann fꝛe henne nꝛd.

Enn fátt eitt hefe eg á móte þier, það þu lætur þá Kvinnu Jezabel, sem seger sig Spákonu vera, kienna og villa mína Þióna Hóranet að drygia, og Skúrgoda Fórnet að eta. Að lofúdum Safnadarens Vidgænge i því Gooda, so sem þeirra er uppbyrtst hafa af Ljoose Guds Vilia Þeckingar midt i Myrkrunum, hvijlijker voru Anshelmus, Bernhardus, Petrus Waldus og þeirra Lijkar, um̃ vandar JEsus hann med mikelle Vægd, so það er framar Um̃kvortun um̃ það, hann læte þa Hoorkonu Jezabel kenna og villa sijna Þioona. Okunnugt er allt annað um̃ þessa Jezabel, enn það sagt er i þessum Stad, eñ það er audsied, að hennar Nafn og Verk hafa Samlijking vid þa illu Jezabel, Drottningu Achabs Israels Kongs, hvorrar Verk eru af Ritninguñe kunnug, 1. Reg. 16. 19. 21. Hennar Nafn þijdest: Vond Naagrennes Kona, edur [enn nær epter því Hebreska Twngumæle] Vei hiñe Sambwande, og Spækona segest hun vera, sem kenne rett epter Guds Anda Jnnblæstre, hvar a miked vill vanta, nær hennar Lærdoomur sest að vera þar þvert a moote, Hooranet að drygia og Afgudadyrkun að fremia, Hvar med miked skijrlega wtmælast Antachristsens Kyrkia, og asamt þesse vonda Verolld faren að biooda sem rijkiande Drottning med hærsta Vallde, að Manna Sid, yfir Guds Sofnudum, sem eru stoorer Hluter, þo það sie fætt eitt kallað, af

því

þvi þad er talad i saaum Ordum, þvi illur Naabwe Guds Barna er hun, kennande med miklu Drambe og Fegurdar Skine, bæde lijkamlegar og andlegar Hooraner og Afgudadyrkaner. Þesse er hin mikla Hoorkona, hin stoora andlega Babylon, Mooder allrar Svivirdu a Jordu, druckenn af Bloode H. og Vottanna JEsu, med hvorre Hooraner drygt hafa Kongar Jardarennar, og af hverrar Hoorunar Vijne þeir eru druckner ordner sem a Jordu bwa, Apoc. 17. Þesse er sw mikla Borg, sem andlega kallast Sodoma og Ægyptus, þar vor DRottenn er krosfestur, Apoc. 11. hennar Forstioore er sa Antachristur sem kallar sig Hofud Christi Safnadar, hvors Hofud þo eckert annad er, enn sialfur JEsus Sonur Guds, Eph. 1. Sa same Antachristur er þad, sem uñ er spad ad koma skule upp i Heimenum-a þeim sijdare Tijdum, so a sig komenn, Dan. 12. ad hañ mune upphefia sig moote þvi ollu sem Gud er, og i moote þeim Gude allra Gudanna hrædelega tala, og þad mune honum takast, uñ Gud Fedra sinna mune hann ei skeita, og hvorke uñ Kveña Ast nie nockurn Gud hyrda, enn i Stadeñ þess mune hann siñ sialfs eigenn Gud Maosim heidra, sem hanns Fedur hafi ecke afvitad, og hañ mune þeim miklar Sæmder veita, sem honum hialpa til hann ad efla, og þar ad Herrum giora yfir miklu Gotze, 2. Thess. 2. ad adur enn Christi Tilkomu-Dagur kome, verde openskar

Madur Syndarennar og Glotunarennar Son-
ur, sem sig forhefur upp yfir allt þad Gud edur
Guds Dyrdkan heiter, setiande sig i Guds Mus-
ere so sem Gud, og gefi sig wt þar fyrer ad hañ
sie Gud, hanns Tilkoma mune skie epter Krapte
Andskotanns, med allshœttudum Lyge-Krapta-
verkum, Teiknum og Stoormerkium, og med
allshœttadre Afvegaleidslu til Ranglætesins, og
1. Tim. 4. ad a sijdurstu Tijmum mune nock-
rer gefa sig til soddann Diofla Lærdooms, fyrer
þa, sem i wtvortes Heilagleika tala Lyge, fyrer-
bioodande ad giftast, og bioodande ad bindast
þeirrar Fædu sem Gud hefur skapad til Medto-
ku Trwudum; Fullnorg Kennemerke þvilijkrar
Christne, sem þad þykest vera, eñ er fiærre Lage
ad sie, eru framfærd til Vidvorunar ollum Rett-
christnum, ad þeir lœte sig ecke af soddañ Christ-
ne Afvega leida a Veg eilijfrar Glotunar.

Og eg hefe henne Tima gefed, þad hun
skylde Ydran giora fyrer hennar Hóraner,
og hun giorer ecke Ydran. Ecke lætur sa
goode Gud vanta, ad gefa fullkomenn Merke
sinnar Giædsku, Rijkdooms Polennmædes og
Lœnalundar Geds vid syndugar Manneskiur,
þvi hann gefur þeim alltijd Ydrunar Frest, ei
sijdur enn hann gaf þeim Ogudlegu fyrer Syn-
dofloded, 120. Ara Frest, Gen. 6. og Jeru-
salems Innbyggiurum epter Christi Dauda 40.
Ara Frest, þvi hann gefur hvorium einum þeirra
heila

heila Lijfstijd til Ydranar, synande sinn dyra Eyd sañañ vera, þad hañ hafe aungva Þockan a Dauda hins Ogudlega, helldur ad hann sinve sier frœa sinne Breytne og life, Ezech. 33. og sinn Vilia, þad hann vill ecke ad nockur Madur glatest, helldur ad aller sinvest til Yferbootar, 2. Pet. 3. hvorsu Ogudleger sem þeir hafa vered, enn giore Menn ecke Ydran, lœte af Illu, og giore Gott medann yferstendur Tijme Nadarennar, er hann reidubvenn epter sijnum Riette ad straffa þa, og lœtur þad ecke sijdañ dveliast, so þad er ecke hañs Riette, helldur þeirra Þvermoodsku ad kenna, ad þeir fœa þvi ad mœta.

Sia! Eg kasta henne i Reckiu, og þeim, hvorier med henne Hórdóm drygt hafa, i stórar Hørmungar, nema þeir giøre Yferbót fyrer sín Verk, og hennar Børn vil eg deyda, og allar Saunkundur skulu vidurkenna þad eg er Nyrnanna og Hiartnanna Rannsakare, og eg mun gefa hverium ydar sem einum epter sinum Verkum. Ecke hootar JEsus Safnadenum neinu hordu i þessu Sende-Brefe, þo hañ uñvande hañ, helldur alleina Hoorkonuñe, heñar Fylgiu-Moñum, og Bornum sem medal þessa Safnadar er ad finna, sañarlega fyrer þau Ordsok hañ veit hañ Vanmattugann ad mootrijsa soddann Illþyde, sia, seger hann, so Menn gefe vel Gaum ad þessu, Eg kasta henne i Reckiu, þad er, hann vill

giora hana veika, Afvana og Mattlitla, so þvilijk Kyrkia edur Sœl, sœe ecke Afvega leidt alla hanns Þivona, hvad hann einnig giort hefur, og giorer ꝛa sijnum Tijma, og þeim med henne Hoordoom drygt hafa i stoorar Hormungar, sierdeiles Andlegar, ad þeir finne ecke Hvijlld nie Roofeme Samvitskunnar i ollum sijnum Verkum og sialfsþootta Setningum med þvi þeir leita hennar ecke i Christo alleina, og heñar Born vill hann deyda: I Griska Maleenu heiter þad so: Ad hann vilie þaug Dauda deyda, so sem hann saade til Adams er hann bannade honum Eplis Ated, ad hann skyllde Dauda deya, ꝛa hvorium Deige sem hann æte af þvi, Gen. 2. hvar med skilst tijmannlegur, andlegur og eilijfur Daude, sem Hoorunnar Bornum, þad er hennar Læresveinum, er fyrerbwenn; Enn hann seger: Nema þeir giore Yferboot, og upptekur so ꝛa ny þesse sijn Myskunar Ord. Lœte hvor einn med mier, þesse hanns Ord sier til Hiarta gœnga, athugande þad hann er DRottenn, DRottenn, Myskunsamur Gud og Nadugur, og Polenmmoodur, og miog Lijknsamur og Trwr, sem audsyner Myskum i þusund Lidu, og fyrergefur Misgiordernar, Rœnglœted og Syndernar, og fyrer hvorium eingenn er saklaus, Ex. 34, og holldum hañs Polennmœde fyrer vora Saluhialp, 2. Pet. 3. enn forsmœum ecke hanns Goodgyrnes Rijkdoom, Polennmœde og Langlundar Gied, vitande

ande Pad hanns Goodgyrne leider oss til Yfer-
bootar, Rom. 2. Pvi aller hlioota Pad ad vid-
urkenna ad hann er Nyrnanna og Hiartnanna
Rannsakare, Ps. 7. Jer. 11. adgiætande so vel
Mannanna holldlegar illar Tilhneigingar sem
Peirra Hugskots Paanka, og mun gefa hverium
einum epter Peirra Verkum, hvort Paug voru
ill eda good, nær hann kemur og hanns Verd-
laun med honum, ad hañ Peim Utskipte, Ap. 22.

Enn ydur sege eg, og hinum ødrum
sem eru i Thyatira, Peir Pennann Lærdóm ei
hafa, og hvørier ekke Pekkt hafa Dypt And-
skotanns, sem ad Peir segia, eige vil eg ød-
rum Púnga á ydur kasta, Po hvad Pier haf-
ed, Pad hallded Par til ad eg kem. Pessum
Ordum eykur vor DRottenn vid, til stoorrar
Huggunar og miwkrar Vidvorunar Sofnuden-
um, bæde Peim Froodu i honum, hvorra Ver-
kum hann hefur audur hroosad, og hinum odrum
Peim Ofroodu, sem ei fylgia Villu-Lærdoomen-
um, og Po hafa ei Peckt Dypt Andskotanns,
sem Peir segia, og hann ei adfinnur, Po Peir so
kalle Andskotanns Slægdar-Raad og Kenning-
ar, er sw villta Christne framhelldur, og kallar
gudlegra Leyndardooma Diwpvitsku, Pvi Peir
hafa ecke skiled Pessa Lærdooma vera af gudlegre
Vitsku upprunna, ei heldur viliad Par medtaka,
nie Peim trwa, so sem Menn kunnu ecke nie fein-
gu Ratningena ad rannsaka, sier til andlegs,

naudsynlegs Froodleiks, þar Tijd Anta-Christs Kyrkiu-Vallð fyrerbauð Leikmonum ollum hana ad lesa, til þess, þad giæte þess heldur villt þar i Diofulsens Flækiur og Snorur, heldur hafa þeir lifad i sinne Einfelldne, so sem þad Olærda Almuga Foolked, og laated sier nægia ad trwa og lifa epter þeirra einfallda Barna Lærdoome, enn ei viliad neinnum odrum diupfundnum, þwngskildum Lærdoomum skeita. Af hvorutveggiu af þessum segest JEsus eingum odrum Þwnga kasta vilia, aungvu Hordu þeim hoota, eckert uppa þar leggia sem þeir fare-ei bored, heldur laata sier nægia þad þeir einasta bere hanns sæta, lietta og þwngalausa Ok, Matth. 11. hvort hann vill þeim sialfur liett giora, og fylge hanns einfallda Evangelii Lærdoome og Lifnade i Helgun og Riettvisse, til þess þenkiande, ad þo Engell af Himne kennde annad Evangelium, sie hann bolvadur, Gal. 1. Enn samt vidvarar hann þar ad þeir halde þvi þeir hafa af Trw, Kiærleika og goodre Samvitsku, og laate sig ei flækia i Diofulsens diupslægdar Leyndardoomum, sem þeir fa ei grundad nie skiled, þar til hann sialfur kemur og vitiar þeirra, annadhvort fyrer Daudann edur hinn sijdarsta Doom, til ad burtflytia þar fra þessu hraknings-sama Lijfe og hreckiafullre Verolldu, og innsetia þar i oruggan Stad eilijfrar Hvijldar og Roosemdar.

Og hvor sem yfirvinnur, og vardveitir min Verk allt til Enda, þeim mun eg

Vallð gefa yfer hina Heidnu, og hann skal stiórna þeim medur Járnvende, og so sem Leyrgiøraranns Kier skal hann i sundurmola þá, lijka sem eg af mijnum Fødur medteked hefe, og Morgunstiørnuna mun eg gefa hønum. Stoorre Eru og Upphefd og miklum Giædum, lofar Guds Sonur þeim sem yfervinna allar Freistingar til Syndanna, so ad þeir vardveita hanns Verk og Skipaner, ad þeir giore epter þeim allt til þeirra Lijfs-Enda, ad hann gefi þeim Vallð yfir hina Heidnu, bæde sem so eru i Raun og Sañleika, og hina adra, er sem Heidingiar lifa þo Christner kalleſt, hvort Vallð hann hefur af sijnum Fodur epter sijnum Manndoome medteked, Pſ. 2. Apoc. 19. nockrum þeirra yfir 10 Borgum, nockrum yfir fim, Luc. 19 og so framveges, ad þeir fæe þær aunned under hanns Rijke, og þannig vared þeim Pundum edur Gæfum hann hefur þeim i Hendur fenged til ad sijsla med honum til Abata, enn ad stiooma hinum odrum, sem þeir fæa ei under hann lagt med Jarnvende, og mola þæa i sundur sem Leyrker, hvort Vallð Sofnudurenn, sem er Lijkame Christi, fær af sijnu Hofde JEsu Christo, med hvorium Gud hefur gefid oss alla Hlute, Rom. 8. Þesser hiner Heidnu, hafa adur med Jarnspijru sijns Grimmdar Ædes, yfir Heilogum Christi rijkt, og þa med sijnu Ofbeide þvijngad, þar fyrer skulu þeir af Christo og hanns Heilogum, med hañs Vel-

des

des Jarnspijru sem Leyrker sundurbrotner verda, þvi þeir eru af Leyre giorder, þegar hann og hanns Heilager med honum, skulu Heimeñ og þa Ogudlegu dæma, Matth. 19. 1 Cor. 6. Ps. 149. Sap. 3. Hier ad auk lofar JEsus, ad gefa þeim sem yfirvinna, Morgun Stiornuna. Ecke þarf þeirra Utleggingar vid, sem fyrer þessa Morgun-Stiornu skilia Diofulenn, er under Personu Kongsins af Assyria edur Babylon, kallast fogur Morgun-Stiarna af Himne ofanndottenn, Es. 14. og trodast skal under Guds Barna Fætur, Rom 16. Ei helldur þeirra, er fyrer hana skilia Rettlæte Gudhræddra, sem fraṁ skal skijna lijka sem Lioos og Morgunrode, Ps. 37. Es. 58. Þvi fyrer hana verdur einfalldlegast skileñ siælfur Guds Sonur Sool Rettlætesins, Mal. 4. er sig kallar skiæra Morgunstiornu, Apoc. 22. so sem Giafara upprennande himneskrar Dyrdar, og uṁ hann seger Petur: Vier hofum eitt oflugt Spadooms Ord, og þier gisred vel ad hafa Gaat þar a, so sem Liooss er skijn i myrkum Stad, þar til Dagurenn byrter, og Morgun-Stiarnan upprennur i yd-rum Hiortum, 2. Pet. 1. hvad ed skedur, þegar Madurenn endurfæddur wt af Guds Orde, upplysist af Liooss Heimsins, JESU Christo, sem i Hiartanu uppruñenn, burtdrijfur oll Synda-Myrkur, og Verk Myrkranna, eins gefur Manne Krapta og Nad, til ad

gaanga

ganga i Liosinu, so honum uñ sijder hlotneſt ad skijna sem Sool i Rijke hanns Fodurs, Matth. 13. Hvor maa veglegre Gama veitast syndugum Monnum? Og hvor skylde ei haua gyrnast?

Hvor Eyru hefur, sá heyre hvad Andeñ seger Samkundunum. I þessu Sende-Brefe synest mier sem tale Styrkleiksens Ande JEsu Christi, sem er Ande Huggunarennar. Fioorda Astgiof H. Anda, er Styrkleikenn, hvorn JEsus gefur sijnum trwudum Bornum, til þess, þau Oskelsd þore hanns Nafn, Trw og Dyrdkun ad vidurkenna, hvorsu hordu sem þeim verdur þar fyrer hootad af Heimsens Bornum, og hvorsu stoorar og marghattadar Kvaler og Plægur sem þau mega þar fyrer af þeim þola, ad þau samt saae i hanns Jaatningu stodug staded, og elske ecke sitt Lijf so sem hann, allt til Daudanns, Luc. 14. Apoc. 12. og ad þau ecke heldur megle moote nockrum Krosse, sem hann vill aa þau leggia, hvornig sem hann adkemur, heldur take honum med Glede; Þesse Styrkleike finnst ecke i Kroptum mannlegrar Natturu, helldur giefst hann yfirnatturlega fyrer Krapt Huggaranns H. Anda, hvorn Guds Sonur lofade ad senda sijnum Læresveinum, ad hañ skyllde vera hiaa þeim eilijslega, Joh. 14. 16. sem hann einnig giorde, fyrer hvorn þeir glader geingu wt fraa Radenu,

enu, nær þeir voru hvdstrijkter, ad þeir voru verduger fundner ad lijda fyrer hanns Nafns Saker, Act. 5. og fyrer þann sama og hañs Styrk og Huggun, hefur margur H. Mañ gladur til Pijnu og Dauda genged, og i øllum Hormungum, bæde andlegum og lijkamlegum, Huggun fenged, sa same Ande huggar mieg nækvæmlega i þessu Brefe Christi strijdande Kyrkiu, sem ei gietur hinne, villtu Kyrkiu fulla Mootstodu veitt, ad hun ei þar fyrer ørvijngleſt, med sijnum miwku Rædum og goodu Fyrerheitum, og syner ad JEsus vilie sialfur fyrer hana og med henne strijda og sigra.

O HErra JEsu Christe! Gef þinn Máttar-Ande styrke oss, til ad sá bareſt gódre Barattu, og Trúnne halbed og gódre Samvitsku, ad þú sialfur fyrer Trúna, siert vor eilif Eign, og vier sieum þin fyrer Kiærleikann, A M E N.

V.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

Í

SARDIS.

Apoc. Cap. III. v. 1 - 6.

Og þeim Engle Samkundunnar í Sardis skrifa þu: Þetta segir sá sem hefur sio Anda Guds og Stiornurnar sio. Eg veit þín Verk, þviad þu hefur það Nafn, ad þu lifir, og ert daudur.

ur. Vert vakande, og styrk hidañ-
ad hvad deya vill, því þín Verk he-
fi eg ei fullkomleg fundid fyrir Gude.
Því legg eg í Minne, hvørnig þu
hefur medteked og heyrt, og vard-
veit þad, og gior Ydran; Því ef þu
ei vaker, þá mun eg yfir þig koma
sem Þiófur, og eige muntu vita at
hverre Stundu eg mun koma yfir
þig. Þu hefur og so fáein Nøfn í
Sardis, er ei hafa saurgad sín Klæ-
de, og þeir munu med mier gánga í
hvítum Klædum, þviad þeir eru þess
verduger. Hvor yfirvíñur, sá skal
med hvítum Klædum klæddur ver-
da, og eige mun eg hañs Nafn út-
slietta af Lífs-Bokenne, og eg mun
játa hanns Nafn fyrer mínum Fod-
ur, og fyrer hañs Englum. Hvor
Eyru hefur, sá heyre, hvad Andenn
seger Samkundunum.

Ut-

Utskijringen.

Og þeim Engle Samkundunnar i *Sardis* skrifa þu. Sardis var Hofudborg i Landenu Lydia i hinne minne Asia, og þess Lands Konga Setur. Nafn þessarar Borgar, er af nockrum wtlagt, Glede-Hofdinge, edur Glede-Saungur, hvar med ei skilst nockur andleg, helldur veralldleg Narra Glede; Af odrum er þad wtlagt epter Syrlendsku Maale, Litunar-Kietell; Hvorrveggia þetta maa koma samann vid hina fiñtu Tijd Christnennar, er fylgt hefur epter þa fioordu, ad hvorre flester þeir Christner kolludust, leitudu sinnar Glede i veralldlegum Rijkdoome, Metordum, Yferdrottnan og Sællijfe, til hvors ad komast, þeir epter kieptust med þvi ad uppfiña ymesslega Hættu til Guds Dyrdkunar, af hvorium marger ei voru añad, eñ disfullegt Narra-Spil, so sem, ad fa fyrer þad Fie, giæte þeir synt einhvoriar Helgra Daudra Manna Leyfar, sem þeir opt sogdu þad vera, þo ei satt være, kennande, ad fyrer þeirra Skodan og Nærveru feingest Nad og Syndanna Fyrergefning. Eñ ad medann maattu sannrar Guds Dyrdkunar Jaatendur, verda litader med sijnu eigenn wthelltu Bloode, og til Dauda ad Bæle steikter og brender, so þad sannadest, ad þeir maattu sijta og græta, hvar yfer Heimurenn fagnade; Þvilijkum Sofnude og Sælum er þetta Sende-

Bref tilskrifad, so sem framar maa i þvi siaa, hvørs vegna, hvor sem þad les og yfervegar skyldi þess giæta, ad hann fære sier i Nyt hvad sem honum kann i þvi þiena til andlegrar Heilsubootar.

Þetta segir sá sem hefur sio Anda Guds, og Stiornurnar sio. Fyrer þessa sio Anda Guds, sem hanns Sonur segest hafa i sijnu Vallde, kunna aungvaunvegen ad skiliast Englar Safnadanna edur Lærefedurner, þvi hvorge kallast þeir Andar, og þar ad auk Oskar Johannes Sofnudunum Nadar og Fridar, af þessum sio Ondum, sem eru framme fyrer Christi Stoole, Apoc. 1. hvad ei kann umm hina sagt verda, enn fyrer þaa mega helldur skiliast sio Astgiafer H. Anda, þeim JEsus meddeiler sijnum Trwudum, af hvors Fyllingu vier hofum aller medteked, Joh. 1. enn honum er H. Ande gefenn, ecke ad Skamte, Joh. 3. sem odrum, helldur an Mælingar, med þvi þær adveita er i hanns Vallde, sem adur er sagt, og þvi maa umm þær segia, ad þær sieu framme fyrer hanns Stoole, þvi skiliast ei helldur eigennlega fyrer þaa þeir himneska Guds Englar, sem nockrer hafa meint, þo umm þaa sie þetta sagt, so sem Engellenn Gabriel sagde umm sialfann sig, Luc. 1. og Raphael, ad hann være einn af soddann sio Englum, Job. 12. og þeir nefneft sio, er lijka merker Fullkomnunar Tal,

þvi

þvi vidkomande, og fyrer þa skiliast aller H. Guds Englar, sem standa framme fyrer Christo, reidubwner til ad wtretta hanns Skipaner, og mega hann tilbidia, Ebr. 1. sem yfer þa er settur, og yfer allann Herradoom, so Throonarner, Hofdingia Doomarner, Valldstiettarnar, og Magtarvolldenn eru honum undergefen, Col. 1. Eph. 1. þvi ei kann segiast af þessum veitest Nad og Fridur, þo JEsus wtsende þa ollum sijnum Sofnudum til Forsvars og Verndunar, og ollum til Þioonustu sem Saluhialpena erfa skulu, Ebr. 1. og þo þeir kunne, hvor fyrer sig til vissra Safnada ad sendast, med þvi þeir wtrietta ei annad, enn þad þeim er boded; Hvad fyrer Stiornurnar i Christi Hende skilest, er sagt i þvi fyrsta Sende-Brefe, sem eru aller Christnennar Lærefedur, þvi hann sialfur hefur sett þa suma til Postula, suma til Spamanna, suma til Gudspiallara, suma til Hyrdara og Lærefedra, Eph. 4. þar medi mega einnig skiliast oll Guds Born, 1. Cor. 15. Enn þad um þær er i þessu Sende-Brefe aptur uppteked, er an Esa ecke forgefens giort, helldur lijtur þad til þess, ad Guds Sonur vilie til Huggunar med þvi syna þessum Sofnude, og asamt þeirrar Tijdar Christne, sem miked a vante, vid þann fyrsta Sofnud, og þa sem voru a hennar fyrstu Tijd, ad hann hafe þo ecke yfergefed hana, helldur framhall-

de henne ad stioorna, og hana ad vardveita, so hun skule ei aldeiles i Grunn nidurfalla. So wtmaalast þar i þessu Sende-Brefe, baadar Christi Nærtúrur, og hanns Upphafningar Stand, asamt Manndoomenum meddeildum Guddoomlegum Egennlegleikum, so sem Almættenu, og allra Hluta Yfirdrottnan, þar med wtmaalast hañ af Stioornan sijns Magtar og Naadar Rijkes, hvar til hanns Dyrdar Rijkes Stioornan er sijdar logd i þessa Brefs Nidurlæge. Fyrst so stoor HErra hefur þetta Bref skrifa lætet, hvor vill þar ecke hrædast þess Myndugleika, og med Gaumgiæfne yfervega hvad sem honum i þvi til gudrækelegrar Uppbyggingar sagt verdur?

Eg veit þijn Verk, þviad þu hefur þad Nafn, ad þu lifer, og ert daudur. Hvorke þesse nie nockur epterfylgiande Ord, eru þessum heila Sofnude til skrifud, enn þo flestum i honum, sem siest af þvi er epterfylger, i hvorium JEsus syner þeim hann vite og þecke þeirra Eymdar Astand, ad þeir hafe Nafn af þvi, ad þeir life, enn sieu þo dauder; Þeir life ad sonnu nætturlegu Lijfe, meine sig einnig ad lifa þvi andlega, og sieu þar fyrer hanns Safnadar Limer, af þvi þeir syna honum nockra Þioonkan, sem þo sie Onyt, þvi þeir life ecke þvi Lijfe sem af Gude er, helldur sieu frra þvi annarleger, fyrer þar Fawitsku

sem

sem i þeim er, fyrer Forherding þeirra Hiarta, Eph. 4. þeir segest þeckia Gud, enn med Verkunum afneite þeir þvi, og sieu til allra goodra Verka Ohentuger, Tit. 1. þeir naalægest hann med sijnum Munne, og heidre hann med sijnum Vorum, enn þeirra Hiarta sie laangt fraa sier, og þeir þioone sier til Onytes, Matth. 15. Es. 29. þeir sieu lijker forsægudum Leidum daudra Manna, sem utann sieu fogur, enn innann full af daudra Manna Beinum, og allre Oþeckt, Matth. 23. og Fijkiutrienu sem Laufen hafde, enn einga Averte bar, hvorju hann bolvade, Matth. 21. Þeir sieu andlega dauder, dauder i Syndunum, Eph. 2. eins og Faderhinns fortapada Sonar sagde uñ hann, vid hañs Broodur: Hañ hefde vered daudur, Luc. 15. þo hann lifde, og sem Paulus seger uñ þaa Eckiu, sem i Gyrndum lifer: ad hun sie lifande daud, 1. Tim. 5. So sem þvilijker Meñ kuña dauder ad vera þo þeir life, so kunna lijka þeir sem aa JEsum riettelega trwa lifande ad vera, þo þeir deye, Joh. 11. Ut af þessu ættum vier oss sialfer ad proofa og rannsaka, hvort vier sieum ei þannig dauder, og þess vegna þurfum epterfylgiande Aminningar vid, hvad marger munu, þvi midur finna, ætlum vier oss annars ad lifa þvi andlega Lijfe, og eignast þad eilijfa.

Vert vakande, og styrk hid añad hvad deya vill, þvi þijn Verk hef eg ei fullkomleg

funded fyrer Gude, þvi legg i Minne hvörnig þu hefur medteked og heyrt, og vardveit þad og giör Ydran. Hvorsu miwklega og nakvæmlega æminner vor Frelsare hina andlega Daudu, ad hann segest ei hafa funded þeirra Verk fullkomleg fyrer Gude, ad þeir þvi heldur lockest til Ydranar? Þvi eingra Manna Verk eru fyrer Gude fullkomen af sialfum sier til, aller eru þeir afvikner, og eingenn er sem Gott giore, og ecke einn, Ps. 53. Rom. 3. Enn hann talar ei uñ þau i þeirre Meiningu, heldur ad þegar þau goodu Verk eru giord i Trwnne æ hann, hreinsud med hanns Bloode, og fyrer hanns eiged Rettlæte lijka sem rettlætt, reiknar hann þau sem fullkomen, þvi hann sialfur er vor Fullkomnan, sem alla Hlute i ollum uppfyller, Eph. 1. Hann lijtur æsamt til Verka þeirra Mismunar sem hyrdulauslega giöraſt, og med hængande Hende, og þeirra sem giöraſt med brennande Vandlæte og Kappsmunum, og þannig eru Eliæ Spæmanns og Pauli Postula Verk fullkomlegre, enn margra hverra aña ara, sem þo kunna Guds Born ad kallaſt, so sem þad kemur opt fyrer i Ritningunne, ad sumra Hiarta var ecke allt med DRottne, 1. Reg. 11. Þar fyrer vill hann þaug Verk fullkomleg ælijta, sem einaſta giöraſt i Trwnne æ hann, æn allrar Hræsnes, af Hiartans Alvoru, Gude til Dyrdar, og Mannanna Sælum og Lijfe til Velferdar, so sem Paulus keñer: Jñehalld

halld Bodordsens er Kiærleikurenn af hreinu Hiarta, goodre Samvitsku og Omeingadre Trw, 1. Tim. 1. Þvi nærst kenner vor Frelsare þessum hinum Daudu, i þessare sinne Aminningu, hvoria Adferd, þeir kunne og eige ad brwka, i sijnu Ydrunar og Yferbootar Verke, ad þeir legge i Minne, og umþeinke sitt fyrra Hattalag, hvornig þeir hafe heyrt Guds Ord, hvort gaulauslega, edur gaumgiæfelega, og medteked þad hvort til Onytes edr œvaxtarsamlega, og þeir skule nu taka til ad vardveita þad sem þeir hafe œdr forsomad, og giora Ydran fyrer so skadlega Yfersioon, ad þeir take til ad styrkia þad sem deya vill af Hiordeñe, so sem goder Hyrdarar og andleger Kennemeñ, hvort þeir eru Keñemeñ setter i opeñberlegt Embætte, edur ei, giæta þess Vansæra, lækna þad Siwka, græda þad Sœra, leita ad þvi Glatada, og sækia þad Vegvillta, Ezech. 34. epter þad þeir eru af honum styrkter, so allre Christi Hiord, edur hanns Sofnude verde sem mogulegt er vidhiœlpad: Ad þeir sieu vakande, epter þad þeir eru fyrer Christi Ord og Krapt af þeim andlega Dauda uppvakter, so þeir giete þetta og þvilijkt giort, hvad ecke tekst sofande Monnum, sem er umtalad i andlegann, enn ecke lijkamlegann Mœta, so sem hann seger: Hvad eg sege ydur, þad sege eg ollum, vaked þier! Marc. 13. vaked og bidied, so þier falled ecke i Freistne, Matth. 26. vaked, þvi þier vited ei þœa Stund œa hvorre Manns

sens Sonur mune koma, Matth. 25. Og Guds Ande seger: Vered sparneytner og vaked, 1. Pet, 5. Sæll er sa sem ¡vaker og ‘vardveiter sijn Klæde, so hann gaange ei nakeñ, ad ei siaest hanns Blygdan, Ap. 16. I þvi er þesse andlega Vaka innefalen, ad Menn take bæde sier og odrum sterkann Vara fyrer ollum Syndum og Hneixlunum, heimuglegum og openberlegum, hid innra og ytra, og fyrer allra goodra Athafna Forsoomun, og bidie Gud alla Tijma uñ sijna Naad til ad fa þad giort. Laat þier, syndugur Madur, þessa Aminning tilheyra, nema þu siert i þeirra Tolu, er ei hafa saurgad sijn Klæde, þvi Heilbrygder hafa ei Læknaranns Þorf, Matth. 9. so þu, ad giordre Yfirboot komest hia epterfylgiande Hootan, enn eianest þeirra Fyrerheit, sem fyrer Lambsins Blood yfirvinna.

Þvi ef þú ei vaker, þá mun eg yfer þig koma sem Þiófur, og eige muntu vita, á hvórre Stund, eg mun koma yfir þig. Aminningunne fylger Hootan Christi, þeim sem ei giora Ydran og andlega vaka, ad hann mune yfir þa koma sem Þioofur, so þeir vite ei nær þad skedur, lijka sem Þioofurenn kemur til ad stela fra Monnum þegar þa sijst varer, og er sw Hootan hord, þvi hanns Tilkoma þesse verdur soleides, hvort sem hun skedur fyrer Daudann edur Doomenn, og so yfirfellur hann þa, ad

hann

hann svipter þar ollu því þeir hafa, og lætur kasta þeim i ytstu Myrkur, þar sem vera mun Op og Tannagnijstran, lijka sem sagt er um þann illa og lata Þion, er groof sitt Pund i Jordu, Matth. 25. Heyrum þar fyrer það Paulus segir til trwadra Manna: 1. Thess. 5. Þier vited vissulega það Dagur DRottenns mun koma sem Þiofur um Nott; Enn þier, kiærer Brædur, erud ecke iMyrkrenu, so ad sa Dagur grijpe ydur sem Þiofur, þier erud allersamann Liossens og Dagsins Born; Vier erum ei af Nottenne nie Myrkrunnu, fyrer því leatum oss ei sofa sem hina adra, heldur vokum og verum sparlijsir, því ad þeir sem sofa, þeir sofa a Nottunne, og þeir sem eru druckner, þeir eru druckner a Nottenne, enn vier sem erum Dagsins, skulum sparlijsir vera, Iklædder Bryniu Trwarennar og Kiærleikanns, og med Hialme Vonarennar til Hialprædes, því Gud hefur ei sett oss til Reide, heldur ad vier skylldum Hialpræded odlast, fyrer vorn DRottenn JEsum Christum, sa fyrer oss hefur dæed, so hvort vier vokum eda sofum, skulum til samans med honum lifa; Og bidium jafnframt hann uppvecke oss sialfur af Syndanna Svefne, og sijdann frea honum vardveite, því ef hann vardveiter ei Borgena, þa vaker Voku-Madurenn forgefins, Psalm. 127.

Þu hefur og so fáein Nøfn i Sardis, er ei hafa saurgad sín Klæde, og þeir munu med mier gánga i hvítum Klædum, þviad þeir eru þess verduger. Á medal Safnadarenns i Sardis, þecker JEsus og finnur nockra, hvorium hann miog hrooſar, ad þeir ei skule lœta sier hugfallast, vid þau Áminning og Hvatan, sem þeim ei tilheyrer, heldur hinum odrum einasta, og ad þeir fœe ríkuglega Huggun i þeirra Hornungum, þau kallar hañ fœein Nofn, þad er, fœa Menn, hvorra Nofn hann vel þecker, sem kallar sijna Saude med Nafne, Joh. 10, Fœa seger hañ þau, sem optlega mœa siœa i Guds Orde, þvi þeir eru tijdum faaer i hvorium Safnude, og jafnvel i heille Christnenne, sem rata Vegenn til Lijfsens, Matth. 7. so sem var i Israel á Dogum Eliæ, ei fleire enn sio Þusunder, 2 Reg. 19. So sem á þeirre Tijd er Christnen sveimade i hinum þyckustu Villudoomsens Myrkrum, under Anta-christsens Herradœme, var fœa Samleikanns Jœtendur ad finna, utann þau Waldenses, Wicleifita og Hussita, hvorier miked mœttu lijda og þurftu stoorrar Huggunar vid, skylldu þeir ecke ormaguast, enn soddann Lioos upprann þeim midt i Myrkrenu, ad þeir vegna Trwarennar geingu viliuger i Daudann; Þesser og þvilijker, seger JEsus, ei hafi saurgad sijn Klæde, ei þad þeir væru án Syndar, heldur þad þeir sieu iklædder þvi hreina, rietta Brwdkaups Klæde, Matth. 22. Chri-

sto

sto sialfum og hañs Rettlæte, Rom. 13. hvors vegna þeir i Helgunenne i Sakleyse lifi. Þeir seger hañ mune gaanga med sier i hvijtum Klædum, vera med sier, og hafa Hlutdeilld med sier, Joh. 13. 14. i Hormungunne og Rijkenu, Apoc. 1. so sem hann sialfur var færdur i hvijtt Klæde til Hædungar, sem þo merkte hanns Sakleyse, Luc. 23. enn sie nu i sijnum dyrdlegu Sigurhrooss skijnande Klædum, sem þeir i Fyrndeñe hroosudu Sigre yfir sijnum Ovinum, voru hvijtum Klædum skrydder, so skule þesser i Sakleysesens Klædum fyrer sier finnast midt i Hormungunum, og i Klædum Sigurhroossens med sier forklæradar i Dyrdenne, þetta heita Klæde Hialprædesens, Es. 61. Uñ þvilijka seger Ande Guds: Þesser eru þeir sem komner eru wr miklum Harmkvælum, og sinn Skrwda þveaed hafa og hvijtfaagad i Bloode Lambsens, og þeir hafa yfirunned fyrer Lambsens Blood, og fyrer Orded þeirra Vitnesburdar, og þeir hafa ei elskad sitt Lijf allt til Daudanns, Apoc. 7. 12. Hversu stoora Æru og miked Hroos fai þesser hia Christo, þar hann kallar þa soddann Æru verduga, ecke fyrer þeirra eigen Forþenustu og Verdugleika, helldur fyrer hanns Forþenan og Nad, sem sialfur er sinna Trwadra Sakleyse og Heilagleike, þvi af honum eru þeir keyptir af Jordunne, til ad vera Ostraffannleger, Ap. 14. og þeir giora Rettvijsena, þvi þeir eru rettvijsir, 1 Joh. 3. O! hversu sæler eru aller þeir sem soddañ Æru og Hroos odlast. Hvor

Hvør yfervinnur, sá skal med hvítum Klædum klæddur verda, og eige mun eg hanns Nafn útslietta af Lífs-Bókenne, og eg mun játa hanns Nafn fyrer mínum Fød-ur, og fyrer hanns Englum. Pad yndes-lega og veglega Fyrerheit, þeim gefed, sem fyr-er Trwna, af brennande Kiærleika til Guds, allt vondt yfervinna, er þad, ad þeir skule med hvijtum Klædum klædder verda af Meyareñ-ar Syne, Klædum Hreinleikans og Riettlæte-sens, Sakleysesens og Sigurhroossens, Gledeñ-ar og Dyrdarennar, lijka sem Englar Guds hafa klædder sieſt, Matth. 28. Marc. 16. og ad hann mune ei wtslietta þeirra Nafn af Lijfs-Bookenne, hvad epter mannlegre Vijsu er sagt til þess mannlegur Skilningur fæe þad helldur griped, því so sem veralldleger Hofdingiar hafa skrifadar Bækur, i hvoriar þeir innskrifa sijnar Utriettingar, og sinna Vina Nofn, og draga þaug aptur wt, þa nockrer af þeim verda þeirra Ovinер, so er uñ Gud sagt, Apoc. 5. Ex. 32. Luc. 10. sem þo eingar þvilijkar Bæk-ur hefur, ei helldur þeirra vidþarf til Minnes sier, sem veikar Manneskiur, helldur skilst fyrer þær hanns Alvitsku Stioornan og Raadstofun, fyrer hvoria hann lætur sitt Raad Oraskannlegt standa, sem þad være a Bækur skrifad, því hiea honum er eingenn Uñbreyting, Jac. 1. Eiginnlega er sialfur JEsus sw rietta Lijfsens Book, Apoc. 20. 22. því i honum og fyrer

hanns

hanns Forpienan hafa aller Trwader eilijft Lijf, hanns Lijferne er þeirra Logbook, epter hvorre þeir lifa, i honum lifa þeir, þar fyrer gleymer hann þeim ecke, þvi hann hefur teiknad þa i sijnum Hondum, Es. 49. wr hvorium þeirra Nafn verda ecke afmæd, og eingenn fær þa wr þeim slited, sem i Trwnne a hann yferviña, og fa allt til Enda i henne steduger staded; Framar lofar hann ad jaata þeirra Nafn fyrer sijnum Fodur, og fyrer hanns Englum, þvi þeir hafa jaatad hanns Nafn fyrer Monnum, so sem hann hefur adur lofad, Matth. 10. þeir hafa medkeñt hanns Trw Oskielsder, þo þad hafe maatt þeirra Lijf gillda, hann vill aptur a moot hroosa þeim fyrer Himensens Innbyggiurum, fyrer þeirra Trw og Polenmæde, og vitna ad þeir sieu viettdæmder til ad vera Himensens Borgarar, og Helgra Engla Medborgarar. Med þessu þrefallda Fyrerheite afsyer oss vor Frelsare til ad beriast so vier fæum yferunnid, og ad vier iijtum a soddañ Laun; Þvilijk er Dyrd Heilagra, hvar af skiliast maa, og vier eigum til ad þeinkia, hvilijk þar a moote mune verda Smæan hinna Vantrwudu og Ydrunarlausu, sem upprijsa skulu a efsta Dege til eilijfrar Skañar og Smænar, Dan. 12. þad þeir munu verda iklædder svortum Klædum hinna eilijfu ytstu Myrkra, afmæder af Lijfsens Book Christo, hvors Lærdoom og Lifnad þeir forsmæddu, og af honum neitader, fyrer hanns

Fodur,

Fodur, ad hann þecke þau ecke fyrer sijna Vine; O ein Ognarleg Afdrif! Vakta oss frau þeim, O JEsu! Fyrer Styrk þijns H. Anda!

Hvør Eyru hefur sá heyre, hvad Andenn seger Sankundunum. J þessu Sende-Brefe skilst mier Þeckingarennar Ande JEsu Christi tale, sem er Ande Upplysingarennar. Fiúnta Astgiof H. Anda er Þeckingen, sem þeim verdur gefenn af Guds Orda Lioose, er lenge hafa ræfad i Myrkrum Villudoomsens, so þeir annadhvort ei hafa heyrt, edur fenged ad heyra Guds Ord, hvort alleina lyser a Vegeñ til Saluhiælparennar, edur þo þeir hafe heyrt þad, hefur samt so fyrer þeim vered formyrkvad, af Manna Setningum, raungum Utleggingum, nætturlegrar Skinsemdar Yfer-Raddum og ymsum Villum, ad þeir hafa ecke læted þad vera sijna einka Lærdooms og Lifnadar Reglu; Uñ þessa Giof Andans talar so Paulus, 2. Cor 3: DRottenn er Ande, eñ hvar Ande DRottenns er, þar er Frelse. Nu skodum vier aller Byrtu DRottenns, so sem i Speigle, med Ohulldre Asioonu, og verdum umbreytter til þeirrar somu Myndar fra eñre Byrtu til annarar, so sem af DRotteñs Anda, og hann bidur, Eph. 1. fyrer sijnum Tilheyrendum, ad Gud vors DRottenns JEsu Christi Dyrdarennar Fader, gefe þeim Vijsdoomsens og Uppbyrtingarennar Anda til hanns eig-

enn

enn Vidurkenningar, og upplyse Augu þeirra Skilnings, ad þeir mege vita hvilijk sie su Von, sem þeir eru til kallader, og hvor ad sie Rijkdoomur hanns dyrdarfullu Arfleyfdar til hanns Heilagra, og hver ad sie hin yfergnæfannlega Stærd hanns Kraptar vid þa, sem trwa, epter Verkan hanns volldugra Styrkleiks. Hvilijk Þecking er i þessu Brefe kend og synd, af Dæmum þeirra, sem i því er umtalad, er þeir hafa kunnad ei einasta lifande helldur einig skynande ad vera, medal hiña Daudu, hvar af audsied er hvad miked oss rijde a, ad bidia Gud ad hallda oss vid sitt H. Ord, og taka þad alldrei fra oss.

O HErra JEsu Christe, hialpa oss fyrer þin Þeckingar Anda, ad þeckia og rata Vegenn til Lifsins, so vier af þier hvitklædder fyrer þínum Fodur og hanns Englum, þíner i Eilifdenne medkennder verdum, A M E N.

VI.

VI.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

Í

PHILADELPHIA.

APOC. Cap. III. v. 7 - 13.

Og þeim Engle Samkunduñar i Philadelphia skrifa þu: Þetta segir hiñ Heilage og Sannarlege, sá sem hefur Lykelenn Davids, hvør ed upplætur, og eingenn apturlykur, hvør

ed

ed apturlykur, og eingeñ upplatur. Eg veit þín Verk, sía, eg liet fyrer þier opnar Dyr, og eingenn fær þær apturláted, þviad þu hefur einn lítenn Krapt, og hefur vardveitt mín Ord, og hefur ecke minu Nafne afneitad. Sía! Eg mun gefa út af Sathans Safnade, þá sem segia sig Gydinga vera, og eru þo ecke, heldur liúga; Sía, eg mun þeim giora, þad þeir skulu koma og tilbidia fyrer þínum Fótum, og vidurkeña, þad eg hefe þig elskad. Med þvi þu hefur vardveitt Ord minnar Polenmæde, mun eg einnig vardveita þig á Freistingar Timanum, sem koma mun yfir allt Jardríke, til ad freista þeirra sem á Jordu byggia. Sía! eg kem snarlega, haldt þad þu hefur, so þad eingeñ take þína Koronu. Hvor yfirvinnur, þañ mun eg giora

ad Stólpa i Mustere Guds míns, og hañ skal ei meir útgánga, og uppá hañ vil eg skrifa Nafn Guds míns, og Nafn hinniar nýu Jerusalem, sem er Borg míns Guds, sú af Himnum ofanníkemur frá mínum Gude, og mitt hid nýa Nafn. Hvor Eyru hefur, hann heyre, hvad Andenn seger Samkundunum.

Utskijringen.

Og þeim Engle Samkundunnar *i Philadelphia* skrifa þu. Philadelphia var Borg i Landenu Lydia i hinne minne Asia, utarlega vid Landamerken. Hennar Nafn merker broodurlegann Kiærleika, hvad tileignast kann hinne siottu Tijd i Christneñe sem kom epter þa fiñtu, soleides, ad þa hun took a ny ad vidrietta og aukast, so henne took Liooseed wr Myrkrunum ad skyna, sem lenge hafde fyrer henne huled vered, Menn tooku til ad rannsaka Ritningarnar, og finna i þeim, hvorsu þeir hefde vered af vega leidder, og hvorsu þeir kynne aptur ad komast a rietta Leid, ad Guds Ord alleina, enn ecke Mannanna Bod-

ord

ord ætte ad vera þeirra Trwar og Lifnadar-Regla, þá kunne þetta ecke i Verk ad komast, utann þeir sem upplyster urdu af þessu Lioose, hiellde samann i Eindrægne og broodurlegum Kiærleika, moote þeim stoora Hoop villtra og vantrwadra Manna, og ei einasta þad, helldur einnig ad þeir sem fyrer þeirra Kienningar urdu trwader, yrdu þeim til Forsvars i sama Kiærleika, hvad einnig skiede, hvar fyrer Guds Kyrkia vard hreinsud; Hanns Hws hartnær ad Falle komed, vidriett, og hanns Christne, so sem ad ny uppbyggd, sierdeiles, nælægt Jardarennar ytstu Ummerkium, hvar uppá Brædurner i Buheimalande, eru hid ægiætasta Dæme, sem framar má sia adhrært i þessu Brefe, hvort þvilikum Sofnude er tilskrifad, sem fyrer Guds Nad, hefur fyrer honum gott Allit feinged; Gott være nu á þessum Dogum, være marger til sem sier kynne þessa Safnadar Lofstyr ad tileigna, enn af því eg efast um þad, tel eg radlegt, sem flester athuge hvor hann er, og sæke epter honum ad nia, sier til andlegrar og eilijfrar Glede.

Þetta seger hinn Heilage og Sannarlege, sá sem hefur Lykelenn Davids, hvor ed upplætur, og eingenn apturlykur, hvor ed aptlykur, og eingenn upplætur. Heilagur er Guds Sonur JEsus Christus, sem þetta Bref hefur skrifa lated, hvad því til-leagur

ſtooraun Myndugleika, ſem fraa honum er komed, þeim Heilaga i Iſrael, ſem annad, er framar verdur uñ hann ſagt, ſo ei dyrfeſt Menn annad ad ſegia edur þeukia, eñ þad ſie epterteektaverdt; Heilagur er hann, þvi hann er ſaa allra heilagaſte, ſem ſmurdur var þaa hañ kom i Heimeñ, Dan. 9. Hañ er ſaa heilage, Ofleckade, ſaklauſe og Synduguum fraaſkilde, eilijfe Kennemadur, Hebr. 7. ſaa ſem ollum Trwudum er af Gude gisrdur til Helgunar, 1. Cor. 1. ſo þeir helgeſt fyrer hann, þvi hann var þad Heilaga ſem af Meyunne Maria fæddeſt, Luc. 1. og vill ad vier epter honum ſieum heilager i ollu voru Dagfare, 1. Pet. 1. Levit. 11. Sannarlegur er hann, ſem alls Sannleika Hofundur er, ecke ſeger annad enn Sannleikann, og er ſiaalfur Sannleikureñ, Joh. 8. 14. Hann hefur Lykelenn Davids, hvar af ſiaa maa, hanns Fyrermyndan hefur vered Hofmeiſtare og Rentumeiſtare Ezechiæ Juda Kongs, Eliakim Son Hilkia; ſem af Gude var ſettur i Embætte hinns affetta Sebna, Eſ. 22. uñ hvorn Gud ſo ſeger: Eg vil leggia Lykelenn Hwſſens Davids uppaa hanns Herdar, ſo hann liwke upp og eingenn apturlæſe, þad hann apturlæſe og eingenn uppliwke; Eliakim þyder, Guds Uppreiſning, hvad rettelega ſamannber vid Chriſti Verk, er þeſs vegna kom i Heimeñ ad hann være til Upprifu margra i Israel, Luc. 2. Lykeleñ Davids hefur hañ, og fullt Vallð til ad biooda og baña,

til

til ad epterlæta og hindra sem David fordum i sijnu Rijke, i þvi andlega Israels Rijke, sinne Christne, þvi hañ hefur fenged Stool sijns Fodurs Davids, og rijker yfir Hwsi Jacobs ad eilijfu, Luc. 1. Stoort er hanns Lyklavalld, þvi hann hefur Lykla Helvijtes og Daudanns, Ap. 1. so hann deyde og lijfge, fordæme og frelse þa hann vill, hvorin hanns Vallde eingeñ fær mootstaded nie þad hindrad; Hann upplætur Ritningarnar og opnar þær og þeirra Skilning, fyrer ollum sem i hanns Kyrkiu komast, medal hvorra Davids Psalma-Book hefur ei minnst inne ad hallda af Skilninge Saluhiælpareñar, ad hvorre hann Lykelenn hefur, Luc. 24. Hann upplykur Sauda-Hwsi sijnu fyrer Dyravordeñ H. Anda, Joh. 10. so eingenn fær þvi apturlokad, og þañig fann Postuleñ Petur sig ei Mañ til ad mootstanda Gude, i Kollun Heidingianna til Guds Rijkes, Act. 11. Hann apturlykur þvi sama, vegna Mañana Vantrwar og Drambsemdar, og þa fær þad eingenn upplaated, so sem hann seger: Joh. 9. Til Dooms kem eg i Heimenn, ad þeir sem ecke sia, skylldu verda siaande, og ad þeir verde blinder sem sia. Hañ lykur upp Himnarijke fyrer sijnum Bornum sem uppa klappa, Luc. 11. so þvi fær eingenn fyrer þeim lokad, enn læsir þvi fyrer þeim Oforsiallu Meyum og þeirra Lijkum, Matth. 25. so þvi fær eingenn fyrer þeim upploked. Hann opnar Helvijte fyrer sijnum og sijns Samnleika, og siñar

Kyrkiu Ovinum, er hañ þaangad ſkipar, Matth. 25. og læſer þvi, ſo þeir komeſt ei þadann aptur, Luc. 16. og þvilijkt Lyklavalld hefur hann i Hendur fenged ſijnum Poſtulum og Þioonum, ad þeir brwke þad ſem Þenarar, eige af þeirra, heldur hanns Myndugleika, Matth. 16. 18. Med Lytle Daudanns opnar hann allra hinna framlidnu Grafir, og lætur þa lifande framkoma til Doomſins, Dan. 12. Joh. 5. Hann opnar lijka Veg fyrer Ogudlega Chriſtnennar Oſſookn ara, ad þeir fae hanns Born fært i margar Hormwngar, enn læſir honum þo ſo þeir fae þau ei villt edur hrædt fra hañs Vege og Rijke, helldur ſtyrker hann þau, ſo þad ſkule verda þeim fyrer berſtu, ad þau reynd fyrer margar Hormwngar inngange i Guds Rijke, Act. 14. med þvi oll þeirra Hofud-Haar eru talen, og eckert þeirra fellur a Jord an hañs Vilia, Matth. 10. Þannig wtmaalaſt Guds Sonur af hañs guddoomlegu Eigennlegleikum, ſem hañs Mañdoome eru tillagder, af hañs ſtoora Medalgaungu Embætte millum Guds og Manna, og af hanns Upphafningar-Stands Valde til Huggunar og Trwarſtyrkingar ollum veiktrwudum og maattlitum Saalum.

Eg veit þin Verk, ſia eg liet fyrer þier opnar Dyr, og eingenn fær þær apturlated, þvi ad þu hefur einn litenn Krapt, og hefur vardveitt min Ord, og hefur ecke minu

Nafne

Nafne afneitad. Fiorum Sinnum i Sende-Brefenu til þessa Safnadar, segir JEsus: Sia! Ad Menn vite og þecke þad ad grandvarlega ad ihugast; Hann segest fyrer þeim hafa latted opnar Dyr, sem i honum eru, þvi eingenn utann hann, hefur Lykelenn til ad uppliwka Dyrum Trwarennar fyrer þeim, ecke eru adur inn-konner i hanns Kyrkiu. Ecke gat sa H. Postule Paulus, þeim sialfur upploked, þo hann finde þær fyrer sier upplöknar i Troada, helldur var þad i DRottne, 2. Cor. 2. so var þad lijka i Epheso, þar hann sagde: Miklar og kroptugar Dyr, være sier upplaatnar, 1. Cor. 16., þvi þad er Guds Verk alleina, ad gefa Monnum goodann Vilia, til ad medtaka Guds Orda Samuleika, og fyrer hann upplystum Guds Born ad giöraſt, sem i hanns Hws inngeingenn, giefa sig i hanns Þioonustu; Þegar JEsus hefur þessum Dyrum fyrer einhvorium upploked, fær þær eingenn aptur latted, þo þad vidbere, Heidingiar, Gydingar, Tyrkiar, Tyraunar, Villu-Menn, Fals-Christner, og aller Christnennar Oviner, hvoriu Nafne sem þeir kallaſt, og lijka Diofulleun sialfur, fa þeir eingu morkad, og med eingu Moote latted Guds Christne til Grunna gaanga, helldur eykſt hun og bloomgaſt, þvert a moote allra þeirra Vilia og Valde, þvi sa er maatt-stoor, sem hana forsvarar. Þvilijkum Dyrum, er fyrer þeim Sofnude upploked, sem midt a mille sina Moot-

standara, kann ad fa Jnngaang til annara Safnada, sem Vantrwader eru, og leidt þa til JEsu Christi Trwar, og Guds Rijkes. Hinum lofsverdasta Syne Guds, er þad til stærsta Lofs og Dyrdar, ad hann upplauk Dyrum þessum, fyrer þeim, sem hafde lijten Krapt, veika Trw og veikann Maatt, til ad mootstanda Ovinanna Fiollda, og hanns Anda Gaafur, epter hanns Mælingu, i minna Lage, og þad sialfur fann, so hann ecke upphefde sig, hvar fyrer JEsus villde syna, hvad hann villde og kynne fyrer þann sama ad Verka. Miklu framar, enn fyrer þa sem meina sig hafa til þvilijkra Hluta, Vallded i Hondum; Soddann Sofnude og Foolke hroosar JEsus, hvad lijka er honum til Lofs, sem gaf þeim Kraptalitlu sialfur mikenn Krapt, fyrer þad þeir hafe vardveitt hanns, enn ecke hanns Ovina Ord, i þvi ad trwa Evangelio, medkienna þad Ohrædder, og lifa epter þvi, og þad þeir hafe ecke afneitad hanns Nafne, hvorke med Ordum nie Verkum. Heyr þu Brwduren Christi, hañs Kyrkia og hanns elskulega Saal, þessa hins dyrasta Brwdguma yndeslega Nædu, sia, hvorsu kiærlega talar hann til þijn, hvorsu miog virder hañ þig Overdugann, veistu ecke ad þetta eru Ord hanns Naalægdar hia þier, og þinnar Naalægdar hia honum, lat þinn Panka vera þann sterkastann, þig vid þaug somu ad hallda og hugga, og þeink jafnframt þessu, hann vite eñ

nu

nu i Dag þijn Verk, og kunne þier Oſætare Ordum ad ſvara, ef þu gleymer ad nyta þier þetta hanns Blijdlynde.

Siá, eg mun gefa út af Sathans Sófnude, þá ſem ſegia ſig Gydinga vera, og eru ecke, helldur liúga. Siá, eg mun þeim giora þad, þeir ſkulu koma og tilbidia fyrer þínum Fótum, og vidurkienna þad, eg hefe þig elſkad. Fyrer þeſſa ſem JEſus ſegeſt mune gefa wt af Sathans Sofnude, er ſegia ſig Gydinga vera, og eru ecke, helldur liwga, ſkiliaſt Villu-Menn, og Raangtrwader, er ſig Chriſtna kalla, og þykiaſt þad vera, ſo ſem i hinu odru Sende-Brefenu er uñtalad, hvoria hann vill lœta til verda ad freiſta ſinna Barna, uppa þad þeirra Trw, verde fyrer odrum œ-litlegre fundenn, rietteleg, og miklu dyrmætare, enn þad forgengelega Gull, ſem i Ellde er reynt, til Lofs, Dyrdar og Heidurs, nær ed JEſus mun openberaſt, 1. Pet. 1. þeſſer ſeger hann liwge, þvi þeir giora eckert annad, enn ſvikia bæde ſig og adra, med ſijnum Kienningum og Lifnadar Hœttum, þeim ſegeſt hann mune þad giora, ad þeir ſkule koma og tilbidia fyrer hañs riettrwadra Footum, hvar uñ ſo er ſagt, Eſ. 60: Þeir ſkulu bliwger til þijn koma, ſem þig hafa underþryckt, og þeir ſem þig hafa laſtad, munu nidurfalla til þinna Foota, og munu kalla þig Borg DRottenns, Zion hins Heilaga i

Jsrael, þvi þeir munu vidurkienna, ad Brwdurenn Konwngsens Dotter, su sanna christelega Kyrkia er Drottningen sem stiooma skal; Ps. 45. Þañig fiell Fængelses Vaktarenn, Paulo og Sila til Foota, og sagde: Herrar minner! Hvad byriar mier ad giora so eg verde sanluhoolpenn? Act. 16. So er þa fyrersagt, ad þesser Fals-Christnu munu aa sinne Tijd uñ sijder hlioota, ad vidurkenna Sannleikann, er sa riette Guds Sofnudur framhelldur, og marger af þeim munu honum Awm gefa, og til sannrar Guds Dyrdkunar, og riettrar Trwar snwast, so sem skiede aa Lutheri Dogum, og þar epter, þa fyrer hanns Kienning og hanns Med-Brædra i Trwnne, marger af þeim sem lifdu i Anta-Christsens Villu-Myrkrum, snerust til hins sanna Saluhialpar Vegar, fyrer hvors Anta-Christs Rijke, sem opt er nefnt i Utskijringu þessara Brefa, eg meina Pafa-Dæmen, lijka sem aller Trwar-Jatendur og Lære-Fedur uñ taungar Tijder þad meint hafa; Þesser hafa hloted ad medkienna, þad JEsus hafe þvilijkann Sofnud elskad, þar sem þeir fengu hanns Bloomgan og Vidgaange, hvorke med Vielum nie Ofrijke moote staded, og ad sia hanns Vextur og Vardveiting, hefur vered Guds Elsku Verk, og þar fyrer matt gefa Gude Dyrdena, og peckia lijka hanns Elsku vid sig, i þvi ad beygia þar med þeirra Hiortu til hanns Undergiefne og Trwarennar Hlydnes,

þeim

þeim til Sæluhiælpar, so sem Sofnudur þesse siælfur hefur mætt hanns Elsku i því þeckia, sier til Æru og Huggunar, til þess eingen eignade sier siælfum soddann Verk, helldur aller giæfi Gude Dyrdena, og prijsudu hanns Oforþenta Kiærleika, er af eintoomes Naad fyrer sin Krapt, giæfi sinne Christne soddann Sigur yfir hennar Ovinum og Moorstondurum, hvorium eingen Sigur er ægiætare, þegar Guds Oviner verda hanns Viner, og fæ hanns Naad odlast.

Med því þu hefur vardveitt Ord minnar Þolenmæde, mun eg einnig vardveita þig á Freistingar-Timanum, sem koma mun yfer allt Jardrike, til ad freista þeirra sem á Jordu byggia. Sitt Ord sem JEsus seger Sofnudurenn hafi vardveitt, hvar fyrer hann hroosar honum, kallar hann Ord sinnar Þolenmæde, því hann hefur vered hinn allra þolenmoodaste, þad þolenmooda Guds Lamb, hvar fyrer hann einnig Guds Lamb kallast, og hefur oss ei einasta til Epterdæmes gefid, sijnum Footsporum i því ad fylgia, 1 Pet. 2. heldur einnig kennt oss þad med sijnum Ordum og Skipunum, so sem hann seger: Eigneſt med Þolenmæde Sæler ydar, Luc. 21. Hanns Ord verkar Þolenmædena i hanns Barna Hiortum, og enn Þolenmædennar verdur þad ecke vardveitt, en Krossens, Freistinganna, Ofsooknanna og Hormunganna Tijd, hvorre Christnen mæa all-

alltijd vid bwast, þvi er oss Polennmæden jafnann i frekasta Mæta naudsynleg, Ebr. 10. og hun blijfur stadfest allt til Enda, Jac. 1. Þetta Ord hanns Polennmæde er ecke til forgefens ad vardveita, þvi þa þad giora lofar hann sialfur ad vardveita, so þeir ecke fra hanns Nad og Trw falle, heldur til eilijfs Lijfs vardveitter verde, a Freistingar-Tijmanum, sem koma mun yfer allt Jardrijke, til ad freista þeirra sem a Jordu byggia, a hverium hætt er vid ad marger falle fra Trwinne, uñ hvorn hann sialfur hefur fyrersagt, Matth. 24. Marc. 13. Luc. 21. Hvad stoor Huggun er og Trwarstyrking, fyrer hanns Heilaga, sem ann hennar kynnu ad veikiast, og uppgiefast i hanns rietta Þioonustu Framűhallde.

Sia! Eg kem snarlega, halldt þad þu hefur, so þad eingenn take þina Koronu. Snarlega kemur vor DRottenn JEsus, christnar Saler, þegar oss minnst varer, og epter þvi er ecke langt ad bijda, þo hanns Bornum langt finnest, og seinkar ei sijnu Fyrerheite, sem Heimsens Born meina, 2 Pet. 3. til ad færa þaug fra Hraknings-Reisu Utlegdarennar i Fodurlanded, fra Hormungenne i Dyrdena, og taka þaug, fyrer Daudann, fra yfirhangande Ogiæfu, þar fyrer tilreidum oss, hañs Tilkomu ad giegna, verum vakande, og kappkostum ad halda þvi sem vier hofum, og hañs Born

halda

halda, hañs Ord ad vardveita, og þvi ad trwa, hanns Nafn ad vidurkenna, hanns Þolennmæde ad geyma, gott ad giora, og kappsamlega vid vora Sœlar Ovine ad beriast, so vier ei, forum œ mis vid, af honum, oss fyrerheitna og œtlada Fegurdarennar og Dyrdarennar Koronu, enn adrer eigneſt hana i vorn Stad, sem Saul Kong og Judas Postula hendte, hvorra Rijke og Biskups-Doom adrer medtooku, enn þeir missa mœttu, 1 Sam. 15. Act. 1. og giœtum þess, ad ordugt er œ Freistingar-Tijmanum stodugt ad standa, hvar fyrer soddann Aminning er ollum, alla Tijma, hin naudsynlegasta, þvi þau eru heldst ofmorg Dœme ad finna, hvad hormulegt er, ei sijdst œ þessum Tijdum, ad morgum fer hnignande i sinnar Gudrœknes Alvorugefne, sumer falla frœ Vidurkenningu hinnar Evangeliſku Trwar, og adrer sem hana adur jœtudu, taka til, hana og hennar Jœtendur, af ollu Megne ad offœkia; Enn þad er Guds nœdarfull Fyrersioon, ad hanns Orde, sem sumer forsmœa, og so sem Footum troda, sier til stœrsta Skada, taka adrer feigennsamlega og gudrœkelega œ moote, so sem med bœdum Hendum sier til Sœluhiœlpar, og þannig verdur Guds Rijke frœ odrum teked, og odrum aptur gefed, sem af hanns Orde Avext fœra, Matth. 21, 22, Act. 13. Rom. 11. hvar af vier siœum hvorsu miog oss œrijde, ad fœ stoduger staded i Trwñe, og Sannleikans Vidurkienningu, allt til Enda.

Hvor

Hvør yfervinnur, þann mun eg giøra ad Stólpa i Mustere Guds míns, og hann skal ei meir útgánga, og uppá hann vil eg skrifa Nafn Guds míns, og Nafn hinnar nyu Jerusalem, sem er Borg míns Guds, sú af Himnum ofann kemur, frá mínum Gude, og mitt hid nya Nafn. Mikellrar Yfirvegunar verd eru þau stooru fyrerheitnu Laun, þeim sem yfirvinna allt hid vonda, er Menn kann hvikula giøra i Guds Þioonustu, því JEsus lofar ad giøra þa ad Stoolpum i Guds Mustere, það er, i hanns christelegre Kyrkiu, sem ad sonnu sialf kallast Stoolpe Sannleiksins, 1. Tim. 3. vegna þess hann er i henne ad finna, enn ei annarstadar Draskannlegann, enn þeir hann kenna og geyma, kallast einnig Stoolpar Landsins, Ps. 75. so sem Christi Postular, er fyrer Stoolpana voru allmer, Gal: 2. þeim lofar Guds Sonur hans Trwader skule lijker metast, og lijka sem þeir fa stoduger staded, prijdast med stooru Alite, Heidre og Dyrd, so sem Stoolparner framar enn adrer Steinar i Hwssens Byggingu, og ecke einasta stoduger og Obifannleger standa, heldur einnig Sannleikans Byging stydia, og heile uppehallda so hun ei falle, og asamt þar veiktrwudu, sem annars er vid Falle hætt, styrkia og vidretta, og soleides sialfir vera styrker og lifande Limer Christi Lijkama, sem er hanns Christne, Col. 1. ad þeir ei fellder verde,

verde, og þeir skule ei meir wtgaanga wr hañs Hwsi, til ad gyrnast nockud þad Heimsins er, edur sig i þvi gledia, helldur jafnann i Sameiningu blijfa vid Gud þann hærsta Gooda, bæde hier i Heime og annars Heims i Mustere hanns Dyrdar aa Himnum. Þrennslags Nofn lofar JEsus framar ad skrifa uppaa þaa, sem fyrer hanns Naad faa Sigre hroosad, þad er gefa þeim, so þad verde ei afmaad nie af þeim apturteked, sem eru, Nafn Guds, ad þeir skule heita Guds Born, Syner og Dætur, Nafn hinnar nyu Jerusalem, sem er Guds-Sigre hroosande Christne aa Himnum, ad þeir skule heita hennar Liner og Heilagra Med-Borgarar, og sitt hid nya Nafn, ad þeir skule heita hanns sialfs Brædur og Systur; Þad sagt er þesse Guds Borg kome ofann af Himne fraa Gude, hvar umm med morgum fogrum Ordum er talad, þar hun er miog prijdelega wtmaalud, Apoc. 21. maa ad sonnu skiliast þar fyrer sagt sie, ad hun aa sijna Ætt til Guds ad rekia, epter Skopunarennar, Endurlausnarennar, Helgunarennar og Vardveitslunnar Rette, og honum allann sinn Krapt ad þacka, enn þo er einkannlega i þvilijkre Kenningu til þess lited ad hun, epter Doomenn, sem i Loptenu verdur halldenn, kome til ad bwa aa þeim nya Himne, og þeirre nyu Jordu, epter hvorium vier vænta eigum, i hvorium Rettlæted bygger, og

þaa

þá mege sía Sialdbwd Guds hia Mönnum, og hann mun hia þeim byggia eilijflega, 2. Pet. 3. Ap. 21. Fioorumsinnum nefner JEsus i þessum Ordum sinn himneska Fodur, sinn Gud, til ad auvijsa oss þá Ogrijpanlega sætu og yndesfullu Sameining, sem verda mun millum Guds og hanns Heilagra i eilijfu Lijfi, og hennar grunnlausu Stadfestu, epter hans guddoomlegu ypparsta Kennemans Bæn, Joh. 17. ad þeir sieu eitt, so sem Faderenn og hann eru eitt, hann i þeim, og Faderenn i honum, hann i Fodurnum, og þeir i þeim, so ad þeir sieu fullkomner i eitt. Hvad má vegsamlegra, fagnadarsamlegra og fullkomlegra uppfenkiast, sem þá Yfirburde Guds Vijsdooms og Goodgyrnes hefur, ad það er Mönnum Oransakanlegt Diwp? Rom. 11. Eja værum vier þar!

Hvor Eyru hefur, sá heyre, hvad Andenn seger Samkundunum. I þessu Sende-Bresi skyniast mier Ande Guds Orda JEsu Christi tale, sem er, Ande Helgunarennar. Siotta Astgiof H. Anda er Orde DRottens, hvorn Menn hafa ecke af sinne eigenn Natturu til ad bera, heldur fyrer Verkan H. Anda, og i því er innefalen, ad þeir hrædast ad styggia Gud med nockre Synd, og er jafnann med Elskunne til Guds blandadur, því þeir aptur á moot ástunda ad giora hanns Vilia, hann hatar

hatar hid Vonda, lijka sem Job fordadest Pad Vonda fyrer hann, Job. 11. Prov. 1. hann ver Syndenne, og Peir hann hafa, giora Pad sem Gude er Þocknanlegt, Syr. 1. 2. Peir gaunga i Helgunenne, sem i Endurfæding-unne, Rettlætingenne og Endurnyungenne veit-est, fyrer Verkan H. Anda, Þvi Peir vita Pad, ad an Helgunarennar kann eingenn ad sia DRottenn, Ebr. 12. I hvorre eingenn fraũgengur utaũ sa sem Ottast og elskar Gud; A Þann Hatt wtmaalast sa Sofnudur, sem Þetta Sende-Bref er tilskrifad, med Þvi honum er noog ad hallda Þvi hann hefur, og fa Þar med hallded Lijfsins Koronu, ad hann so stioornest af Guds Anda, hann gaunge i Helgunenne, og hafe Þar fyrer ad vænta Guds Anglit ad sia i hanns Mustere, og hanns Barn og Erfinge ad kallast, hvad ei kann ad skie, utann fyrer Verkan H. Anda.

O HErra JEsu Christe! Veit oss, fyrer Þinn Anda, ad óttast Þitt Nafn, og Þier so ad Þióna, fyrer Þinnar Elsku Saker, ad vier, sem stỏduger Stólpar, i Mustere Þins Guds, med Þinu nỹa Nafne prỹdder, eilifflega sognum, A M E N.

VII.

Sende-Bref,

Til

Safnadarenns

Í

LAODICEA.

Apoc. Cap. III. v. 14 - 22.

Og þeim Engle Samkunduñ-ari Laodicea skrifa þu: Þetta segir Amen, trúr og sañarlegur Vottur, hvor ad er Upp-haf Skepnunnar Guds. Eg veit þín Verk, þad þu ert hverke kalldur nie

nie heitur, eg kiøre þu varer annadhvort heitur eda kalldur, enn med þvi þu ert volgur, og hvorke kalldur nie heitur, mun eg útskirpa þier af minum Munne. Þviad þu segier: Eg em ríkur, og hefi ølldúnges nóg, og þarf einkis, og þu veitst ei þad þu ert vesæll og aumur, og voladur, og blindur, og fatlaus. Eg ræd þier, ad þu kauper Gull af mier, þad i Elde er hreinsad, so þu audugur verder, og hvít Klæde, hvoríum þu iklædest, so ad ei augljósist Vanvirding þíns Fatleysis, og smyr þín Augu, med Augna-Smyrslum, so ad þu siáer. Hvoria eg elska, þá straffa eg og typta, þvi vert kostgiæfinn, og giør Idran. Siá! eg stend fyrer Dyrum, og klappa uppá, ef nockur heyrer mína Rødd, og upplýkur Dyrunum, til hanns mun eg

inngánga, og Kvolld-Verd med hónum snæda, og hañ mz mier. Hver yfirvinnur, honum mun eg gefa med mier ad sitia á minum Stóle, líka sm̃ eg yfirunned hefi, og seted med minum Fodur á hanns Stóle. Hvor Eyru hefur, sá heyre hvad Andeñ seger Samkundunum!

Utskijringen.

Og þeim Engle Samkundunnar i *Laodicea* skrifa þu. Laodicea var Borg i Landenu Caria i hinne minne Asia, nælægt Landeinu Phrygia; (Til Safnadarenns i henne hefur Postulenn Paulus skrifad eitt Sende-Bref, hvort hann skipad hefur einnig lesast skyllde hiia þeim i Colossis, líka sem þad hañ þeim tilskrifade, skyllde hiia þeim i (*) Laodicea lesast, Col. 4. v. 15. þo þad sama sie nu hvorge

ad

(*) Col. 4. v. 15. Til Laodicea leggia sumer út: Frá Laodicea, og segia Postulenn meine til 1 Pist. til Tim. (sjá 1 Tim. 6. v. 21.) enn hañ hafi ei neiñ Pistil til þeirra i Laodicea skrifad; Mun sú Utlegging og rettare.

ad finna, so Menn vite) Nafn þessarar Borgar, wtleggst: Hid rettvijsa Foolk, edur Stadur hinns rettvijsa Foolksens, hvad tileinkast kann hinne siounndu og sijdurstu Christnennar Tijd, sem, ef ei er allareidu komen, þo samt teken til ad laata sig merkiast af hennar Kennemerkium, og ad eins Okomen og harla nealæg; A hvorre flester i Christneñe þykiast vera hid rettvijsa Folked, og sanntrwud Guds Born, þo misg miked auante, þvi þau verda Menn audlega drambsamer, siervitrer og siergooder, retter Pharisæar þeirra Tijda, og þeim hiner lijkustu Hræsnarar, setiande sitt Traust uppa wtvortes Guds Pionustu, og sijna Skinhelge, þo Hiartad og sar innre Madurenn sie laangt fraa innvortes saunre Guds Dyrdkan, meinande sialfa sig þar fyrer i Gude rijka vera, og þad þeim sie eckert abootavandt, og þesser laata sier þykia, eins gillde hvor Trwarbrogd þeir jaata og sig tilhallda, og þau sieu oll eins good og Gude þægeleg, sem Israelitar fordum, er þeir lietu smijda Gullkalfana, hvorra Hattalag framar verdur wtmaalad i þessu Sende-Brefe, hvar fyrer hvor einn mar þenkia, þad i þvi er, sie rett eigenlega til sijn talad, og skyllde þvi gaumgiæfilega sialfañ sig ransaka og vel adgæta, hañ faye epter Christi Keñingu sem i þvi er framsett, þad afraaded sem til hanns Fridar heyrer, so hann verde fry fraa hootudu Straffe, enn fyrerheitenna Naadar-Launa niootande.

Þetta seger, Amen, trúr og sannarlegur Vottur, hvor ad er Upphaf Skiepnunnar Guds. Amen er Hebreskt Ord og þyder sannarlega, þad kallar Guds Sonur sig, þad hefur hann optlega brwkad fyrer Eidsform i Evangelio, til ad stadfesta med sinn Sañleika, þegar hann hefur svared vid sialfann sig, med því eingenn var ædre til, er hann kynne vid ad sveria, sem sialfur er Sannleikurenn, Joh. 14. Med soddann Eide, stadfester hann Sannleika þessa Sende-Brefs Orda, hvar med þeim tillegst stoor Myndugleike, til þess epter þeim sie teked, og þaug sieu meten sem Guds Ord, lijka sem Spæmennerner optlega segia: So seger DRottenn; Hvar fyrer med þessu er keñt, ad Sofnudurenn skule ecke Mannanna Ord medtaka, til ad haga sijnum Trwarbrogdum epter, helldur hanns alleina, sem er sa sanne DRottenn, so sem Postulenn seger: Þier erud med dyru Verde keyptir, gioreſt ecke Þrælar Mañanna, 1. Cor. 7. Framar seger hann Ordsokena, hvar fyrer hann sig so kalle, og wtleggur þetta so, ad hann sie trwr og sannarlegur Vottur, i hvors Munne ecke eru Svik, 1. Pet. 2. og i Sannleika, vitnar uñ Guds Leyndardooma og Mannanna Athafner, Joh, 8. 18. Og i hvorium oll Guds Fyrerheit ern Ja og Amen, 2. Cor. 1. Upphaf Skiepnuñar Guds segest hann einnig vera, því fyrer hann eru aller Hluter giorder, Joh. 1. Col. 1. DRottenn

hafde

hafde hann hiia sier i Upphafi sinna Vega, fyrr enn hann nockud giorde, og þa hann lagde Jardarennar Grundvoll, var hann Verkmeistare hia honum, Prov. 8. Hann er hinn fyrste ad Virdingu, af Guds Skiepnu, epter uppateknum Mañdoome, og Frumburdur hiña Daudu, Apoc. 1. fyrer sijna Uppriſu og Jungaungu i sijna Dyrd, þar med Upphaf til hins tapada gamla Manns Endurskickunar, ad hañ nyr og hialplegur yrde, og fyrst hann er soddann Upphaf, hlijtur oll Skepnan honum undergefen ad vera; So wtmaalast hann af sijnu Spaamannlega Embætte, og baadum sijnum Naatturum, hvar med adgiætnesverdt er, þad hann talar uñ Sannleikann sierdeileslega, eins i þessu Brefe, sem þvi nærsta fyrer framann, til þess eingenn dyrfast skule, hañs Ordum i þeim ad mootsegia hvad þeir, sem af honum er hroosad, kunna ad giora af Lijtelæte, þo þeir huggest vid þaug, og þeir af Drambseme i sijnu Hiarta sem aavijtader eru, þo þeir sieu þar med til Ydrunar kallader, viliande hana ei giora, hvorier vijst vite þad hann þecker þa betur enn siaalfer þeir.

Eg veit þin Verk, þad þu ert hvorke kalldur nie heitur, eg kiøre þu værer annadhvort heitur eda kalldur, enn med þvi þu ert volgur, enn hvorke kalldur nie heitur, mun eg útskirpa þier af minum Muñe. Straung er sw Stroffun, Avijtan og Hootun, sem þesse

Sofnudur fær hiea Christo, er segest þeckia hañ, so og hanns Verk, ad hann sie hvorke kalldur nie heitur, heldur volgur, hvar fyrer hann mune skirpa honum wt af sijnum Munne, hvad Fyrersøgn er uñ Astand hiñar sijdustu Heims-Tijdar Christne, i hvorre marger munu ad sønnu kallder verda, fæer heiter, enn þo fleirster volger i Gudræknennar Ydkun, hvad ei var so a þeim fyrre Tijdum, þa fleirster voru heiter og alvorugefner i Trwnne; Kallder kallast þeir, sem eru gudlauser, vantrwader og ydrunarlauser, eckert skeitande uñ Guds Verk, hanns nie Næunganns Kiærleika, og soleides fyrer utann Christum; Heiter kallast þeir þar a moote, i hvorium Trwen verkar heitañ og breñande Kiærleika bæde til Guds og Næunganns, og Stodualeik i Guds Þioonustu, so þeir eru glooande i Andanum DRottne þioonande, Rom. 12. Enn volger kallast þeir skinheilogu Hræsnarar, sem syna sig wtvortes, eins og være þeir trwader, enn eru þo hid iñra Trwarlauser, hvorra Kiærleikur koolnar, af þvi Næanglæted yfirgnæfir, so sem Frelsarenn seger uñ Foolk þeirra sijdurstu Tijda, Matth. 24. og þo þeir brwke Orded og Sacramenten, hafa þeir þad i lijtille Virdingu, og eins lijka gudrækeleat Framferde, þeir halltra a bædar Sijdur sem Baals Prestar, 1. Reg. 18. ad nockru Leite Gude þioonande, ad nockru Heimenum, ad nockru Christo, ad nockru Antachristenum, elskande med Orde og Twngu sijna

na Brædur, enn ecke med Verke og Sannleika, 1. Joh. 3. segiande: Herra! Herra! enn ei giorande Vilia Fodursins, Matth. 7. Ei er furdannlegt Guds Sonur vilie þeir være helldur heiter, vegna hanns fullkomnu Elsku til Mannaña, ad þeir mættu hiælpast, eñ hvar fyrer mun hañ kioosa þeir være helldur kallder eñ volger? Vegna þess hañ veit þeim kolldu er meire Hiælpar Von, so þeir kunna uñ sijder ad giora alvarlega Idran; Enn þeim volgu sem meina sig fullgooda, so þeir þurfi ecke Yfirbootar vid, epter þvi sem Salomon seger, Prov. 26. Sianer þu þann sem hyggenn þykest, þa er meire Von a Heimskum enn honum, og siælfur JEsus seger uñ Pharisæana og þeirra Lika, sem eru þesser: Matth. 21. Sannlega sege eg ydur, ad Tollheimtumenn og Pwtur, þad er, Skalkar og Skækiur, mega fyrre iñkomast i Himnarijke enn þier. Þessum hootar hann ad wtskirpa af sijnum Munne, þvi so sem Hræakenn, sem er volgur, og samanndregst af Ohreinum Vessum, hefur ecke læanga Dvol i Lijkamanum, helldur verdur honum snarlega wtspytt, so sieu þeir ad hanns Doome nockurskonar Ohreinende, i hañs andlega Lijkama, sem ecke fæe þar lenge vidstadest, nie i þa himnesku Jerusalem innkomest, i hvoria eckert Ohreint mai innkoma, Ap. 21. helldur verde þeim wtspytt, og med Hræsnurum Laun gefinn, þar sem vera mun Op og Tannagnijstrau, Matth. 24. Þetta er af vorum Frel-

sara sagt oss til Vidvorunar, ad vier ransokum hvort thad oss ei tilheyre, og finnum vier thad so vera, ad vier thá siáum oss vel fyrer og giorum Idran.

Thviad thu seger: Eg em ríkur, og hefi ølldúnges nóg, og tharf einkes, og thu veitst ei, thad thu ert vesæll og aumur, og voladur, og blindur, og fatlaus. Kenemerke Hræsinaranna er thad, ad their eru ecke riettelega og vel andlega volader, heldur illa, og thar fyrer ecke sæler, nie Gude thecker, Matth. 25. Helldur segia their og meina sig rijka vera i Gude og andlegum Giædum, so ei thurfi thar á ad bæta, og stæra sig thar af, hvar fyrer their audmykia sig ecke fyrer Gude, sem mootstendur Dramblætum, enn alleina Lijtelætum Nád gefur, 1 Pet. 5. Mikel og hornuleg er Blindne Mannanna, sem ecke theckia sijna Eymdar Vesølld, hvorsu their eru fyrer Gude aumlega á sig komner, mikel er einnig Giædska JEsu Christi, sem i Heimenn er komenn, til ád giora bæde thá lijkamlega og andlegu Blindu siáande, Joh. 9. og kena theim ad theckia sijna Eymd, so their leite ad Hialp og Lækning thar á moote, og verde læknader, annars vita their ecke thad their eru vesæler, særer og siwker, Es. 1. thad their eru aumer og aumkunarverder, bæde fyrer sier og odrum, thad their eru fætæker, hafande Skort á ollum andlegum og himneskum Audæfum, lijka thó their sieu rijker af Heimsens Fie, thad their eru blinder i andleg-

um

um Hlutum, sem Pharisæi, Matth. 23. og þad þeir eru nakter, sem Adam og Eva, og mega fyrer Gude skamast sijn, Gen. 3. og þenkia ei duge þeim Hræsnennar Laufblod til ad skyla med sinne Blygdan; Mjog hrædest eg fleirster mune, i fleirstum Sofnudum, ad þessum Dogum þvilijker vera, og eg einnenn i þeirra Tolu; Lætum þar fyrer, aumar Manneskiur, allt Dramb fara, hornum yfir vorum Vesoldum, Jac. 5. þiggium med stærsta Lijtelæte, og hofum þau goodu Rad vors Frelsara JEsu, til Lækningar og Hialpar moote ollum vorum Eymdum og Meinum, og bidium þann gooda H. Anda, ad gefa oss Krapt til ad fa þaug riettelega brwkad, so vier verdum ecke ad eilijfu hialparlauser og Olæknader.

Eg ræd þier, ad þu kauper Gull af mier, þad i Ellde er hreinsad, so þu audugur verder, og hvit Klæde, hvorium þu iklædest, so ei auglysist Vanvirding þins Farleysis, og smyr þin Augu med Augna-Smyrslum, so ad þu siáer. So þær færaadu Manneskiur verde ecke olldunges raadlausar og uppgefnar, rædur sa undarlege himneske Raadgiafi, Es. 9. JEsus, þeim, ad kaupa Gull af sier, og hvijt Klæde, og smyria sijn Augu, so þeir auduger, vel-klædder og siaande verde; Fyrer þetta Gull sem i Ellde er hreinsad, og hann rædur þeim asamt med Klædunum af sier ad kaupa, þad er,

hia

hiaa sier ad fa aan Peninga, og fyrer alldelles eckert, Es. 55. Þvi þeir hafa eckert ad borga þad med, hefur Thomas af *Kempis* gudrækelega skíled himneska Speke, sem alla veralldlega Hlute forsmaaer og under Fotum tredur, sierdeiles Veralldarennar Virdingar, Audæfi, Vellystingar og Giaalifi, enn eigennlega skilst fyrer þad, sw sanna, saaluhiaalplega, lifande, og fyrer Kiærleikann verkande Trw, sem i Ellde Mootlætingaña, Offooknanna og Freistinganna reyneft og hreinsaft, 1. Pet. 1. fyrer hvoria Menn audgaft i andlegum Dygdum, sem einnig fyrer þennann Elld reynaft, 1 Cor. 3. Fyrer þau hvijtu Klæden, skilst Rettlæte JEsu Christi, sem hann hefur Mønnunum med sinne Forþenustu afrekad, og þeir fa med Trwñe medteked, og hañs Sakleysi, hvoriu þeir epterbreyta og iklædaft, sem er þad retta Brwdkaups Klæded, er hañ vantade sem bodenn var til Brwdkaupsins, og Evangelium fræskijrer, Matth. 22. Hverier þvi eru klædder, þurfa ei ad blygdaft, helldur fa þeir, sem velklædder staded fyrer Guds Doome. Fyrer Augna-Smyrslen, skilst Guds Ord af Christi Munne wtgenged, hvor sem med þvi smyr sijns Hugskots Augu, verdur siaande og skiliande hvor ad sie Vilie DRotteñs, Eph. 5. i þvi sem hann aa ad triva og giora, hvad ed skedur, nær hann þad grandgæfilega ransakar. Þo ecke verde þesse Hiaalpar Medol af vorum Frelsara fyrer Fe keypt, edur med Verde, samt faaft þau

fyr-

fyrer Nædar-Medalanna rettelega Brwkun, hvor oss eru af honum i Hendur fengen, sem eru hanns Ord og Sacrament, og fyrer Trwarennar Bæn, nær Menn bidia hann i Anda og Sannleika, Joh. 4. og Fodurenn i hanns Nafne, Joh. 16. Þvi skyllde eingenn forsooma þesse JEsu Naad ad brwka med allre Kostgæfne.

Hvørla eg elska, þá straffa eg og typta, þvi vert kostgiæfenn og gior Ydran. Ordsokena hvar fyrer JEsus hoote Monnum Straffe, typte, ad vijte og aminne þa, seger hann ecke adra vera, enn sijna Elsku til þeirra, ad þeir ei tapest, heldur verde saaluhoolpner, so sem skrifad er: Prov. 3. Hvorn þann sem Drottenn elskar, þañ hyrter hañ, og hefur ai honum Pocknan sem Fader a Syne, þess vegna seger hañ: Vert kostgiæfenn og gior Ydran; epter þvi griska Orde heiter þad so: Vert vandlætenn, þad er, vandlæt med Alvorugefne uñ þijna Hræsnes-Trw, bæde vid þig og adra sem eins eru volger, uñ þeirra Trw, so bæde þu og þeir gisre alvarlega Yfirboot, giætum þvi þess sem Paulus seger þar uñ: 1 Cor. 11. Ef vier dæmum oss sialfer, þa verdum vier eige dæmder, enn nær vier dæmunst, þa verdum vier af Drottne typtader, uppa þad vier fordæmunst ecke med Heimenum, og lætum Elld þessa Guddomlega Kiærleika, vinna nockud a ad verma vor volgu Hiortu, og wr þeim Siælfs Elskunnar og eigenn

Hvoss-

Hroossens Agner og Hælm ad uppbreña, enn Elskuna til Guds ad upptendra.

Siá! Eg stend fyrer Dyrum og klappa uppá, ef nockur heyrer mina Rødd, og upplykur Dyrunum, til hanns mun eg iñgánga, og Kvølldverd med hønum snæda, og hann med mier. Minnesstæd vill JEsus þesse sijn Ord sieu Moynum, þvi seger hann: Siá! Af því hann kemur til þeirra ad fyrra bragde, annars komast þeir ei til hanns, og leitar sialfur, sem goodur Hyrder ad þeim tijndu Saudum, Luc. 15. Joh. 10. hann stendur fyrer Dyrum þeirra Hiartna, klappar uppa þær, og med sijnu Orde og Kallan sinne bidur sier Inngaungu i þeirra Hiartans-Hws, til ad veita þeim sijnar Nædar Gæfur, ef nockur heyrer hanns Rødd edur gefur Gaum ad hanns Orde, og lykur upp Dyrunum, þad er, mootstendur ecke H. Anda Kallan og Verkunum, heldur gefur þeim Rwm, so sem hanns Brwdur, hin sæña Christne, og hvor trwud Sal gierer og seger: Þar er Rødd mijns Vinar, Cant. 2. Minn Vin, hann kome i minn Alldengard, og neyte af hañs Edla Avoxtum, Cant. 4. Til þess hinns sama vill hann inngaanga med þeim Hætte, ad veita honum H. Anda Gæfur, og gefa honum Krapt epter Rijkdoome sinar Dyrdar, ad styrkiast fyrer hanns Anda, i hinum Innra Manne, so ad Christus bygge fyrer Trwna i hanns Hiarta,

Eph.

Eph. 3. og giore sier þar Vistarveru, Joh. 14. þar segest hañ villa Kvolld-Verdar med þessum Manne neyta, og læta hann einnig þad sama med sier giora, og þessu heiter hañ ollum þeim sem fyrer honum uppliwka, þar med syner hañ sinn stoora Kiærleika og Vinskap vid þa, lijka sem þeir ed so giora epter mannlegum Plagsid, og so sem hann synde vid sijna Læresveina, med hvorium hann sagde sig hefde af Hiarta epterlængad Kvolldmæltijdarennar ad neyta, Luc. 22. Kvolld-Verd þennann snæder hann med þeim i þessu Lijfi, og þeir med honum, þegar hann fagnar yfir þeirra Idran og Sælar Velferd, Luc. 15. enn þeir fa aptur Frid Samvitskunnar, og glediast af Von Sæluhiælparennar, Rom. 5. 12. enn i odru Lijfi, epter wtstadna Mædu þessara Lijfdaga, ad Kvollde Heimsins, hvors vegna hann Kvolld-Verd nefner, þegar hann sedur þa med Nægdar Gædum sijns Hwss, og dryckiar þa med Straumum Vellystinganna, Ps. 36. glediande sig yfir þeirra eilijfu Frelse, og þvi, hanns Forþenusta var þeim ecke til forgefins, einnig þegar hann virder so vel þeirra Verk, sem i Trwnne giord eru honum til Dyrdar, ad hann lætur ecke kalldann Vatns-Dryck Olaunadann, lijka sem hann være honum gefin, Matth. 10. helldur launar hañ med sijna Gæda, bæde lijkamlegra, andlegra og eilijfra Veitingum; Þesse miñelega JEsu Christi Nadar-Gædska, ætte oss til Hiarta ad gænga, og til sañarlegrar Idrunar ad uppvekia. Hvor

Hvør yfervinnur, hønum mun eg gefa med mier ad sitia á minum Stóle, líka sem eg yferunnet hefi, og seted med minum Fødur á hanns Stóle. Hvad kann ad samlijkiast edur jafnast vid Giædsku vors Frelsara JEsu Christi, sem auglyseſt i þessu Sende-Brefi? Því fyrst kennir hañ þeim vesælu Mannanna Bornum ad þeckia þeirra stooru Eymd; Þar nærst Raadenn til ad frijast fra henne; Þessu nærst, ad hann hyrte þaug og auminne af einskiærre Elsku, so þaug brwke hanns Raad. Auk þessa hvorsu innelega Elsku hañ vill þeim audsyna, og þa adstoda, sem hanns Raadum hlijda; og loksens fyrerheiter hann þeim Ometannlegrar Dyrdar Launum, sem med hønum, er sialfur yferunnet hefur, og fyrer hann, alla hañs og þeirra Ovine yfirvinna, því so sem hann hlaut fyrst ad strijda og lijda, og inngaanga so i sijna Dyrd, so byriar þeim ad beriaſt goodre Baraattu, og inngaanga i Guds Rijke, 2 Tim. 4. Act. 14. Israels Born maattu lenge strijda moote þeirra Ovinum, adur enn þaug fengu ad komaſt til þeirra Hvijldar, inn i þvi fyrerheitna Lande, Num. 31. Devt. 2. 3. Jos. 6. 8. 10. 11. 12. Guds Born hliota ennig ad beriaſt vid Drekann og Dijred, og þeſs Mynd og Teikn, Ap. 12. 15. vid Diofulenn, Antachristeñ, Heimenn og Syndena, adur enn þau sa inngenged i Guds Hvijlld, Ebr. 4. i þeirra himneſka Fodurlande; Þeim þannig yfirvinna, lofar hañ

ad

ad gefa þæm yfirvættes stooru Dyrd, ad þeir skule sitia med sier æ sijnum Stoole, lijka sem hann sitie med sijnum Fodur æ hanns Stoole, þad er, ad lijka sem hann epter sijnum Manndoome sie so upphafinn, ad hañ sie i Guddomsins Samfielag inntekenn, sitie til hægre Handar Guds sijns Fodurs, og stioorne med honum ollum Hlutum æ Himne og Jordu, Eph. 1. so mune hann upphefia þæ, ad lijka sem hann sitiande æ Stoole sinnar Tignar Heimenn dæmer, so skule þeir hañ med sier æ Stoole sitiande dæma, Matth. 19. 1 Cor. 6. og lijka sem Himenenn sie sinn Stooll og eilijft Sæte, Es. 66. so skule þeir þar med sier eilijft Sæte, og so sem Kongar og Kennemenn dyrdarsamlegann Bwstad hafa, Ap. 1. epter þvi hann lofad hefur, ad hvar hann er, þar skule hanns Þenare vera, Joh. 12. So sem Owtrædannlegur er Nijkdoomur JEsu Christi Dyrdar, so sem Oyfirvinnannlegur er hanns Mættar Styrkleike, so sem Oraskannlegur er hanns Orda og Fyrerheita Sannleike, so er Ouppausannlegur Brunnur hanns Nædar og Giædsku, sem alldrei verdur af hañs trwudum Bornum uñ alla Eilijfd uppausinn, jafnvel þo hanns Reide verde þæ Ostillande, yfer þeim Vantrwudu, sem ecke hafa æ Nædarennar Tijma Idran giort, og þeim Obæreleg; Hlaupum þvi hvor med odrum epter hañs Nadar Fyrerheita eilijfum Dyrdar Hnossum, so vier fæum þær odlast, komum og uppausum med

Fagnade Vatned wr þessum Hiálprædesins Brunne, Es. 12. og hvor hann þyrster, sa kome, og hvor ed vill, sa medtake Vatned Lijssins gefins, og fyrer eckert, Ap 22. hvort þeir aller ødlast sem sa epterfylgt Polemmæde og Trw Heilagra, Ap. 14. hvar til Gud gefi oss Styrk sijns Nadar Anda, fyrer JEsum Christum.

Hvør Eyru hefur, sá heyre, hvad Andenn seger Samkundunum. I þessu Sende-Bresi rædst nier Ande Sætleiks Jlms JEsu Christi tale, sem kallast Ande Bænareñar, Zach. 12. Siounda Astgiof H. Anda er Offur Sætleiks Jlms fyrer Gude, sem er gudrækeleg Bæn, hvort Offur H. Ande keñer Monnum og tilhiálpar Gude ad færa, so honum verde þad þocknanlegt og til Sætleiks Jlms, þvi vier vitum ei hvors edur hvornig vier eigum ad bidia, so honum vel adgedieſt, þess vegna hiálpar H. Ande voru Maattleysi, og bidur sialfur fyrer oss med Oumrædelegum Andvorpunum, Rom. 8. so Gude lijke vorar Bæner; Petta Offur var fordum fyrermyndad med Reykelsis Offrum þess Gamla Testamentis a þvi gullega Altare, Ex. 30. Levit. 6. 16. hvert Altare JEsum fyrermyndadr, i hvors Nafne vier bidia eigum, Rom. 14. 16. þvi kallast Bæner Heilagra, Reykelsi, Englunum fenged til þeirra Bæna, Ap. 5. 8. þvi þeir flytia þær fram fyrer Gud, þo hann þær vel sialfur heyre, og þess ei

vid-

vidþurfe. Eingenn hefur þvilijka Foorn so þæga Gude fært, og til þvilijks Sætleiks Jlms, sem sa eilijfe ypparste Kiennemadur, hins nya Testamentis, hanns Sonur JEsus Christus, er a Dogum sijns Hollds offrade honum sijnar Bæner, med oflugu Kalle og Tarafollum, Ebr. 5. hvar med hann einnig hefur bætt fyrer vorn Bæna Brest. H. Ande kenner i þessu Sende-Brefe, hvorsu miked Monnum ligge a heitra og gudrækelegra Bæna Ydkan, ei sijdst a hiñe sijdurstu Heimsens Tijd, a hvorre flester eru skadlega volger i Guds Dyrdkan og Þioonustu, þvi med hvorju saum vier keypt Gull og Klæde af Christo, odru, enn ad sa þau gefens af einskærre Nad fyrer trwada Bæn, hvoria vier megum ei vanta læta, skulum vier sa umsiwed eilijfar Ofarer.

O HErra JEsu Christe! Vier vilium heyra þina sætu Rødd, og uppliúka Dyrum vors Hiarta fyrer þier, lát einnig fyrer Fulltinge þins Anda, vora Bænar-Rødd so sæta fyrer þier verda, ad þu uppliúker fyrer oss Dyrum Himnarikes, og unner oss, þar á Stólum i Brúdkaupe Lambsens Kvølldmáltídar, eilisiega ad sitia, fyrer sialfs þins Saker, Amen.

Kiðurlaged.

Í Utskijringu þessara sio Sende-Brefa, hef eg bored vid ad syna, hvernig þau kome saman vid sio Astgiafir H. Anda, þvi vil eg framar bera vid ad syna, hvorsu allar þær sio Siosunder gudlegra Verkana, sem i Inngangenum er usngeted, hafi Samkomulag sijn i millum, hvad eg sierdeiles bygge a nockrum Greinum, vr eins Guds Manns Trúarjátningu, sem lifad hefur a nærstlidene Olld, er so hlioода

Hin sanna christelega Trú þecker, ákallar og dyrkar einn sannann Gud, sem er Fader, Sonur og H. Ande, þriár adgreindar Persónur i einnre guddómlegre Veru, jafnrar Eilifdar, Hátignar og Dyrdar. Vier trúum ad Himenenn sie fyrer Ord DRottenns giordur, og fyrer Anda hanns Munns allur hanns Her, Ps. 33. Vier hofum þeckt i Trúnne, ad Faderenn verke allt fyrer Sonenn, fyrer hvorn hann hefur einnig Verolldena giort, fyrer hvorn aller Hluter eru skapader syneleger og ósyneleger, og i hvorium aller Hluter standast, enn þeir báder fyrer H. Anda. Vier trúum, ad þrir sieu þeir sem Vitnesburdenn gefe á Himne, Faderenn

Ord-

Orded og H. Ande, og þeir þrír eru eitt, 1. Joh. 5. Vier trúum ad Gud Fader hafe smurt sinn Son med Gledennar Vidsmiøre H. Anda, til ad predika þeim Harmþrúngnu, Þs. 45. Vier trúum ad Faderenn tale til vor fyrer Sonenn, enn þeir báder fyrer H. Anda, Ebr. 1. Vier trúum ad Gud Fader verke og uppkveike i vorum Hiørtum, Trúna á Sonenn fyrer H. Anda. Vier trúum ad eingenn komeſt til Sonarens, nema Faderenn drage hann fyrer sinn Anda, Joh. 6. Vier trúum ad eingenn komeſt til Fødursens, nema fyrer Sonenn, og eingenn komeſt til Sonarens, nema fyrer H. Anda, Joh. 14. Vier trúum ad Faderenn verde ecke þeckter nema fyrer Sonenn, og Sonurenn verde ecke þekter nema fyrer H. Anda. Vier trúum ad Nád Fødursens fáeſt ecke nema i Synenum, sem er Nádarennar Stóll, og Náden tilcinkeſt ecke nema fyrer H. Anda. Vier trúum ad øll Nád og Myſkun allrar Huggunar kome til vor af Fødurnum i Synenum, og fyrer hann, sem er vor Medalgángara, og Fyrerbónar Madur fyrer H. Anda. Vier trúum ad Fader Liósens upplyſe og helge oſs i Synenum sem er vort Liós, og i hønum sem er vor Helgun fyrer H. Anda. Vier trúum ad Faderenn elſke oſs hiartannlega i sínum elſkulega Syne, og úthelle sínum Kiærleika i vor Hiørtu fyrer H. Anda. Vier

trúum ad Nád vors DRottenns JÆsu Christi Guds Sonar, Kiærleike Fødursens og Samteinging H. Anda, sie alla Tíma med oss, 2. Cor. 13. Vier trúum ad Faderenn hafe teked oss til sinna Barna i sínum elskulega Syne, lenn innsiglad Barna-Rettenn med H. Anda, Eph. 1. Vier trúum ad Faderenn i sínum Syne, hafe útvaled oss til Erfingia eilijfs Lijfs, og þennann Arf hafe hann stadfest og stødugann giørt med Pante og Trygda Fiesiód H. Anda. Vier trúum ad Gud Fader hafe sendt Anda sijns Sonar i vor Hiørtu, kallande: Abba elskuleghe Fader, uppá þad hann gefe Vitnesburd vorum Anda ad vier sieum Guds Børn, Gal. 4. Rom. 8. Vier trúum ad Faderenn sie, i Christo, og Sonurenn i Fødurnum, og þeir báder fyrer H. Anda, sameinest vid oss og búe i vorum Hiortum, Joh. 17. Vier trúum ad Sonurenn sende H. Anda af Fødurnum, só ad hann leide oss i allann Sannleika, og vitne bere umm Christum, og auglyse hann, Joh. 15. 16. Vier trúum ad vier fyrer Sonenn høfum Adgáng til Fødursens, i Andanum. Vier høfum þekkt i Trúnne og trúum ad Faderenn án Sonarens, og þeir báder án H. Anda, kunne ecke riettelega og sannarlega ad dyrkast og ákallast. Vier trúum aldeiles fastlega, ad Faderenn tilbidiest ecke øduvís enn fyrer Sonenn i H. Anda.

Vier

Vier høfum þekkt i Trúnne, ad sierhvør ein Persónan i H. Þrenningu, Gud Fader, Sonur og H. Ande, ákallest út af fyrer sig, því þær eru einnrar guddómlegrar Veru, Hátignar, Almættes og Dyrdar. Vier trúum støduglega, ad Faderenn i Synenum og Sonurenn i Fødurnum fyrer H. Anda, verde þeim Utvølldu allt i øllu.

Af þessum Greinum, og fleire þvilijkum i Guds Orde er audsied, ad guddoomleg Verk og Verkaner Guds Naadar, til Uppbyggingar hans Christne, hafi Sameining og Samkomulag sijn i millum, medal hvorra eru ædurgreindar Siø-under, sem mier sjnest samankoma, og eg med færstu Ordum vil Grein a giora, a þañ Hatt sem epterfylger:

I. Siøunden.

1. Líka sem Gud skapade þann fyrsta Dag, Liós-ed, so þurftu þeir JEsum krossfestu og hann bad fyr-er, Liós gudlegrar Þeckingar vid, so ávísudu Myrk-uren þá JEsus píndest, ad Gydingar voru þess sama Liós þursande, so er þar Guds Náðarliós sem hans Nasn helgast, so dugde ecke Mariu Náttúruñar Liós til ad skilia Engelsens Bodskap, og þvi mátte hun spyria epter ædra Liósi, so eru JEsu Ord Liós vorra Vega, og so uppkveiker H. Ande Liós Trúarennar i vorum Hiørtum.

2. Líka sem Gud skapade þann annann Dag Himensens Festingu, so losade Guds Sonur Næningtanum Vist á Himnum, so sýnde Fortialdsens Sundurrisnan, opnadann Inngáng i Guds himneska Helgedóm, so er Guds Ríke himneskt, so verdur þeim epter gudlegum Ordum sem i þad komast, so vísa JEsu Ord Vegenn þángad, og so styrker oss H. Ande til ad gánga þann Veg.

3. Líka sem Gud skapade Jordena þann þridia Dag, so sá JEsus sinne Módur fyrer Lífs Næringu á Jordunne, so skalf Jorden vid sins Skapara Dauda, so vill Gud sinn Vilie verde, so á Jordu sem á Himnum, so eigum vier ad óska Góds vorum Brædrum á Jordunne, so kienna JEsu Ord, hvornig vier skulum verka vora Sáluhiálp á Jordunne, og so giefur H. Ande Rád þar til.

4. Líka sem Gud skapade þann fiórda Dag, Sól, Túngl og Stiornur, so þeinkium vier oss af Gude yfergiefna, skýne oss ei til Huggunar Riettlætesens Sól, so klosna Biorgen fyrer Sólar Hitann, so útleider Gud Brauded af Jordunne fyrer Sólarennar Varma, so á Gud ad miklast fyrer þvilík, og øll sín Verk, so kienna JEsu Ord oss ad þeckia hann, sem sialfur er Sól Riettlætesens, og so styrker oss H. Ande til ad fá þá Sól sied.

5. Líka sem Gud skapade þann fimta Dag, Fugla og Fiska, af Vatnenu, so skockver Vatned Þorskañ, og

gisr-

gisrer þá svalast, liettsæra, so verda uppriſner Menn liettsærer sem Fuglar, so sá þeir andlega Svslun, og verda i Samvitſkunne liettsærer sem Fuglar úr Snørru sloppner, sem Syndernar eru syrergiesnar, so líka þeir sem leita harmþrúngner ad JEsu vid hanns Fund, so hugsvala oss JEsu Ord, og so Upplýſing H. Anda.

6. Líka sem Gud skapade þann siøtta Dag, Dýr Jardarennar, og sídaſt Mannenn, og fullgiørde so Skøpunar-Verked, so fagde JEsus fullkomnad Endurlausnar Verked, so fullkomnadest þess Kraptur i Umvendan Hundrads-Høsdingians, so sá þeir Freistudu syrer hann fullkomenn Sigur, so uppfyller Gud alla vora Naudþurft epter sínum Dyrdar Ríkdóme i Christo JEsu, so eru JEsu Ord fullkomenn, og so fullkomnar H. Ande Helgunar Verked i oss.

7. Líka sem Gud hvilldest þann siøunda Dagen, og helgade hann, so hvilldest JEsu H. Sál i hanns himneska Fsdurs Høndum, so er vorum Sálum Hvílld búenn i JEsu opnudu Sídu, so hafa þeir Hvílld sem frelsaſt frá øllu Illu, so er Trúadra Sálna Hvílld, ad gisra það allt sem JEsus bídur, so fær Samvitſkann Hvílld i JEsu Ordum, og so vitnar H. Ande um þá Hvílld oss vissa.

II. Siøunden.

1. Líka sem JEsus bad syrer sínum Øvinum, so bidur hann, syrer þeim þurftugu Syndurum sem i

Myrkrunum eru stadder, so bidium vier ad Guds Nafn helgest medal vor, so bidur Maria um̃ Skilning gudlegra Orda, so eigum vier ad bidia um̃ Skilning á JEsu Ordum, og so giefur oss H. Ande Vitsku þar til.

2. Líka sem JEsus hiet Næningianum Vist i Paradís, so merker Fortialdsens Sundurrifnan, oss hana þar ætlada, so er þar Guds Ríke, so verdur þeim epter gudlegum Bodskap, er þar lenda, so eiñig epter JEsu Fyrerheitum, og so giefur H. Ande Nád þar til.

3. Líka sem JEsus sá sinne Módur fyrer Lífs-Biorg, so skielfast jardnesker Menn, nær hana vantar, so skulu þeir þo bidia Guds Vilie verde i því sem odrum, so eiga þeir þá odrum med sier Nátturuñar Giæda ad óska, so sem Náðarennar og Dyrdarennar, so vísa JEsu Ord Veg til allra Giæda, og so kienner H. Ande Nád til þang ad odlast.

4. Líka sem JEsus sagde sig af Gude yfergiefen, so vill þeirra Hiarta klofna, sem meina sig af Gude yfergiefna, so meina Menn þad þó, nær þá vantar daglegt Braud, so eiga þeir samt i soddann Preyningum Gud ad lofa, prísa hanns Forsión, og treysta hønum, so kienna JEsu Ord oss ad hafa Traust á Gude midt i Hormúngunum, og so styrker eg huggar oss H. Ande i þeim.

5. Líka sem JEsus sagde sig þyrsta, so hefur hañ útvegad Uppríséndum Heilsgum, himneskann Svala-

dryck

dryck, so andlegañ þeim Syndugu sem þyrster epter Syndanna Fyrergiefning, hvar þeim miog sætt smackar, nær þeir sá hana, so fá þeir hann sem ad JEsu harmande leita, so einnig af JEsu Ordum, og so fyrer Upplýsing H. Anda.

6. Líka sem JEsus sagde fullkomnad Verk Mannkynsens Frelsunar, so sýnde Hundrads-Høfdingians Játning þess fullkomna Krapt, so sá Trúader fyrer þad á ollum Freistingum fullkomenn Sigur unnen, so sáum vier fyrer þad Bót á ollum Skorte, og fulla Nægd, so kienna JEsu Ord þad sama, og so helgar oss H. Ande i þeim Sannleika.

7. Líka sem JEsus fól sina Sál i sins Fodurs Hendur, so meigum vier leita vorum Sálum Hælis i JEsu opnudu Sidu, sem þar eru i Guds Hende, so erum vier þar frelster frá ollu Illu, so er JEsu Bod ad vier honum epterbreytum, so kienna oss JEsu Ord, ad treysta Gude, og so kienner oss H. Ande vorn himneska Fodur ad bidia.

III. Siounden.

1. Líka sem Myrkur giordust yfer allt Landed, þá Guds Sonur píndest, so flýa þaug andlegu Myrkur þadann sem Guds Nafn helgast medal Mannaña, so líka frá þeim sem epter gudlegra Orda Skilninge grenslast, so burtdrífa JEsu Ord Myrkuren, og so Vitsku-ljós H. Anda.

2. Líka

2. Líka sem Fortialld Mustereſens i Jerusalem rifnade sundur vid JEsu Dauda, so lidugur Jngángur opnadest i Helgedómeñ, so er fyrer hann upploked Guds Ríke, og lidugur Jnngángur veittur i Guds Helgedóm, so skiedur pad epter gudlegu Orde, so vísa pad JEsu Ord, og so vísar H. Ande par til Vegeñ.

3. Líka sem Jorden skalf vid JEsu Dauda, so er Guds Vilie vier skálfum af Tilfinningu vors Overdugleika, so á hvor ódrum vegna Guds Ottra Fridar ad óska, so eigum vier JEsu Hótunar Ord ad hrædast, og so rædur oss pad H. Ande.

4. Líka sem Bjorgen klofnudu vid JEsu Dauda, so eiga vor Hiortu ad knosast af Kiærleika til vors pursande Náúnga, honum Braud ad giefa fyrer Guds Saker, so einnig af Kiærleika til vors Guds, hann ad vegsama, so kienna JEsu Ord Kiærleikann, og so huggar oss H. Ande med Guds Kiærleika.

5. Líka sem Grafer Heilagra, upplukust vid JEsu Dauda, so uppliúkast fyrer hañ, vorar Synda-Grafer, ad vier sáum úr peim uppriſed, so skiedur pad, nær vier harmprúngner leitum ad JEsu, so fyrer JEsu Ord, og so fyrer Upplýsing H. Anda.

6. Líka sem Hundrads-Hofdingenn snereſt vid JEsu Dauda, so verda fyrer hann sigradar Freistingarnar, so snýst fyrer hann vor Hrygd i Glede, so snúast Menn vid JEsu Ord til betre Vegar, og so fyrer Helgun H. Anda.

7. Líka

7. Líka sem af JEsu Sídu epter hanns Dauda opnadre, útrann Vatn og Blód, so frelsast þeir frá ollu Illu, sem riett brúka þar med teiknud hans Sacramenta, so er þad epter hanns Skipan, so eru þvi ønnur JEsu Ord samhlióda, so fæst þad med Bæneñe, er Menn bidia Gud þar um̃ i Anda og Sannleika.

IV. Siøunden.

1. Líka sem vier bidium ad Guds Nafn helgest, so helgast þad, nær spurt er epter hanns Orda Skilninge, nær JEsu Ord kiennast, og so fyrer Verkan H. Anda.

2. Líka sem vier bidium, ad Guds Ríke kome, so kemur þad, nær oss verdur epter gudlegu Orde, so nær JEsu Ordum er hlýdt, og so nær H. Ande gefur þar Nád til.

3. Líka sem vier bidium ad Guds Vilie verde, so verdur hann, nær vier óskum Góds Mønnunum, so nær vier ihugum JEsu Ord, og so nær vier førum ad Náðum H. Anda.

4. Líka sem vier bidium um̃ daglegt Braud, so eigum vier fyrer þad Gude Lof og Packer ad gisra, so kienna þad JEsu Ord, og so Huggareñ H. Ande.

5. Líka sem vier bidium um̃ Syndanna Fyrergiefning, so eigum vier hennar med Angre ad leita, so kienna JEsu Ord, og so H. Ande.

6. Líka sem vier bidium móte Freistingunum, so þurfum vier ad kvarta fyrer Gude um̃ margfalldañ

Skort, so vidhiálpa oss þá JEsu Ord, og so H. Ande, nær honum er hlydt.

7. Líka sem vier bidium um Frelse frá Jllu, so fær þad hvor sem gierer þad JEsus bidur, so sáum vier þad nær vier vardveitum JEsu Ord, og so nær vier Gud þar um bidium i H. Anda.

V. Sigunden.

1. Líka sem Maria spurde um Skilning Engelsens Orda, so eigum vier um JEsu Orda Skilning ad spyria, og so gefur hann H. Ande.

2. Líka sem Maria óskade sier yrde epter Engelsens Orde, so eigum vier ad óska oss verde epter JEsu Orde, og so styrker þar til H. Ande.

3. Líka sem Maria óskade Góds sinne Frændkonu, so eigum vier epter JEsu Ordum, ollum vorum Brædrum ad unna og óska, og so rædur H. Ande.

4. Líka sem Maria mikiade DRott n, so keña oss Jesu Ord, ad giora hid sama, og so Huggareñ h. Ande.

5. Líka sem Maria leitade harmþrúngen ad Jesu, so keña oss JEsu Ord þad ad giora, og so H. Ande.

6. Líka sem Maria kvartade um Vínbrest, so fæst andlegt Glede-Vin i JEsu Ordum, og so i Helgum H. Anda.

7. Líka sem Maria baud ad giora allt þad JEsus býdur, so er þad JEsu Ordum samblióda, og so þarf ad bidia um Hiástod H. Anda, ad þad verde af oss vel framkvæmt.

Hver hañ, þykest tæpt standa, sá stydie sig vid þá sie Stólpa Guds Virkn Húss. Hver hañ lætur sier þykia þad hañ stande, gefi sá vel Gaum ad hañ falle eigi, 1 Cor. 10. Hver hañ vill hrósa sier, hañ hrósi sier af því hañ vite og þecke Gud, þad hañ sie Drotteñ sem gierer Miskunsemena, Dómeñ og Rettvísina á Jordu, Jer. 9. JEsus seger: sia, eg kem snarlega, og min Verdlaun medur mier, Andeñ og Brúdureñ seger: Já, kom DRotteñ JEsu, Ap. 22. Nád vors DRottenns JEsu Christi, og Guds Kiærleike, og Samtenging h. Anda, sie med oss ollum, Amñ.

Psalmur
um Himenríke.

Ton, Kiær JEsu Christe.

Ye mig ur-Pyrster, epter Himna Dyrd, par vænstu Vister, veitast Liossens Hyrd, þangad opt eg þræe, þiædur Heims i Rann, Synda so eg fæe, og Sorga flwed Bann, þangad kys ad komast eg, Christe lys mier þangad Veg, Osk mijn vijs er alvarleg, ad Kost hliote eg þann.

2. Svikræded særa, Sathans ei er þar, Illskan hans Ara, ecke snerter þar, Siwkdoomana Svide, sollenn eingann sker, af Offookna-Lide, eingenn hreifer sier, Synden eingenn særa kann, Sorg fræa Meinge burtu rann, Lijssens Geinge hefur hann, hvor þar komenn er.

3. Heilog Hækiæte, heyrest þar i Byggd, allt Epterlæte, oll Kiærleikanns Tryggd, Gud ad siea þann sanna, samt af ollu ber, ei slijkt Augad Manna, nie Eyrad merkte hier, Straumar Giæda stærstu þra, Stoole flæda Lambsens hiea, eingen Mæda þann fær þiea, þeim semækenner.

4. Yuded Hþenkta, inntekur mig þad, yfer allt skenkta, i Christi Bwstad, um Eilijfder allar, alldrei Gleden dvijn, þad mea þægast falla, þeim alfyrdtu Pijn, Lioose klædder liooma biart,

Lucku

Lucku glædder bera Skart, alls Ohrædder Erfda-Part, i rijkiande sier.

5. Fridurenn fagur, fylger keyptum Lijd, eilijfur Dagur, ædst Roosemdar-Tijd, stoor er þar Styrkleike, stoor Vitskunnar Nægd, Lyndes allt i leike, Lijfid fiñur Hægd, eg vil þreya þau uñ Stund, þar til hnegia mijna Lund, i Gude ad deya, goodañ Blund, gefst so epter Frægd.

6. Æ mig or-þyrster, epter þinne Naad, O Gud! og lyster, ad sia þitt Hiælpraad; Gud minn giædskurijke, Giæfu veit mier þau, eg aldreige vijke, Elsku þinne frau; Ad eg Sooma synge þinn, i Sælu Liooma tekeñ iñ, þar Æru hlioома Andsvoriñ, Engla Skara hiau,

A M E N.

H.38